**GUÐRÚN FEMA ÁGÚSTSDÓTTIR**

*Vinkonurnar ræða málin á hlaupum*

heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**PÁSKAR**

*Páskadúkar skapa stemningu*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON**

*Ekki með stúdentspróf*

Hefur sparað bestu spurningarnar

Fólk 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. mars 2008 — 70. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

**ÞRIÐJUDAGUR**

**Vilja kynna körlum bókakostinn**



Bókasafn Reykjanesbæjar er fimmtíu ára.

TÍMAMÓT 18

**Bubbi boxar á netinu**



Bubbi Morthens sendir ritstjóra Monitors tóninn eftir leiðaraskrif.

FÓLK 24

**Viddi klárar afaplötu**

Viðar Hákon Gíslason, gítarleikari Trabant, er að leggja lokahönd á nýja plötu með afa sínum, rakaranum Vilbergi Vilbergssyni.

FÓLK 30

**Ísland sigraði Portúgal**



Margrét Lára var á skotskónum gegn Portúgal í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÚRKOMUSAMT EYSTRA** í dag verða hægar austlægar áttir. Rigning eða slydda austan til en þó snjókoma til landsins. Úrkomulítið og bjart með köflum annars staðar. Hiti 0-4 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Yfir þrjátíu dópsalar teknir frá áramótum

**Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur kortlagt vel á annað hundrað fíkniefnasala í umdæminu. Frá áramótum hefur lögreglan tekið á fjórða tug fíkniefnasala. Þarf skipulagðar starfsaðferðir, segir lögreglan.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið á fjórða tug fíkniefnasala frá áramótum.

Lögreglan hefur unnið skipulega að öflun upplýsinga og við aðgerðir til að sporna við fíkniefnasölu. Hún hefur til að mynda kortlagt vel á annað hundrað einstaklinga sem stunda fíkniefnasölu og dreifingu, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildarinnar.

Sem dæmi um aðgerðir lögreglu gegn fíkniefnasölu má nefna að síðastliðið föstudagskvöld var farið í þrjár húsleitir í austurborginni og Breiðholti. Þar tók lögregla nokkurt magn af hassi, marijúana, kókaíni, sterum og LSD. Efnin voru í söluumbúðum. Höfð voru afskipti af sex einstaklingum.

Að sögn Karls Steinars hefur lögreglan frá áramótum kortlagt samtals 148 þekkta fíkniefnasala. Afskipti hafa verið höfð af 34 þeirra og fundust fíkniefni hjá þrjátíu. Málin þrjú sem upp komu á föstudagskvöldið eru angi af þessari kortlagningu lögreglunnar.

„Við erum að tala um mjög skipulagða starfsemi í dreifingu og sölu fíkniefna,“ segir Karl Steinar. „Til að sporna gegn þessari iðju þarf mjög skipulegar aðgerðir sem við teljum okkur nota. Við munum halda áfram með sama hætti.“

- jss



**ÞÚ MÁTT RÁÐA** Fyrri hluti minningarmóts um Bobby Fischer fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Friðrik Ólafsson naut aðstoðar Hildar Berglindar Jóhannsdóttur sem lék upphafsleikinn í skák gegn Vlastimil Hort. Friðrik sýndi henni mikið traust og fékk hún sjálf að ráða leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**JOHN FOGERTY** Kántrírokkarinn heimsfrægi.

Stórtónleikar í Laugardalshöll:

## Fogerty leikur hér á landi

**TÓNLIST** John Fogerty leikur ásamt hljómsveit sinni í Laugardalshöll í lok maí. Hann var aðalmaður Creedence Clearwater Revival, sem gerði lög á borð við Who'll Stop the Rain, Down on the Corner og Proud Mary. Fogerty leikur bæði lög frá Creedence-tímabilinu og sólóefni á tónleikunum hér.

Það er nýstofnað viðburðafyrirtæki Kára Sturlusonar og Gríms Atlasonar, Lifandi þjóð ehf., sem stendur fyrir tónleikum Fogertys, en þeir standa einnig fyrir tónleikum Erics Clapton í ágúst. Til að mæta gríðarlegri eftirspurn á þá tónleika fara tvö þúsund miðar til viðbótar í sölu í dag.

- glh / sjá síðu 30

Ríkisstjórinn í New York:

## Grunaður um vændiskaup

**BANDARÍKIN, AP Eliot Spitzer, ríkisstjóri í New York-ríki, er grunaður um að hafa nýtt sér þjónustu vændishrings sem var upprættur í síðustu viku. Upptökur náðust af símtali þar sem hann ákveður fund með vændiskonu.**

**Blaðið New York Times greindi frá málinu í gær. Spitzer kom í kjölfarið fram í fjölmiðlum og baðst afsökunar á hegðun sinni. Hann vildi þó ekki svara spurningum um það hvort hann hygðist segja af sér.**

- þeb

Gift fjárfestingarfélag í hópi stærstu eigenda Existu og Kaupþings:

# Félagið á mjög gráu svæði

**VIÐSKIPTI** „Þetta er allt á mjög gráu svæði. Gift á ekki að fjárfesta í einu eða neinu,“ segir Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður um Gift fjárfestingafélag sem stofnað var utan um eignir, skuldir og skuldbindingar Samvinnutrygginga í júní í fyrra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa stjórnarmenn Giftar rætt mögulega þátttöku félagsins í hlutafjárútboði á þrjátíu prósentum heildarhlutafjár Skipta, móðurfélags Símans. Útboðið hófst í gær. Gift er þriðji stærsti hluthafinn í Existu, stærsta eigenda Skipta.

Sigurður segir margt óljóst í kringum félagið. „Fyrst eiga menn að klára hver er eignarhlutur hvers og eins í Eignarhaldsfélagi Samvinnutrygginga. Síðan hefði átt að boða til hluthafafundar í Gift og fá það á hreint hverjir eiga það félag. Ég held að tryggjendur hjá Samvinnutryggingum fyrir tuttugu árum hafi ekki falið nokkrum framsóknarmönnum hvað ætti að gera við peningana.“

Stjórn Giftar skipa Guðsteinn Einarsson, Benedikt Sigurðarson, Helgi S. Guðmundsson, Sigurjón Rafnsson og Ólafur Friðriksson.

- mh/ sjá síðu 4

OPIÐ

til 20

alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP

Ein ferð betra verð






**SPURNING DAGSINS**



*Ottó, er þetta kannski farandbikar?*

„Það mætti frekar kalla hann konungsbikar því mér var sagt að hann hafi upphaflega verið ætlaður sem gjöf handa Kristjáni tíunda þegar hann kom hingað 1930.“

Ottó J. Malmberg var einn þeirra sem létu sérfræðinga Þjóðminjasafnsins skoða ættargripi um helgina. Ottó sýndi þeim forláta bikar sem flust hefur með fjölskyldu hans fram og til baka milli Danmerkur og Íslands.

Helstu hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja ræða bréf Samkeppniseftirlitsins:

# Leita sameiginlegra lausna

**VIÐSKIPTI** Helstu eigendur í Hitaveitu Suðurnesja ræddu í gær hvernig bregðast megi við andmælabréfi Samkeppniseftirlitsins. Þar kemur fram að ekki sé fallist á það að Orkuveita Reykjavíkur eignist 95 prósenta hlut Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnafjarðar, segir að í hluthafasamkomulaginu frá því í sumar sé gert ráð fyrir að leita sameiginlega lausna fari svo að samkeppnisstofnun geri athugasemdir.

„Það er það sem nú liggur fyrir enda eiga menn að standa við samninga,“ segir Lúðvík.



**RÆTT UM SÖLUNA** Guðmundur Rúnar Árnason bæjarfulltrúi og Lúðvík Geirsson ræða söluna á hlut Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja á bæjarstjórnarfundi í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir nokkurrar óánægju hjá OR um það hversu óskýrt álitið er og að ekki sé kveðið á um það hversu stóran hlut fyrirtækið geti átt í Hitaveitunni.

Í hluthafasamkomulaginu er gert ráð fyrir að OR eignist 16,5 prósent af hitaveitunni en hlutur Hafnarfjarðar yrði þá 15,4 prósent. Í desember á síðasta ári samþykkti Hafnarfjarðarbær svo að selja 95 prósent af hlut sínum til OR. Þá væri hlutur OR í Hitaveitu Suðurnesja 30 prósent.

Aðrir eigendur í Hitaveitunni eru Reykjanesbær og Geysir Green Energy. Bæði Hafnarfjarðarbær og OR hafa óskað eftir frest til að svara álitinu. **- jse**

Lögregluleit í tveimur húsum:

## Fundu skotvopn og fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknarlögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fjóra í gær eftir húsleit í tveimur húsum í Hafnarfirði. Í húsunum fundust tvö skotvopn, lítilræði af fíkniefnum og önnur vopn, svo sem hnífar og barefli.

Skotvopnunum sem fundust hafði verið stolið úr heimahúsi í Hafnarfirði á föstudag. Auk rannsóknardeildarinnar tók sérsveit Ríkislögreglustjóra og hundadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þátt í aðgerðunum.

Lögregla leitaði enn fimmta mannsins síðdegis í gær. **- jss**

## Drengurinn látinn

Drengurinn sem fékk heilablæðingu á fimleikaæfingu hjá Gerplu í síðustu viku er látinn. Hann hét Jakob Örn Sigurðarson og var til heimilis að Dynsölum 10 í Kópavogi. Hann var fæddur hinn 21. júní 1997, og var því á ellefta ári.



**JAKOB ÖRN SIGURÐARSON**

Jakob Örn var á fimleikaæfingu hjá fimleikafélaginu Gerplu í síðustu viku þegar hann fékk heilablæðingu og var fluttur á sjúkrahús. Hann lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á sunnudagskvöld.

Minningarstund um Jakob Örn verður haldin í Digraneskirkju í kvöld.

# Ný vatnslögn lögð til Vestmannaeyja

**Ein af lífæðum Vestmannaeyja er illa farin eftir um fjörutíu ára volk í sjónum. Aukin vatnsnotkun kallar á nýja og öfluga vatnslögn sem leggja á í sumar. Betri upplýsingar og ný tækni gera nýju lögnina öruggari en þær eldri.**

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta er ein af lífæðum Eyjanna, bæði íbúa og atvinnulífs, því það gerir enginn neitt án vatns,“ segir Ívar Atlason, tæknifræðingur hjá Hitaveitu Suðurnesja. Í júlí stendur til að leggja nýja vatnslögn til Vestmannaeyja.

Fyrir eru tvær eldri lagnir, frá 1968 og 1971. Eru þær báðar í notkun en sú nýrri er mjög illa farin. „Við flytjum samtals um fimmtíu lítra á sekúndu með dælingu á báðum lögnum,“ segir Ívar en af því flytur eldri leiðslan aðeins tæpa níu lítra. „Nýja lögnin verður átta tommur og mun hún flytja um 25 til 30 prósentum meira en hinar tvær til samans.“ Ívar segir hana koma í staðinn fyrir leiðsluna frá 1971, sem verði þá aflögð.

Báðar eldri lagnirnar liggja á sama stað milli lands og Eyja og verður nýja lögnin á svipuðum slóðum. „Reyndar ætlum við að leggja hana á betri stað. Við höfum miklu meiri upplýsingar um sjávarbotninn núna og erum búnir að velja lagnaleið.“

Ívar segir fyrirtækið Sjómælingar hafa kortlagt sjávarbotninn. Þá segir hann tækni nú betri en áður og nýja lögnin verði mun sterkari og betri en þær eldri. „Sérstaklega er ysta lag pípunnar mikið þykkara og betra.“

Sama danska fyrirtækið, NKT, framleiðir og leggur nýju lögnina og tvær hinar fyrri. Er framleiðsla hafin í Danmörku og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist eftir miðjan júlí. „Við stefnum að því að lögnin verði komin í gagnið fyrir Þjóðhátíð.“



**NÝ VATNSLÖGN** Nýja vatnslögnin mun liggja á svipaðri lagnaleið og þær tvær eldri sem fyrir eru, en með hjálp nýrrar tækni er hægt að velja henni betri leið á hentugri botni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ívar segir nýju lögnina lagða til að tryggja nægt neysluvatn til íbúa og atvinnulífs. Vatnsnotkun hafi aukist, sérstaklega í fiskiðnaði.

Segir Ívar að við lagningu eldri vatnslagnanna hafi verið gert ráð fyrir 25 til 30 ára líftíma, svo þær séu komnar töluvert fram yfir það. Einnig geti aðstæður á botni haft veruleg áhrif. „Nýrri leiðslan liggur á verri stað en að auki er hún skemmd eftir snurvoðartóg. „Að öðru leyti höfum við alveg sloppið við að menn hafi farið með ankeri eða þess háttar í þetta.“ Segir Ívar sjómenn vita að þarna sé bannsvæði sem ekki megi veiða á. Aðrar skemmdir séu vegna álags, „það nuddast gat á leiðslurnar af því þær eru á ferðinni.“

**olav@frettabladid.is**




Alcan gegn olíufélögunum:

## Skaðabótamál tekið fyrir

**DÓMSMÁL** Alcan á Íslandi, ISAL, krefst tæplega 187 milljóna í skaðabætur vegna samráðs olíufélaganna Skeljungs, Olís og Kers, áður Olíufélagsins, fyrir útboð á vegum fyrirtækisins. Mál ISAL gegn olíufélögunum verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun.

ISAL fékk dómkvaddan matsmann til þess að reikna út tjón fyrirtækisins vegna samráðs olíufélaganna og er greinargerð hans, sem krafa fyrirtækisins byggir á, hluti af gögnum málsins.

ISAL er stærsta fyrirtækið sem höfðað hefur skaðabótamál á hendur olíufélögunum vegna samráðs þeirra. **- mh**

Utanríkisráðuneytið:

## Þrír nýir sendiherrar skipaðir

**UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur skipað þrjá nýja sendiherra. „Mér finnst það flott hjá ráðherra að skipa tvær konur, það lýsir áherslum sem ég er ánægð með,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, sem er ein af nýju sendiherrunum.**



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**

**Hinir eru Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs og Þórir Ibsen, skrifstofustjóri í utanríkisþjónustunni.**

**Ekki verður greint frá því hvert þeir fara fyrr en allt hefur verið frágengið í viðtökulöndunum. Skipan Grétu og Þóru miðast við 15. þessa mánaðar en Sigríðar Önnu við 1. júlí næstkomandi.** **- jse**

Ingibjörg Sólrún í Danmörku:

## Fundar með drottningunni

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hóf í morgun tveggja daga opinbera heimsókn sína til Danmerkur.

Hún mun meðal annars funda með Per Stig Møller, utanríkisráðherra Dana, og Margréti Þórhildi Danadrottningu. Ráðherrann mun einnig funda með formanni danskra jafnaðarmanna, menntamálaráðherra og utanríkismálanefnd danska þingsins. **- þeb**

**LÖGREGLUMÁL**

### Fimm grunaðir um nauðgun

Fimm erlendir karlmenn voru handteknir á sunnudag grunaðir um að hafa nauðgað erlendri stúlku á aðfaranótt sunnudags. Mennirnir hafa verið dæmdir í gæsluvarðhald fram á fimmtudag.




Gengi krónunnar ekki lægra í sex ár og erlendar skuldir hækka:

# Gengið eykur greiðslubyrðina

**EFNAHAGSMÁL** Skuldir heimilanna í erlendri mynt hafa hækkað um tugi milljarða króna frá áramótum vegna lækkunar á gengi krónunnar.

Um áramót skulduðu heimilin 234 milljarða króna í erlendri mynt. Sú upphæð hefur hækkað um ríflega 27 milljarða króna. Þá er ekki gert ráð fyrir nýjum erlendum lánum sem fólk hefur tekið síðan þá.

Gengislækkunin hefur í för með sér að afborganir af lánum í erlendri mynt hækka. Taka má dæmi af bílaláni í erlendri mynt. Afborgun af því nam tæpum 26 þúsund krónum í janúar en marsgreiðslan er ríflega 28 þúsund.

Þessi hækkun skýrist af því að gengi krónunnar hefur verið að lækka. Það hefur frá áramótum lækkað um 11,66 prósent, miðað við miðgengi sem Seðlabankinn skráir.

Óvíst er í hvaða myntum lán heimilanna eru, en í algengum myntkörfum eru evrur, japönsk jen og svissneskir frankar. Svissneski frankinn kostar nú um tíu krónum meira en hann gerði um áramót. Japanska jenið hefur hækkað í verði um um það bil tíu aura. Evran hefur hækkað í verði um næstum þrettán krónur. Hún kostar nú ríflega 105 krónur og hefur gengi krónu gagnvart evru aldrei verið lægra.

Um 50 milljarðar króna af erlendum lánum heimilanna eru íbúðalán.

Gengi krónunar hefur ekki verið svona lágt síðan í mars árið 2002. Frá því að Seðlabankinn tók upp verðbólgumarkmið árið 2001 varð gengi krónunnar lægst í nóvember sama ár. Þá kostaði evran 97 krónur og 40 aura. Gengið varð hæst í nóvember árið 2005. Þá kostaði evran 71 krónu og 60 aura.

Heildarskuldir heimilanna um áramótin námu um 1.552 milljörðum króna. Það jafngildir því að hvert mannsbarn skuldi tæpar fimm milljónir króna. **- ikh**

**AFBORGUNIN HÆKKAR**

**Hækkun á afborgunum í íslenskum krónum, af bílaláni í japönskum jenum og svissneskum frönkum. Kaupverð bílsins var 900 þúsund krónur.**

| | |
|---|---|
| janúar 2008 | 25.862 |
| febrúar 2008 | 27.679 |
| mars 2008 | 28.173 |

# Uppskrift að vinningsliði




**Kæru viðskiptavinir,**

**Við tökum okkur frí í kvöld frá kl. 19:00 til að fagna með framúrskarandi starfsfólki okkar sem er í vinningsliði Domino's á heimsvísu. Allir sölustaðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 19:00.**

**Stjórn Domino's**

**58·12345**
**dominos.is**

## GENGIÐ 10.3.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,25 | 68,57 |
| Sterlingspund | 137,89 | 138,57 |
| Evra | 104,87 | 105,45 |
| Dönsk króna | 14,062 | 14,144 |
| Norsk króna | 13,296 | 13,374 |
| Sænsk króna | 11,163 | 11,229 |
| Japanskt jen | 0,6678 | 0,6718 |
| SDR | 110,83 | 111,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

136,707

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður unglingaráðs Hauka og forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar með yfirlýsingu:

# Árshátíð bæjarins ekki á ábyrgð Hauka

**ÆSKULÝÐSMÁL** „Hafi einhver starfsmaður ekki uppfyllt skilyrði um aldurstakmörk ber að harma það og tryggja að slíkt endurtaki sig ekki,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu Hauka og Hafnarfjarðarbæjar vegna fréttar af árshátíð Hafnarfjarðarbæjar.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var haft eftir Geir Bjarnasyni forvarnarfulltrúa að sautján ára stúlka hefði afgreitt vín á árshátíð Hafnarfjarðarbæjar í íþróttahúsi Hauka um þar síðustu helgi. Þá sagði Geir að á opinni þorraskemmtun í íþróttahúsi FH í Kaplakrika í byrjun febrúar hefðu verið sextán ára krakkar þótt þar væri áfengi á boðstólum.

Í yfirlýsingu Hafnarfjarðarbæjar og Hauka, sem Geir skrifar undir fyrir hönd bæjarins og Elín S. Óladóttir, formaður unglingaráðs, fyrir Hauka, segir að öll leyfi fyrir árshátíðina og framkvæmd hennar, þar með talin áfengissala, hafi verið á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar. Nálægt 150 manns, að hluta til frá Haukum, hafi verið við ýmis þjónustustörf:

„Við vonum að misskilningur og óheppileg umræða um mál þetta sé hér með úr sögunni,“ segir í yfirlýsingunni.

Árni Björn Ómarsson, einn skipuleggjenda þorraskemmtunarinnar í Kaplakrika, segir að af um 1.500 gestum hafi verið 500 manns í mat og enginn af þeim undir átján ára aldri. „Það getur vel verið að nokkrir undir átján ára hafi komist inn á balið en það voru ekki margir og gæslan hjá okkur í ár var mjög góð því það var töluverður fjöldi af unglingum fyrir utan Kaplakrika sem komust ekki inn,“ segir Árni Björn.

- gar


Börn kaupa og selja áfengi í Hafnarfirði

**FRÉTTABLAÐIÐ** Í blaðinu á fimmtudag var greint frá unglingum sem ýmist keyptu eða seldu áfengi á skemmtunum í íþróttahúsum í Hafnarfirði.

Sarkozy Frakklandsforseti:

## Reynir að lágmarka tjónið

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti reynir nú að semja við andstæðinga sína til að draga úr væntanlegu fylgistapi í sveitarstjórnarkosningum um næstu helgi.


NICOLAS SARKOZY

Í fyrri umferð kosninganna, sem var síðasta sunnudag, tapaði Sósíalistaflokkur Sarkozys töluverðu fylgi, og þykir það vísbending um minnkandi vinsældir forsetans meðal landsmanna.

Mikið tap víða í landinu gæti torveldað Sarkozy að ná fram málum sem hann leggur áherslu á.

- gb

### LÖGREGLUMÁL

**Ölvaður við skipstjórn**

Lögreglan á Vestfjörðum handtók mann í höfninni á Ísafirði á mánudagsmorgun. Maðurinn er grunaður um ölvun við skipstjórn, en hann hafði verið á siglingu og var á leið í land þegar lögregla handtók hann.

### LEIÐRÉTTING

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær birtist röng mynd með frétt um kattasýningu Kynjakatta. Rétta myndin birtist nú, en á henni er Nátthaga Galíleó, sem var valinn best snyrti stutthærði kötturinn á sýningunni.



# Útboð á Skiptum rædd innan stjórnar Giftar

**Stjórn Giftar ræddi þátttöku í hlutafjárútboði á þrjátíu prósentum heildarhlutafjár Skipta á stjórnarfundi. Slit á Samvinnutryggingum koma í fyrsta lagi til í maí en unnið er að frumvarpi að úthlutun, segir Kristinn Hallgrímsson.**

**VIÐSKIPTI** Til tals hefur komið innan stjórnar Giftar fjárfestingarfélags að það taki þátt í hlutafjárútboði vegna fyrirhugaðrar skráningar Skipta hf. á markað, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Skipti er meðal annars móðurfélag Símans hf., Skjásins og Mílu, sem er félag utan um grunnnet Símans. Þrjátíu prósent af heildarhlutafé Skipta verða boðin út.

„Menn ræða alls konar möguleika og almenna stöðu á hlutabréfamarkaðnum,“ sagði Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og stjórnarformaður Giftar, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann vildi ekki staðfesta hvort Gift hygðist taka þátt í útboðinu. Það hófst í gær og stendur fram á fimmtudag.


KRISTINN HALLGRÍMSSON

Heimildir Fréttablaðsins innan fjármálageirans herma að Gift hafi með þessu „kastað björgunarhring“ til Exista, eins og einn heimildarmaður orðaði það, og freistað þess að lágmarka skaða Existu af útboðinu. Árferði á markaðnum er afar óhentugt til skráningar á markað vegna mikilla lækkana og hás verðs á lánsfé. Þá hafa fjármálaráðgjafar, meðal annars hjá Glitni, ráðlagt viðskiptavinum sínum að taka ekki þátt í útboðinu og sagt verðbil útboðsgengis, 6,64 til 8,1, vera of hátt.



**GIFT** Gift fjárfestingarfélag var stofnað utan um eignir Samvinnutrygginga í fyrra.

Gift er fjárfestingarfélag í eigu Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Það heldur utan um allar eignir, skuldir og skuldbindingar Samvinnutrygginga.

Gift er þriðji stærsti eigandi fjárfestingarfélagsins Existu hf., sem er stærsti eigandi Skipta, og fimmti stærsti eigandi Kaupþings. Gift á um 5,4 prósent í Existu og 3,6 prósent í Kaupþingi. Exista á 47 prósent í Skiptum.

Ólafur Friðriksson tók nýverið við stjórnarformennsku af Þórólfi Gíslasyni kaupfélagsstjóra úr Skagafirði, sem hætti fyrirvaralaust sem stjórnarformaður fyrir nokkru.

Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndar Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga, segir vinnu við frágang á slitum félagsins vera vel á veg komna. Að mörgu er að hyggja en um fimmtíu þúsund manns og fyrirtæki eiga hlut í félaginu. Miðað er við viðskiptavini félagsins á árunum 1987 og 1988. „Þegar búið verður að ganga frá frumvarpi að úthlutun, sem er skipting á þessu eina hlutabréfi í Samvinnutryggingum, þá verður hún kynnt öllum hlutaðeigandi. Ef það plagg klárast í apríl verður veittur frestur til fjögurra vikna til að gera athugasemdir við úthlutunina, þannig að í fyrsta lagi verður greitt út í maí.“

Eignir félagsins hafa rýrnað mikið undanfarið vegna lækkana á mörkuðum.

magnush@frettabladid.is


**BROTLENTI** Ein Q400-véla SAS eftir brotlendingu á Vilníus-flugvelli 12. september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkomulag um skaðabætur:

## SAS fær ellefu milljarða króna

**SVÍÞJÓÐ, AP** Talsmenn skandinavíska flugfélagsins SAS greindu frá því í gær að félagið myndi fá rétt um einn milljarð sænskra króna, andvirði um ellefu milljarða íslenskra, í skaðabætur frá flugvélaframleiðandanum Bombardier í Kanada og framleiðanda lendingarbúnaðar Dash 8 Q400-vélanna, Goodrich.

Samkomulag þetta um skaðabætur var gert í kjölfar þess að lendingarbúnaðurinn brást þrisvar í lendingu slíkra véla í eigu SAS á síðastliðnu hausti, en eftir það tók félagið allan Q400-skrúfuþotuflota sinn úr umferð, alls 27 vélar.

- aa

### LÖGREGLUMÁL

**Brotist inn í bílaleigu**

Brotist var inn í bílaleigu Hertz við Reykjavíkurflugvöll aðfaranótt mánudags og fjörutíu tommu flatskjá stolið. Þá var brotist inn í verslun Zik Zak í Kópavogi um helgina. Þjófar spenntu upp hurð og sjóðsvél og höfðu um 15 þúsund krónur á brott með sér.

**Hestur aflífaður eftir slys**

Hestur hljóp í veg fyrir jeppa á Skeiðavegi við Brautarholt aðfaranótt mánudags. Dýralæknir aflífaði hestinn á staðnum, en ökumaður og þrír farþegar í jeppanum sluppu ómeiddir. Bíllinn skemmdist þó mikið og var óökufær eftir slysið.




## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**ÚRKOMAN Í DAG**

Núna þegar líður á morguninn og daginn gengur úrkomuloft inn á austanvert landið og mjakar sér smám saman til vesturs. Úrkoman nær vestur undir Eyjafjörð fyrir norðan og í Öræfasveitina sunnan Vatnajökuls. Stöku él kunna síðan að falla allra syðst fyrir hádegi.



**Á MORGUN** 8-13 m/s á Vestfjörðum, annars 3-8 m/s.

**FIMMTUDAGUR** 8-13 m/s norðvestan til og allra austast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 6° |
| Ósló | 5° |
| Stokkhólmur | 6° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 12° |
| París | 9° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Berlín | 11° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 16° |
| Basel | 9° |
| Eindhoven | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 10° |
| Orlando | 23° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


BMW X3. Allir vegir færir.
BMW X3
Nýjum BMW X3 eru allir vegir færir
Engir vegir eru eins – þetta vita hönnuðir nýs BMW X3. Því var lagt af stað með það að leiðarljósi að nýr BMW X3 skaraði framúr hvort sem væri á vegum eða vegleysum. Gerð var krafa um að hann stæði skrefi framar keppinautunum sínum í öryggi og búnaði og byggi yfir hinum kunnu BMW aksturseiginleikum á hvaða undirlagi sem væri. Mikil tækniþekking BMW einfaldaði verkefnið. Hið fullkomna xDrive fjórhjóladrifskerfi nemur minnstu breytingar á snúningshraða, stefnu og hröðun hvers hjóls fyrir sig og nær þannig að skipta vélaraflinu milli hjóla á örskotsstundu. Ávinningurinn er augljós; fullkominn akstur við allar aðstæður. BMW X3 eyðir líka minna en keppinautarnir enda hefur BMW margoft verið verðlaunað fyrir vélaframleiðslu sína. BMW X3 eyðir frá aðeins 6,7 l/100 km, en skilar þó enn meira afli en áður. Veldu fullkomið akstursstæki frá stærsta lúxusbílaframleiðanda í heimi – **veldu BMW X3**.
BMW X3 LUX DÍSEL
2,0d, 5 dyra, 6,7 ltr./100km, 8,9 sek./0-100km, 177 hestöfl, málmlakk, sjálfskipting, 17“álfelgur, langbogar, leðurinnrétting, leðurklætt sportstýri, Servotronic léttstýri, aðgerðastýri, skriðstillir, hiti í framsætum, viðarinnrétting eða álinnrétting, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og BMW mottur.
The new BMW X3
www.bmw.com
Sheer
Driving Pleasure

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að dómarar við íslenska dómstóla tjái sig meira opinberlega?*

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Átt þú geisladisk með Sálinni hans Jóns míns?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Utanríkisráðherrar ESB vara Serba við að falla í gryfju einangrunarhyggju:

# Vináttuhönd haldið útréttri

**SERBÍA, AP** Ráðamenn Evrópusambandsins hvöttu í gær stjórnmálaleiðtoga í Belgrad til að falla ekki í gryfju einangrunarhyggju heldur halda landinu á braut aðlögunar og síðar inngöngu í ESB. Fyrir liggur að boðað verði til snemmbúinna þingkosninga í Serbíu í kjölfar þess að samsteypustjórnin þar í landi sprakk.

Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB, sagði er hann mætti á mánaðarlegan utanríkisráðherrafund sambandsins í Brussel að hann vonaðist til að Serbar „héldu áfram að byggja upp tengsl, djúp og traust, við Evrópusambandið“.

Búist er við að Boris Tadic Serbíuforseti muni jafnvel í dag boða til kosninga, líklega í maí. Kosningarnar eru taldar munu skera úr um hvort Serbar haldi áfram á þeirri braut að nálgast ESB eða snúi aftur til þjóðerniseinangrunarstefnu í stíl við þá sem ríkti á síðasta áratug undir forystu Slobodans Milosevic heitins. Stuðningur við slíka stefnu hefur aukist í landinu vegna reiði yfir sjálstæðisyfirlýsingu Kosovo.



**SKORAÐ Á SERBA** Breski ráðherrann David Miliband á fundinum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dmitri Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu sem stýrir ráðherrafundinum þar sem Slóvenar fara þetta misserið með formennskuna í ESB, sagði að Serbar hefðu ekkert annað raunhæft val en ESB. Breski utanríkisráðherrann, David Miliband, sagði að ESB yrði að tryggja að „vináttuhönd“ þess yrði áfram útrétt til Serba. - aa

Heilsuátak í Dalvíkurbyggð:

# Ókeypis í sund fyrir öll börn

**DALVÍK Öll börn 16 ára og yngri fá ókeypis í sund á Dalvík samkvæmt samþykkt stjórnar sveitarfélagsins. Kemur ákvörðunin í framhaldi af heilsuátaki sem staðið hefur yfir í sundlaug Dalvíkur.**

**Í tilkynningu frá Dalvíkurbyggð segir að hreyfingu og mataræði barna og unglinga sé verulega ábótavant og hraki með hverju ári. Aðgangur barna að sundlauginni sé ókeypis til að sporna við þessari þróun. Um tilraun er að ræða sem stendur frá 15. mars til 31. maí næstkomandi. Samkvæmt tilkynningunni má búast við að framhald verði á ef vel tekst til.** - ovd






# Kjarasamningarnir samþykktir í gær

**Bæði atvinnurekendur og starfsfólk á almennum vinnumarkaði samþykktu nýgerða kjarasamninga í atkvæðagreiðslu sem lauk víðast hvar í gær. Þátttaka var léleg. Eftir er að telja hjá rafiðnaðarmönnum og verslunarmönnum.**

**VINNUMARKAÐUR** Starfsfólk á almennum vinnumarkaði samþykkti nýgerða kjarasamninga með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í gær. Kjörsókn þótti víðast léleg og sýna áhugaleysi. Þetta var þó ekki algilt. Hæst fór kjörsóknin í tæp 33 prósent hjá Félagi bókagerðarmanna.

Félagsmenn Samiðnar samþykktu samninginn með 73 prósentum atkvæða en 27 prósent greiddu atkvæði gegn honum. Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að kosningaþátttakan hafi verið dræm, innan við tuttugu prósent. Finnbjörn segir að samningurinn snerti sína félagsmenn lítið, þeir hafi ákveðið að sleppa því að kjósa frekar en að fella samninginn eða skila auðu. „Ég reiknaði svo sem með þessu því ég heyrði tóninn á vinnustöðunum. Menn voru ósáttir en töldu ekkert skárra að hafa.“ Kjarasamningurinn var samþykktur með afgerandi hætti í Starfsgreinasambandsinu, SGS, og Flóabandalaginu. Rétt til að greiða atkvæði höfðu 32 þúsund félagsmenn. Þátttaka var 20,5 prósent hjá SGS og þykir viðunandi, að sögn Skúla Thoroddsen framkvæmdastjóra, en tæp átján prósent hjá Flóafélögunum. 84 prósent félagsmanna SGS samþykktu samninginn og 85 prósent Flóans.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir þátttökuna ívið minni en hann hafi átt von á. „Þegar svona hrein niðurstaða verður er ákveðin hætta á þátttökuleysi. Það er góð sátt um þessa lendingu. Þegar menn eru tiltölulega sáttir er hættara við að þeir taki ekki þátt,“ segir hann.

Rúmlega 150 manns greiddu atkvæði hjá Matvís; 80,3 prósent samþykktu samninginn en 13,8 prósent höfnuðu honum. „Áhugaleysið sýnir að samningurinn skilar ekki neinu en við erum tilbúnir að hækka þá lægst launuðu og sporna við verðbólgunni,“ segir Níels S. Olgeirsson, formaður Matvís.

Hjá VM greiddu 12,56 prósent félagsmanna atkvæði og samþykktu 72 prósent samninginn. Bókagerðarmenn samþykktu samninginn með 76 prósentum atkvæða. Þriðjungur félagsmanna greiddi atkvæði.

Samtök atvinnulífsins, SA, samþykktu kjarasamningana með 88 prósentum greiddra atkvæða. Kosningaþátttakan var 38,2 prósent. „Við erum þakklát fyrir það traust og þann stuðning sem samningarnir fá,“ segir Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri.

ghs@frettabladid.is



**TALIÐ HJÁ SAMIÐN** Kjarasamningar starfsmanna á almennum vinnumarkaði hlutu samþykki í gær í þeim félögum þar sem atkvæðagreiðslu er lokið. Kosningaþátttaka þótti víða dræm, þar á meðal hjá iðnaðarmönnum, en þessi mynd er einmitt tekin þegar talið var upp úr kjörkössunum hjá Samiðn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Áhugaleysið sýnir að samningurinn skilar ekki neinu en við erum tilbúnir að hækka þá lægst launuðu og sporna við verðbólgunni.
>
> **NÍELS S. OLGEIRSSON**
> FORMAÐUR MATVÍS






Høgni Hoydal sótti íslenska starfssystur sína heim um helgina:

# Færeyjar stefna inn í EFTA

**UTANRÍKISMÁL** Høgni Hoydal, sem fer með utanríkismál í færeysku landsstjórninni, átti fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík á sunnudag. Ræddu þau meðal annars samstarf frændþjóðanna á sviði menntamála og viðskipta.

„Okkur er það mikill heiður að Hoydal skuli heimsækja Ísland fyrst landa í nýju embætti,“ sagði Ingibjörg Sólrún, að því er segir í fréttatilkynningu. Þetta er fyrsta heimsókn Høgna út fyrir Færeyjar frá því að hann tók við ráðherraembætti í kjölfar lögþingskosninga sem fram fóru í janúar. Hann hélt héðan áleiðis til Nuuk í gær, með millilendingu í Kaupmannahöfn þar sem ekkert beint flug var í boði milli Íslands og Grænlands.

Starfsystkinin ræddu uppbyggingu utanríkisþjónustu Færeyja, um Hoyvíkur-samninginn svonefnda sem gerir Ísland og Færeyjar að einu markaðssvæði, um áframhaldandi stuðning Íslands við þá ósk Færeyinga að verða aðilar að EFTA, nemenda- og kennaraskipti á öllum skólastigum og loðnuveiðar, ásamt fleiru.

Høgni tjáði blaðamönnum að þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá Færeyja, sem fyrirhugað er að halda árið 2010, yrði mikill áfangi í átt að sjálfstæði eyjanna. Hann er leiðtogi Þjóðveldisflokksins, sem stefnir að sambandsslitum við Danmörku. - aa



**HØGNI HOYDAL** Fyrsti utanríkisráðherrann í færeysku landstjórninni.







Golf kostar aðeins frá

# 2.295.000 kr.

Eða **27.800 kr. á mánuði** miðað við bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,98%. Golf United kostar aðeins 2.535.000 kr.

## Best búni VW Golf frá upphafi.

United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Hann lítur alveg sérstaklega vel út og státar af búnaði sem eykur akstursánægjuna og öryggið um leið. Komdu við og prófaðu nýjan Golf United.

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

NÝTT
Í ÞESSUM MÁNUÐI
SÓMI




www.somi.is

# Fráleitt að milljarða króna vanti í skýrslu

**Forstjóri Landsvirkjunar segir rangt hjá þingmanni VG að milljarða króna vanti í skýrslu um kostnað við Kárahnjúkavirkjun. Hann segir upplýsingar um flutningskostnað koma fram í skýrslunni en annað eigi ekki heima þar.**



**VIRKJAÐ** Arðsemi eiginfjár vegna Kárahnjúkavirkjunar er nú talin verða 13,4 prósent, ekki 11,9 prósent eins og upphaflega var reiknað með, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**ORKUMÁL** Fullyrðingar þingmanns Vinstri grænna um að milljarða vanti í skýrslu iðnaðarráðherra um kostnað við gerð Kárahnjúkavirkjunar standast engan veginn, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Þingmenn Vinstri grænna óskuðu eftir skýrslunni síðastliðið haust, og var hún lögð fram á Alþingi í síðustu viku.

Álfheiður Ingadóttir sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að í skýrsluna vantaði upplýsingar um kostnað við flutningsmannvirki, skattgreiðslur ríkisins og aukagreiðslur vegna launahækkunar starfsmanna.



**FRIÐRIK SOPHUSSON**

Friðrik segir enga þessara fullyrðinga standast. Í fyrsta lagi hafi þingmenn Vinstri grænna ekki óskað eftir upplýsingum um kostnað við flutningsmannvirki. Þrátt fyrir það séu upplýsingar um það í meginmáli skýrslunnar. Þar komi fram að kostnaður við þau hafi numið rétt rúmlega tólf milljörðum króna. Auðvelt sé að leggja það saman við annan kostnað.

Í öðru lagi segir Friðrik að skattgreiðslur séu aldrei reiknaðar með í verkum sem þessum, og því fráleitt að reikna hefði átt með skuld ríkisins gagnvart Impregilo í skýrslu um kostnað vegna Kárahnjúka. Skattgreiðslur verktaka og starfsmanna hafi ekkert með framkvæmdirnar að gera.

Þá segir Friðrik að leiðrétting á ýmsum liðum tilboðs Impregilo, þar á meðal launalið, hafi verið sett inn í upphaflega kostnaðaráætlun. Því sé rangt að þær séu ekki með í skýrslu iðnaðarráðherra.

Friðrik gerir einnig athugasemd við þau orð Álfheiðar að stuðningsmenn virkjunarinnar hafi verið með glýju í augum þegar ákveðið var að fara út í framkvæmdina. Komið hafi fram að vænt arðsemi eiginfjár sé nú talin verða 13,4 prósent en upphaflegar áætlanir hafi gert ráð fyrir 11,9 prósent arðsemi eiginfjár.

Í skýrslu iðnaðarráðherra, sem unnin var í samráði við Landsvirkjun, segir að upphafleg áætlun, á verðlagi desember 2002, hafi hljóðað upp á 85,5 milljarða. Verksamningar hafi hljóðað upp á 74,5 milljarða.

Friðrik segir að misskilnings virðist gæta um þessar upphæðir. Við verksamningana bætist 9,8 milljarðar króna – liðurinn ófyrirséður kostnaður. Því sé ekki rétt að segja að samningar hafi verið hagstæðari en þessi kostnaðaráætlun þar sem þá eigi eftir að bæta ófyrirséðum kostnaði við verksamningana.

Framkvæmdin fór sjö prósentum fram úr upphaflegri áætlun, segir Friðrik. Uppreiknuð áætlun hljóði upp á 115,6 milljarða, en heildarkostnaður 123,9 milljarða, eins og fram komi í skýrslunni.

brjann@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagastofnun
Málstofa

Reglur ESB um landbúnað og fiskveiðar
Möguleg aðild Íslands

Miðvikudaginn 12. mars kl. 12:15
Lögberg, stofa 101

Jens Hartig Danielsen
prófessor í Evrópurétti og þjóðarétti við Árósarháskóla



Jens hefur skrifað fjölda greina og bækur á sviði Evrópuréttar, þjóðaréttar og stjórnskipunarréttar

Fundarstjóri:
Stefán Már Stefánsson
Prófessor



Möguleg ákvörðun Íslands um aðild að Evrópusambandinu myndi hafa margvísleg áhrif á íslenskan rétt, sérstaklega á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Einn helsti liður samningaviðræðna snýr að því í hvaða mæli og frá hvaða tímapunkti reglur ESB tækju fullt gildi í íslenskum rétti. Eftir að hugsanlegt aðlögunartímabil Íslands rynni út, yrði íslenskur landbúnaður og sjávarútvegur hluti af landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu ESB. Í erindinu er gerð grein fyrir löggjöf ESB á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs.

Fyrirlesturinn fer fram á dönsku.

Allir velkomnir
Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is

Morgunverðarfundur Háskólans á Bifröst, ASÍ og SI

Hvað með evruna?

Alþýðusamband Íslands og Samtök iðnaðarins óskuðu fyrir nokkru eftir því að Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst gerði ítarlega úttekt á áhrifum aðildar Íslands að myntbandalagi Evrópu og upptöku evru hér á landi. Í kjölfar þess hafa Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson ritað bókina Hvað með evruna? sem Háskólinn á Bifröst gefur út. Á morgunverðarfundinum er fjallað um bókina, helstu álitamál varðandi hugsanlega innleiðingu evru á Íslandi, myntsamruna í Evrópu og skoðað hvaða áhrif innganga í Evrópusambandið og upptaka evru hefðu á íslenskt efnahagslíf og samfélag.


Eiríkur Bergmann Einarsson


Jón Þór Sturluson


Gylfi Arnbjörnsson


Jón Steindór Valdimarsson


Kristín Pétursdóttir


Ágúst Einarsson

WWW.BIFRÖST.IS




Dagskrá

GRAND HÓTEL, HVAMMUR
Morgunverðarfundur 12. mars 8.15 - 10.00.

Frummælendur eru bókarhöfundar: Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði og Jón Þór Sturluson, doktor í hagfræði.

Pallborð: Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Kristín Pétursdóttir, forstjóri og annar stofnenda Auðar Capital.

Fundarstjóri: Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

SI Samtök iðnaðarins

FRUMGREINADEILD | VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**SÉRTILBOÐ: 2.450.000 kr.**

**Lexus RX300 Luxury**
3000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 09.02 Ekinn: 103.000 km
Verð: 2.730.000 kr. Skr.nr. AE-304
**Tilboð: 2.450.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.090.000 kr.**

**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.370.000 kr. Skr.nr. LS-534
**Tilboð: 1.090.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.160.000.kr.**

**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.05 Ekinn: 75.000 km
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. MF-460
**Tilboð: 1.160.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 5.690.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 100**
Sóllúga, dráttarbeisli og bakkskynjarar
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 73.000 km
Verð: 6.050.000 kr. Skr.nr. TY-189
**Tilboð: 5.690.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.450.000 kr.**

**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 36.000 km
Verð: 1.640.000 kr. Skr.nr. VY-140
**Tilboð: 1.450.000 kr.**



**Toyota Hilux D/C**
35" breyttur, pallhús, heitklæðning í palli og dráttarbeisli
3000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 04.07 Ekinn: 16.000 km
Verð: 4.050.000 kr. Skr.nr. TR-951



**Toyota Prius**
1500 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 6.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. PB-041



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Aukasæti og dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 85.000 km
Verð: 4.650.000 kr. Skr.nr. SH-438



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
33" breyttur, aukasæti, dráttarbeisli og filmur
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 62.000 km
Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. LO-836



**Toyota Auris Sol**
1600 Bensín MM skipting
Á götuna: 04.07 Ekinn: 17.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Skr.nr. KL-772



**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 48.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. BV-681



**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 09.07 Ekinn: 3.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. BP-A79

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41512 03.2008

# Fundaherferð Evrópusamtakanna

*Nú á vormánuðum munu Evrópusamtökin standa fyrir fundarherferðum um málefni Íslands og ESB.*

**Norðurlöndin og ESB**

Fundur með Gunnillu Carlsson, þróunarmálaráðherra Svíþjóðar og fyrrverandi þingmanni á Evrópuþinginu.

Fundurinn verður haldinn í stofu 104 á Háskólatorginu við Háskóla Íslands, miðvikudaginn 12. mars kl.17:15.

Fundurinn er haldinn í samvinnu við Alþjóðamálstofnun HÍ.

**ESB og landsbyggðin**

Framsögumenn Pétur Snæbjörnsson framkvæmdastjóri í Hótel Reynihlíð, Guðmundur Hallgrímsson lyfjafræðingur og Andrés Pétursson formaður Evrópusamtakanna.

Fundurinn verður haldinn á Bláu könnunni á Akureyri, fimmtudaginn 13. mars kl. 20:00.

Fundurinn er haldinn í samvinnu við Kaupmannasamtök Akureyrar, Félaga ungra framsóknarmanna á Akureyri og nágrennis (Fufan) og Unga jafnaðarmenn á Akureyri.

European Movement
Mouvement Européen


Starfsmenn Marels eru hvattir til að skoða vel evrutengingu launa:

# Fjórir vilja fá greitt í evrum

**VINNUMARKAÐUR** Fjórir starfsmenn Marels gerðu samning við Marel fyrir síðustu mánaðamót um að tengja hluta launa sinna við evrur. Þessir starfsmenn verða því þeir fyrstu til að taka boði fyrirtækisins um að fá hluta launa sinna í evrum þegar útborgun fer fram um miðjan mánuð. Aðrir starfsmenn Marels eiga áfram kost á að tengja hluta launa sinna við evrur.

Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels, segir að starfsmenn séu hvattir til að skoða málið vel áður en þeir gera samning við fyrirtækið um að tengja hluta launa sinna við evru. Mikill áhugi sé meðal starfsmanna en margir vilji bíða og sjá hvernig gengismálin þróist.


SIGSTEINN GRÉTARSSON


LÚÐVÍK ELÍASSON

Evrutenging launa kemur fyrst og fremst þeim til góða sem hafa húsnæðislán í erlendri mynt. Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að gott sé að hafa hluta launa í evrum séu menn með útgjöld í evrum, annars ekki. Með því að tengja hluta launa sinna við evrur á móti afborgunum af húsnæðisláni sé komið í veg fyrir gengisáhættu.

„Ef þú borgar í krónum er best að hafa launin í krónum. Ef þú borgar í evrum er best að hafa tekjurnar í evrum,“ segir Lúðvík. „Ef þú ert með útgjöldin í sömu mynt skiptir engu máli hvenær þú flytur þetta yfir. Ef þú notar tuttugu prósent af laununum í að borga húsnæði í erlendri mynt þá viltu fá það hlutfall í erlendri mynt, annars tekurðu á þig áhættu,“ segir hann. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók of hratt og ölvaður

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann á Reykjanesbrautinni snemma á sunnudagsmorgun og reyndist hann á 152 kílómetra hraða. Hámarkshraði þar er 90 kílómetrar. Er maðurinn að auki grunaður um ölvun.

### Þrír ölvaðir á einum bíl

Lögreglan á Akureyri handtók þrjá menn aðfaranótt sunnudags, grunaða um ölvunarakstur. Að sögn varðstjóra lék vafi á hver þeirra hafði ekið bílnum. Voru þeir fluttir á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku og sleppt að því loknu. Málið er í rannsókn.


**UNGUR SKÁKSNILLINGUR** Sahaj Grover, tólf ára skáksnillingur frá Indlandi, gerði sér lítið fyrir og vann litháíska stórmeistarann Vidmantas Malisauskas í Reykjavíkurskákmótinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tefla í minningu Fischers

**Fjórir merkir stórmeistarar og vinir Bobby Fischer tefldu í gær á minningarmóti Skáksambands Íslands um Fischer. Áfram verður teflt í dag.**

**SKÁK** Fyrri hluti minningarmóts um Bobby Fischer fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Tefldar voru þrjár skákir en seinni skákirnar þrjár verða tefldar í dag.

Fjórir vinir og samferðamenn Fischers taka þátt í mótinu. Það eru þeir Vlastimil Hort frá Tékklandi, Pal Benkö sem er ungverskættaður Bandaríkjamaður, Lajos Portisch frá Ungverjalandi og Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslendinga.

Boris Spassky er skákdómari mótsins en auk hans sér William Lombardy, aðstoðarmaður Fischers í einvíginu í Reykjavík 1972, um skákskýringar.

„Þetta eru allt merkir stórmeistarar en líka góðir menn sem tengjast Fischer og voru sumir þeirra mjög nánir honum í áratugi,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands.

Fyrsta leikinn í mótinu lék Hildur Berglind Jóhannsdóttir, átta ára stúlka. Hún er yngsti fulltrúi Íslands sem teflt hefur á heimsmeistaramóti barna og innan fárra vikna teflir hún á Norðurlandamóti stúlkna.

Samhliða minningarmótinu um Fischer fór áttunda og næstsíðasta umferð Reykjavíkurskákmótsins fram í Ráðhúsinu í gær. Níutíu skákmenn frá þrjátíu og þremur þjóðlöndum taka þátt í mótinu. „Þetta er hvort tveggja hluti af þessari alþjóðlegu skákhátíð,“ segir Guðfríður Lilja en báðum mótunum lýkur í dag.

Allar skákirnar eru sýndar beint á vef Skáksambandins á slóðinni www.skaksamband.is Að lokinni áttundu umferð er Hort efstur með tvo vinninga, Friðrik og Portisch jafnir í öðru sæti með einn og hálfan vinning en Benkö rekur lestina með einn vinning.

Á morgun heldur Skáksamband Íslands svo opið hraðskákmót í Ráðhúsinu. „Það er fimm mínútna mót, rosa æsingur og fjör,“ segir Guðfríður Lilja. „Þegar því er lokið er þessari alþjóðlegu skákhátíð formlega lokið sem öll er tileinkuð minningu Fischers.“ olav@frettabladid.is





Glæsilegt yfirbragð
- við öll tækifæri

LinStyle servíettur
40cm 50stk, í ýmsum litum 878 kr.

LinStyle dúkur
1,20x20m í ýmsum litum 2.786 kr.

Yfirdúkur
60cmx25m í ýmsum litum 2.388 kr.

Kerti rústik
13x7cm í ýmsum litum 239 kr.





Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV UNIQUE 030802



HVÍTA HÚSIÐ/SIA - 07-3746

AMP

ÞINN TÍMI

ONE IN EVERY TEN FORTUNE 500
SENIOR EXECUTIVES ARE AMP ALUMNI

Háskólinn í Reykjavík býður þér að kynnast námi og kennsluaðferðum í AMP og MBA með því að sækja kennslufund með Eric Weber, aðstoðarskólastjóra IESE Business School í Barcelona, eins virtasta viðskiptaháskóla heims.

Óvenjulegt dómsmál:

# Reyndi að ráða leigumorðingja

**SVÍÞJÓÐ** Rúmlega tvítug sænsk fyrirsæta hefur verið dæmd í fjögurra ára fangelsi í Sydney í Ástralíu fyrir að hafa reynt að ráða leigumorðingja til starfa. Hinn meinti leigumorðingi átti að myrða menn sem voru aðalvitni í eiturlyfjamáli gegn þáverandi kærasta fyrirsætunnar. Leigumorðinginn reyndist hins vegar vera lögreglumaður í dulargervi.

Konan var handtekin í maí í fyrra og hefur setið inni síðan. Í dómnum segir að konan hafi verið undir miklum þrýstingi frá kærasta sínum og verið stjórnað af honum. - ghs



**EHUD OLMERT** Vill gefa Egyptum svigrúm til miðlunartilrauna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Gaza:

# Árásir á báða bóga stöðvaðar

**GAZA, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hefur fyrirskipað hernum að stöðva loftárásir og aðrar árásir inn á Gazasvæðið í kjölfar þess að verulega hefur dregið úr sprengiflaugaskotum þaðan. Þetta tilkynnti skrifstofa Olmerts í gær.

Yfirmenn Ísraelshers og forsvarsmenn Hamas-liða sem fara með völd á Gaza sögðu að ekkert formlegt vopnahlé væri í gildi. En talsmenn Olmerts sögðu að hann hefði fyrirskipað hernum að hafa sig hægan til að gefa Egyptum svigrúm til að láta reyna á miðlunartilraunir. Áður höfðu talsmenn Hamas sagt að þeir myndu hætta árásum ef Ísraelsher gerði það fyrst. - aa

**ÍRAK**

## Hermenn drepnir í Bagdad

Sjálfmorðssprengjumaður dró fimm bandaríska hermenn með sér í dauðann í miðborg Bagdad í gær. Að sögn lögreglu, sem varð vitni að atburðinum, dóu líka tveir vegfarendur og átta særðust. Samkvæmt talningu AP-fréttastofunnar hafa með þessu alls 3.979 bandarískir hermenn fallið frá því innrásin í Írak hófst í mars 2003.









Tomma fyrir hvert ár!

TILBOÐ 99.990 kr.

13" MacBook á fermingartilboði

MacBook hvít
2,0 GHz
Intel Core 2 Duo
80 GB HD / 1 GB vinnsluminni
13,3" hágljáa skjár
1280 x 800 díla upplausn
Combo Drive geisladrif
iSight myndavél
Fjarstýring
Íslenskt hnappaborð
2 ára neytendaábyrgð
99.990 kr. Áður 119.990 kr.

Þunn, þægileg og örugg. MacBook er ein af þeim öflugustu. Með 2,0 GHz Intel Core 2 Duo örgjörva og 1 GB vinnsluminni vinnur hún jafn ljúflega með Mac OS X og Windows. Með skínandi björtum 13,3" hágljáa breiðtjaldsskjá er hún fullkomin fyrir þá sem vilja almennilegan kraft í fallegri, einnar tommu þykkri fullorðinni tölvu.


Bose SoundDock Portable 44.990 kr.


iSkin Duo nano 3G 2.490 kr.


Wacom Bamboo frá 9.990 kr.


Audio KeyStudio USB hljómborð 12.990 kr.


Incase Neoprene Sleeve frá 3.990 kr.


Apple iPod USB 3.490 kr.


Griffin iTrip 4.990 kr.


USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.


Þráðlaus mús 6.990 kr.
Þráðlaust lyklaborð 7.990 kr.


Griffin Road Trip 6.990 kr.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík

Apple IMC

Fermingartilboðið gildir til 31. mars 2008



CHANGE – LEAD – INNOVATE

13. MARS

MBA

Farið verður yfir raundæmi (case) sem sent verður til þátttakenda fyrir fundinn. Kynningin fer fram í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 2. hæð, fimmtudaginn 13. mars kl. 12–13. Skráðu þig í síma 599 6506 eða með tölvupósti á netfangið mba@ru.is eða amp@ru.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY








# Zapatero boðar nýtt tímabil stjórnmála

**Sósíalistaflokkurinn á Spáni fagnar kosningasigri og hvetur landsmenn til að standa saman að lausn erfiðra deilumála. Stjórn Zapateros bætti við sig fimm þingmönnum en vantar þó sjö til að hafa hreinan meirihluta.**

**SPÁNN, AP** Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, boðar nýtt tímabil í spænskum stjórnmálum og hvetur landsmenn til að forðast harkaleg átök.

„Þegar maður fær fleiri atkvæði og fleiri þingsæti verður maður að styrkja möguleika sína á því að ræða við aðra,“ sagði Zapatero í fyrsta blaðamannafundi sínum eftir kosningasigurinn.

Hann segir að nýja stjórnin muni sýna ábyrgð og einbeita sér að því að blása nýju lífi í efnahagsmál, atvinnumál og velferðarmál, og það muni hann gera í samráði við aðra.

Zapatero hyggst þó ekki mynda samsteypustjórn með smærri flokkum þrátt fyrir að hafa ekki tryggt sér meirihluta á þingi í kosningum á sunnudag.

Sósíalistaflokkur hans bætti við sig fimm þingsætum í kosningunum, er nú með 169 þingmenn en vantar enn sjö til að hafa hreinan meirihluta á þingi. Zapatero ætlar að nýta sér stuðning smærri flokkanna í einstaka málum, rétt eins og hann gerði á síðasta kjörtímabili.

Þjóðernisflokkur Baska, sem fékk sex þingmenn, bauðst þegar til að ganga til samstarfs við stjórnina svo finna megi lausn á vandamálum Baskahéraðanna. Zapatero fagnaði þessu boði, en



**FÖGNUÐUR Í HERBÚÐUM SÓSÍALISTAFLOKKSINS** Zapatero forsætisráðherra og eiginkona hans, óperusöngkonan Sonsoles Espinosa, fögnuðu kosningasigrinum í hópi félaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sagði of snemmt að ræða um samstarf.

Kosningarnar voru haldnar í skugga morðsins á Isais Carrasco, fyrrverandi bæjarstjórnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, sem var jarðsunginn á laugardaginn. Basknesku aðskilnaðarsamtökin ETA hafa lýst yfir ábyrgð sinni á morðinu.

Í sigurræðu sinni vottaði Zapatero Carrasco virðingu sína, og sagði að með réttu hefði hann nú átt að vera að fagna sigri með fjölskyldu sinni.

Tímasetning árásarinnar, svona rétt fyrir kosningar, vakti upp minningar um hryðjuverkin í Madríd 11. mars árið 2004, aðeins fáeinum dögum fyrir síðustu kosningar þegar Zapatero vann óvæntan sigur, sem rekja má beint til þess að Spánverjar sættu sig ekki við viðbrögð þáverandi hægristjórnar við voðaverkunum.

gudsteinn@frettabladid.is

## Fjöldi þingmanna

Sósíalistaflokkurinn bætti við sig fimm þingmönnum frá síðustu kosningum en vantar þó sjö til að hafa hreinan meirihluta.




| | | |
|---|---|---|
| CiU | Katalónskir þjóðernissinnar: | 10 |
| PNV | Baskneskir þjóðernissinnar: | 6 |
| ERC | Katalónskir þjóðernissinnar: | 3 |
| IU | Sameinaði vinstriflokkurinn: | 2 |
| BNG | Galisískir þjóðernissinnar: | 2 |
| CC-PNC | Kanaríeyjar: | 2 |
| NA-BAI | Baskneskir þjóðernissinnar: | 1 |
| UPyD | Íhaldsmenn: | 1 |

Kosningaþátttaka: 75,32%

Heimild: innanríkisráðuneyti Spánar © GRAPHIC NEWS



Búnaðarþingi lokið:

## Krefjast þess að tollar haldi

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtök Íslands sendu frá sér ályktun í lok búnaðarþings þar sem lögð er áhersla á að tollar á innfluttar landbúnaðarafurðir verði ekki lækkaðir. Einnig að útflutningsskylda á kindakjöti sem til stendur að fella niður hinn 1. júní á næsta ári verði beitt áfram. Hún felur í sér að bændur skuldbindi sig til að selja hluta framleiðslunnar á erlendan markað en sé hún afnumin verði útflutningur alfarið í höndum bænda og afurðastöðva.

Bændur leggja áherslu á að ríkissjóður leggi til fjármagn til að mæta þeim kostnaði sem hækkað áburðaverð hefur leitt af sér. **- jse**



**KURT BECK** Formaður SPD.

Jafnaðarmenn í Þýskalandi:

## Fylgistap vegna vinstriviðræðna

**ÞÝSKALAND, AP** **Fylgi við Jafnaðarmannaflokk Þýskalands, sem situr að völdum í Berlín ásamt kristilegum demókrötum, hefur tekið dýfu um leið og hart hefur verið deilt í flokksforystunni um það hvort flokkurinn ætti að álíta það koma til greina að starfa með nýja Vinstriflokknum. Þetta staðfesta niðurstöður nýrra viðhorfskannana.**

**Tíðindin af fylgistapinu koma Jafnaðarmannaflokknum illa nú er styttast fer í kjörtímabili „stóru samsteypu", samstjórnar stóru flokkanna tveggja. Báðir vilja þeir komast í aðstöðu til að mynda meirihluta með öðrum hætti eftir næstu kosningar.** **- aa**

Kosið á Möltu:

## Stjórnin hélt naumlega velli

**MALTA, AP** Yfirkjörstjórn á Möltu tilkynnti í gær að Þjóðernisflokkurinn, sem haldið hefur um stjórntaumana í eyríkinu undanfarin kjörtímabil, hefði naumlega haft betur í þingkosningum sem fram fóru um helgina.

Samkvæmt opinberum úrslitum fékk flokkurinn, sem Lawrence Gonzi forsætisráðherra fer fyrir, 49,3 prósent atkvæða en Verkamannaflokkurinn, sem hafði gert sér góðar vonir um að fella stjórnina, 48,8 prósent. Munurinn var um 1.500 atkvæði.

Þetta voru fyrstu þingkosningarnar á Möltu síðan landið gekk í Evrópusambandið vorið 2004. **- aa**










SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI

Þarf að leggja göngustíg, hirða gróður, setja upp körfuboltahring eða framkvæma eitthvað annað?

## „ORÐRÉTT“

### *Lífið og skákin*

**„Ég er mjög svartsýnn á framtíð skákíþróttarinnar og í raun lífsins sjálfs.“**

BORIS SPASSKÍ, FYRRVERANDI HEIMSMEISTARI Í SKÁK, SEM STADDUR ER Á LANDINU Í TILEFNI AF ALÞJÓÐLEGRI SKÁKHÁTÍÐ Í MINNINGU BOBBYS FISCHER.
**Fréttablaðið mánudaginn 10. mars.**

### *Til hvers?*

**„Ef þetta verður of reglulega teljum við að fólk hætti að kippa sér upp við það.“**

BJARNI GAUKUR ÞÓRMUNDSSON, FÉLAGSRÁÐUNAUTUR Í FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í BREIÐHOLTI, UM FÍKNIEFNALEITIR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ Í SAMVINNU VIÐ LÖGREGLU TVISVAR TIL ÞRISVAR Á ÖNN SÍÐASTLIÐIN ÞRJÚ TIL FJÖGUR ÁR ÁN ÞESS AÐ NOKKUÐ HAFI FUNDIST.
**Morgunblaðið mánudaginn 10. mars.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT SVERRISDÓTTIR VARABORGARFULLTRÚI

## *Hlakkar til páskafrísins fyrir vestan*



„Það er dálítill munur á að vera í minnihluta aftur en ég er að venjast því og reyni að vera dugleg,“ segir Margrét Sverrisdóttir varaborgarfulltrúi. „Annars er ég bara að koma mér í gírinn fyrir páskafríið og set stefnuna vestur á Ísafjörð. Ég ætla að fara á Skíðavikuna. Ég reyni að missa aldrei af henni og útlit fyrir í ár að maður komist á skíði. Annars er þetta orðin tvöföld hátíð því á sama tíma fer tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fram. Ég skrepp alltaf á nokkra tónleika á henni, sumt höfðar meira til mín en annað eins og gengur og gerist. En Ísafjörður er svo mikill menningarbær að það er alltaf mikið um að vera.“

Margrét er nýkomin af kvennaþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. „Það var geysilega skemmtilegt. Íslensku konurnar komu svo sterkar á þetta þing. Ég fékk á tilfinninguna að við værum leiðandi í jafnréttisbaráttunni, sem var mjög uppörvandi. Oft finnst manni þetta ganga hægt en þarna sást svo skýrt að við erum þó komin lengra en flestar þjóðir í jafnréttisbaráttunni. Það var mjög gaman að finna það.“

Margrét er auk þess í menntaráði og umferða- og samgönguráði Reykjavíkur, þar sem hún segir mikið um að vera. „Þetta eru svo stór ráð og við viljum vera öflug í minnihlutanum.“ Margrét er óháður varaborgarfulltrúi og segir ekki verða breytingu á því um sinn. „Ég er ekki að fara að ganga í annan stjórnmálaflokk á næstunni. Ég er í Íslandshreyfingunni og þar eru ákveðin mál sem þarf að greiða úr frá því í kosningunum. Það er mikið verk óunnið þar.“

## SKÁKMÓT:
### SKIPULEGGJANDINN TÓK TAPINU AFAR ILLA



■ Fyrsta alþjóðlega skákmótið var haldið í London árið 1851. Það var enski skákmaðurinn Howard Staunton sem skipulagði mótið þar sem sextán bestu skákmenn Evrópu mættust í fyrsta sinn.

Þjóðverjinn Adolf Anderssen bar sigur úr býtum á mótinu. Anderssen sigraði Staunton í undanúrslitum með fjórum vinningum gegn einum og endaði Staunton í fjórða sæti. Eftir keppnina sagði Staunon að honum hefði gengið mun betur ef ekki hefði verið álagið sem því fylgdi að skipuleggja keppnina.

## SJÓNARHÓLL
**AUKIÐ ÞORSKELDI Á ÍSLANDI**

## *Besta mál ef áhrifin eru ekki skaðleg*


**HAFSTEINN INGÓLFSSON** Verkefnastjóri

„Þetta er flókið mál,“ segir Hafsteinn Ingólfsson, verkefnastjóri hjá Manni lifandi. „Maður myndi ætla að aukið þorskeldi hefði tvennt í för með sér. Annars vegar að tilkostnaður við það að sækja þorskinn myndi minnka því að togarar kosta formúu. Hins vegar að ágangurinn í náttúrulega stofna myndi minnka þannig að þeir gætu fengið að vaxa. En síðan er það aftur ósvöruð spurning með eldisþorsk, hann væntanlega sleppur út og hvaða afleiðingar hefur það fyrir lífríkið? Það eru því margar áleitnar spurningar sem vakna og maður fær ekki svör við þeim alveg strax nema við frekari umræðu. Ég held að þorskeldið hafi staðbundin áhrif í Noregi og að við þyrftum ekki endilega að eltast við norska þorskeldið. Ef í ljós kæmi að við værum að ögra villta stofninum þá gætum við alveg haldið að okkur höndum en vissulega er það bara hið besta mál að efla þorskeldi ef það hefur ekki skaðleg áhrif á lífríkið.“


**HRAFNHILDUR ÓSK SIGURÐARDÓTTIR** Nemendur í efstu bekkjum grunnskólanna og allir nemendur framhaldsskólanna eiga von á smokkum en fyrirtækið Nýtt upphaf, sem Hrafnhildur Ósk er í forsvari fyrir, stendur fyrir verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grunnskóla- og framhaldsskólanemar fá smokka:

## Smokk á línuna

„Það er enginn að ýta undir notkun smokksins nema kennarar og svo Ástráður sem er forvarnastarf læknanema,“ segir Hrafnhildur Ósk Sigurðardóttir í fyrirtækinu Nýju upphafi, sem nú stendur fyrir verkefninu Okkar á milli.

Hún pantaði 50.000 smokka sem verið er að koma um þessar mundir í hendur 9. og 10. bekkinga í grunnskólum og allra framhaldsskólanemenda. „Mér telst til að um 37 þúsund fari til nemendanna og svo um 8 þúsund til Ástráðs sem getur svo nýtt sér það í sínum verkefnum og svo eru alltaf skólaböll og fleira þar sem afgangurinn gæti komið sér vel,“ bætir hún við.

Nýtt upphaf hóf smokkainnflutning í september síðastliðnum og segir Hrafnhildur Ósk söluna ganga vel. Fyrirtækið er með einu netsmokkasölu landsins en einnig er hægt að nálgast þá í söluturnum, matvöruverslunum á bensínstöðvum og fleiri stöðum. „Það eru náttúrlega alls konar mýtur tengdar smokknum sem eiga ekki við nein rök að styðjast,“ segir Hrafnhildur Ósk. „Eins og sumir töffarar segja að notkun hans sé eins og að borða karamellu með bréfinu eða eitthvað slíkt. Svo er náttúrlega grínast mikið í kringum þetta, sem gerir starfið bara enn skemmtilegra. Reyndar er ég orðin nokkuð þreytt á spauginu hjá sumum karlmönnum sem spyrja í gríni hvort þeir megi prófa áður en þeir kaupa,“ segir hún og brosir við. **- jse**

Kokkakeppni grunnskólanna:

## Matreiðslufólk framtíðarinnar

Kokkakeppni grunnskólanna verður haldin í annað sinn 12. apríl næstkomandi í Menntaskólanum í Kópavogi. Alls munu fulltrúar 24 grunnskóla taka þátt að þessu sinni.

Áslaug Traustadóttir, matreiðslukennari í Rimaskóla, á veg og vanda af keppninni. Hagkaup styrkja keppnina næstu þrjú árin og er meðfylgjandi mynd tekin þegar Sigurjón Ólafsson og Gunnar Ingi Sigurðsson frá Hagkaupum og Áslaug Traustadóttir undirrituðu styrktarsamninginn. **- ovd**



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Nemendur í heimilisfræðitíma í Rimaskóla fylgjast með undirrituninni.


**UM 40 ÞÚSUND MERKI GEFIN** Merkin vinsælu eru fjölbreytt að lögun og lit.

Mikilvægi endurskinsmerkja:

## Vegfarendur sjást fyrr

Slysavarnadeildir og björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa í vetur gefið um 40 þúsund endurskinsmerki. Þar af hafa um 35 þúsund merki verið gefin börnum í leik- og grunnskólum.

Í endurskinsmerkjum felst mikil slysavörn. Segir í tilkynningu frá Landsbjörgu að ökumaður sem ekur bifreið með lágum ljósum sjái dökkklæddan einstakling án endurskins fyrst í 25 metra fjarlægð en ef viðkomandi einstaklingur beri endurskinsmerki sjái viðkomandi ökumaður hann mun fyrr, úr 125 metra fjarlægð.

Þá hvetur Slysavarnafélagið Landsbjörg alla landsmenn til að vera sýnilegir í umferðinni og nota endurskinsmerki. **- ovd**




Reykjavíkurborg hvetur alla borgarbúa til að færa hugmyndir um betra borgarumhverfi inn á nýjan ábendingavef. Þar er einnig hægt að kynna sér aðrar tillögur og veita þeim stuðning.

EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11

# Wicca en ekki djöfladýrkandi

**Alexandra Diljá Guðlaugsdóttir er ein þeirra sem iðka wicca og hefur gert það í tvö ár. Áhuginn kviknaði fyrst fyrir sex árum, þegar hún var þrettán ára gömul.**



**ALEXANDRA DILJÁ GUÐLAUGSDÓTTIR** Gyðjan fær meiri athygli en guðinn, sennilega vegna þess að flestir wicca-iðkendur eru konur.

„Wicca er náttúru- og fjölgyðistrú og við trúum á heilagleikann sem er bæði Guðinn og Gyðjan. Þau búa í öllu og náttúran er því heilög. Maður á því að vera meðvitaður um umhverfið og hvernig maður kemur fram við fólk. Þessi lífsspeki höfðaði strax til mín.“

### Kristni og wicca

Alexandra segir að fólk mæti oft miklu skilningsleysi þegar það játar fyrir fjölskyldunni hverrar trúar það sé og á það sérstaklega við þegar fjölskyldan er mjög trúuð. Sem betur fer hafi það ekki verið tilfellið með sig. „Þetta er skiljanlegt. Kristin trú bannar galdra og skurðgoðadýrkun og þar með wicca. Þegar foreldrar komast að því að barnið er wicca verður fólk skelfingu lostið og vill bjarga barninu. Það heldur að barnið sé gengið djöflinum á vald en það gæti ekki verið fjær sanni.“

### Wicca ekki skráð trúfélag

Fjöldi wicca-iðkenda á Íslandi er óviss en sumir vilja meina að þeir séu milli tvö og þrjú hundruð. Ástæða óvissunar er ekki síst að wicca er ekki skráð trúfélag.

Nokkuð margir wicca-iðkendur eru innan Ásatrúarfélagsins og er ástæðan fyrir því að það er eina heiðna trúfélagið sem wicca-iðkendur geta skráð sig í og þeir vilji styrkja þetta samfélag. „Ég get gengið þar inn og sagt: Ég er wicca og það er samþykkt. Ég sé ekki alveg fyrir sömu viðbrögð hjá Krossinum!“ Alexandra segir að margt sé líkt með ásatrúnni og wicca. Í kristni þurfi til dæmis að biðja um fyrirgefningu en í wicca væri það kjánalegt að biðja Gyðjuna eða Guðinn að fyrirgefa sér. „Maður ber ábyrgð á sínum eigin gjörðum í wicca og ásatrú. Það er því undir manni sjálfum komið að fyrirgefa.“

### Ekki má skaða fremja

Galdrar eru ekki hluti af wicca heldur viðbót og þá stunda ekki allir wicca-iðkendur. „Sjálf hef ég ekki gert það hingað til,“ segir Alexandra. Wicca-iðkendur segja að galdra eigi að nota til góðs. Einhverjir hljóta samt að nota þá til ills? „Auðvitað eru einstaklingar inni á milli sem gera það en wicca-samfélagið lítur á þá sem svikara við trúna því það brýtur aðalreglu wicca sem er þessi: Það má ekki skaða fremja.“

Að lokum, hvert á fólk að snúa sér ef það hefur áhuga á að kynna sér wicca? „Þá er best að kíkja á síðuna mína, Wicca á Íslandi, wiccaiceland.freeforums.org. Í gegnum hana má svo senda mér póst.“ - seg









**KERTIN ERU MIKILVÆG** Við tilbeiðslu á Guðinn og Gyðjuna, svo og þegar galdrar eru stundaðir er mikilvægt að hafa réttu tækin sér til aðstoðar. Áhersla er meðal annars lögð á kerti.




## WICCA Í HNOTSKURN

- Talið er að alls um 800.000 manns iðki wicca.
- Wicca fór að breiðast út í núverandi mynd upp úr 1954 en þá gaf stofnandi trúarinnar, Gerald Gardner, út bókina Witchcraft Today.
- Innan wicca eru margar stefnur, til dæmis gardnerísk, alexandrísk, norræn og úrvals.
- Galdrar eru viðbót en ekki hluti af wicca.
- Ákveðin verkfæri eru mikilvæg: sproti, bikar, rýtingur, tákn með fimm arma stjörnu innan hrings, pottur, reykelsisstandur, reykelsi og kerti.
- Wicca trúir á hið heilaga og það skiptist í guðinn og gyðjuna sem búa í öllum hlutum.
- Guðinn er táknaður með sólinni en gyðjan með tunglinu.
- Þungamiðja wicca er trúin á karma: Það sem þú gerir, gott eða illt, kemur til þín þrefalt til baka.
- Algengt er að wicca-iðkendur trúi á endurfæðingu.
- Wicca hefur ekkert með djöfladýrkun að gera.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Listin að vera ráðalaus:

## Tímans kall

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Oft er talað um að einstaka stjórnmálamenn hafi pólitískt nef. Þeim sé eðlislægt að nema sterka en leynda bylgju í samfélaginu sem fáum er ljós, jafnvel ekki sjálfum pöplinum. Lýðskrumurum er stundum gefin þessi gáfa. Hún tryggir þeim skjótan framgang en oftar er þeim hætt við falli sem einungis kjörtímabilið verndar þá fyrir. Hin lýðræðislega kosning til langs tíma heldur þá verndarhendi yfir hróknum þótt dauður sé. Hin miklu og virku samskipti sumra stjórnmálamanna við almenning gefa þeim oft til kynna hvað er á seyði í eldhúsum þjóðarinnar þótt margir þeirra séu umkringdir jábræðrum og tapi á endanum sambandi við fastalandið, kjósendur og þjóðina. Stundum nýta þeir sér það til eigin framdráttar, stundum til að styrkja framgang þeirra hugsjóna sem þeir standa fyrir og vilja sjá verða að veruleika.

Ekki er að sjá að stjórnmálamenn á Íslandi ætli upp til hópa að láta sig nokkru varða þótt forráðamenn í atvinnulífi hér á landi og almenningur að stórum hluta vilji staðfastlega láta hefja vinnu við undirbúning umsóknar að Evrópubandalaginu. Þeir lýðræðislegu fulltrúar sem hæst láta í andstöðu um þau eru ekki margir. Margir reyndar múlbundnir við heimreið stjórnmálaflokkanna sem þeir skipa um þessar mundir. Þótt æ fleiri rök hnígi að því

*Þótt æ fleiri rök hnígi að því að Ísland eigi heima í samfélagi Evrópuþjóða hristir forsætisráðherrann af sér hausinn og segir engan slíkan aðgang á dagskrá.*

að Ísland eigi heima í samfélagi Evrópuþjóða hristir forsætisráðherrann af sér hausinn og segir engan slíkan aðgang á dagskrá. Allt í kringum hann loga eldar og þessi mæti fulltrúi varkárni situr sem fastast og leggur kapal: ekkert er í báli í kringum hann. Allir aðrir hafa það sterklega á tilfinningunni að nú sé einmitt kominn þessi tími – vonum seinna.

Hvað forsætisráðherranum og fylgismönnum hans gengur til er ekki vel ljóst: vera kann að öndverðar skoðanir innan hans flokks skelfi forystuna og hún þori hreinlega ekki að taka þetta mál á dagskrá opinberlega og af fullum heilindum á sínum vettvangi af ótta við að það kljúfi Sjálfstæðisflokkinn. En þá mega herrar á þeim bæ muna að flokkurinn hefur um langa hríð verið vel agaður, jafnvel fylgt leiðtogum sínum í styrjaldir í fjarlægum heimshlutum af stakri spekt. Ekki að til þess sé hvatt að stærsta stjórnmálahreyfing landsins til skamms tíma leggi í umræðu um inngöngu í Evrópubandalagið með bundið fyrir augun. „Gögnin blasa við og eru öllum fyrirliggjandi," sagði Árni Snævarr blaðamaður nýlega í umræðuþætti í Ríkisjónvarpinu.

Á þessum umrótstímum gengis, fjármagns og atvinnuhátta er nauðsynlegt og ábyrgt að stjórnmálamenn þori að ræða framtíð þjóðarinnar á þessum vettvangi og hætti illa skýrðri afstöðu. Þeir þurfa að taka þá umræðu sem þjóðin finnur, skilur og sér að er orðin okkur ári brýn, svo við megum komast að upplýstu samþykki eða andstöðu um þátttöku í þessu bandalagi. En til þess þarf meira en pólitískt nef. Til þess þarf pólitískan kjark.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

„…fyrst á visir.is“

visir.is
…ég sá það á visir.is



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vandlátur ritrýnir

Í nýjasta hefti Þjóðmála skrifar Jakob F. Ásgeirsson ritstjóri ítarlegan ritdóm um nýútkomna myndabók um Davíð Oddsson. Varla er hægt að finna vandlátari lesanda en Jakob og ljóst af lestri dómsins að hann lætur ekki bjóða sér hvað sem er þegar störf og ævi Davíðs Oddssonar eiga í hlut. Tekið er fram að myndir úr æsku Davíðs séu ekki nógu skýrar til að hægt sé að „njóta þeirra til fulls“; ritstjórinn saknar þess að engar myndir er að finna af Davíð á unglingsaldri en sem betur fer „er skemmtileg syrpa passamynda sem sýna Davíð breytast úr dreng í mann“.



### Rétt mynd

Eftir stendur spurningin: „Gefur bókin rétta mynd af ævi og störfum Davíðs?“ Jakob telur að svo sé. „Af bókinni að dæma virðist aldrei hafa verið dauð stund í lífi Davíðs. … Bókin ber það með sér hvað Davíð er einstaklega lagið að umgangast fólk… Eftir að Davíð er orðinn borgarstjóri eru nær allar myndir af honum brosandi, hlæjandi eða talandi… Margar myndanna bera með sér þann einstaka kraft og gust sem löngum hefur stafað af Davíð.“



### Sex stjörnur

Jakob tekur að lokum af öll tvímæli um að bókin uppfylli kröfur vandlátustu lesenda: „Bókin er ekki aðeins sýnishorn af glæsilegum og viðburðaríkum stjórnmálaferli, heldur er hún einnig vitnisburður um ævi manns sem hefur skapgerð til að njóta lífsins og miðla öðrum af hæfileikum sínum og lífskrafti.“ Þjóðmál gefa ekki stjörnur en ef svo væri fengi Davíð Oddsson í myndum og máli sjálfsagt sex af fimm mögulegum.

bergsteinn@frettabladid.is

## Fermingarvesenið



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Fermingar

Það er ferming framundan og við höfum sogast inn í fermingarhringiðuna. Tilboðum rignir inn um bréfalúguna og fermingarbarnið safnar þeim öllum saman og les samviskusamlega. Hvort eigum við að hafa matar- eða kaffiveislu? Hafa veisluna heima eða að heiman? Kaupa allt tilbúið eða gera sjálf? Bjóða aðeins þeim alnánustu eða öllum sem við þekkjum?

Þetta væri mun einfaldara ef fermingarbarnið hefði ekki mjög ákveðnar skoðanir. Hún sagði að við hlytum að skilja að þetta væri stór dagur í lífi sínu. Hún skrifaði upp gestalistann, ákvað að hafa þetta heima og bjóða aðeins upp á það sem henni þykir gott, með þeirri undantekningu að við megum hafa kaffi og gos. Hún er þegar búin að leggja inn pöntun hjá ættingjum og vinum á kransakökubitum, skinkuhornum og kleinum. Og helst vill hún fá að taka þátt í bakstrinum með viðkomandi.

Það stefnir allt í veislu sem minnir á erfidrykkju til sveita. Pönnukökur með sykri, flatbrauð með hangikjöti, rjómaterta… það eina sem bendir til að hér sé ferming er kransakakan sem hún bakaði sjálf (reyndar með aðstoð minni á námskeiði hjá bakarameistara).

**Fermingar og útfarir**

Fermingarstúlkan er hvorki búin að velja föt né „litinn“. Við mæðgur fórum því á fermingarsýningu í Blómavali og horfðum á tískusýningu þar sem stúlkurnar líktust páfuglum, svo tilþrifamikil var greiðslan. Þvílíkur valkvíði greip um sig þegar við horfðum á allt glingrið og litaúrvalið að við hringdum í vinkonu, alveg eins og í sjónvarpsþáttunum.

Vegna áralangrar reynslu þessarar tilteknu vinkonu úr flottustu blómabúð bæjarins og listræns innsæis treystum við henni betur en okkur sjálfum til að ráða fram úr þessu vandasama verki. Hún horfði í kringum sig í búðinni og spurði hvað okkur lægi á. Ja, það verður að gera þetta tímanlega ef fermingarbarnið vill fá áletrað kerti, servíettur, sálmabók, gestabók og hanska, nei, annars það er víst ekki letrað á þá.

*Hún skrifaði upp gestalistann, ákvað að hafa þetta heima og bjóða aðeins upp á það sem henni þykir gott, með þeirri undantekningu að við megum hafa kaffi og gos.*

Vinkonan sagði að þetta væri meiri hysterían. Þegar andlát ber að höndum græja ættingjarnir allt á einni viku, skipuleggja útförina, velja sálma og láta prenta sálmaskrá, panta fínar kistuskreytingar og erfidrykkju. Á sama tíma er búið að telja okkur trú um að fermingu þurfi að skipuleggja með margra mánaða fyrirvara. Kannski er raunin sú að við vinnum best undir álagi, þegar tíminn er nægur förum við bara að flækja málin.

**Margt er manna bölið**

Þegar við fluttum inn í íbúðina okkar fyrir rúmum átta árum voru margir gáttaðir á því að við skyldum ekki henda út eldhúsinu. Það var ljótt þá og ekki hefur það batnað með árunum. Leikstjóri sem við þekkjum spurði hvort hann gæti fengið það í leikrit sem hann er að setja upp, hann hefði hvergi séð neitt hallærislegra. Ég ku víst hafa lýst því yfir þegar við fluttum inn að við myndum skipta út innréttingunni fyrir fermingu frumburðarins. Ótrúlegt hve margir minntust þeirra orða minna og hermdu upp á mig loforðið. Það að velja og kaupa nýtt eldhús og tæki var svo leiðinlegt að ég vona að ég þurfi aldrei að gera það aftur.

Til að flækja málið lak af efri hæðinni niður til okkar þannig að það verður að mála stofurnar og nokkra gluggakarma og skipta út klóakinu. Það verður því nánast nýtt heimili sem gestunum verður boðið til veislu í.

Fermingarbarnið fékk martraðir um að gestirnir mættu til gleðinnar og allt væri hér á rúi og stúi. Ég sá mig í anda mála síðustu umferðina rétt áður en ég skytist út í kirkju. Þegar í ljós kom að við gátum frestað fermingunni um heilar fimm vikur róuðumst við mikið. Nú hugsum við um þetta í jarðarfarasamhenginu, það er hægt að gera þetta á einni viku. Við ætlum reyndar að panta kertið tímanlega, gera boðskortin, undirstinga væntanlega bakara og leita að aðstoð í veislunni því venjulega sjáum við saumaklúbbsvinkonurnar um þetta hjá hver annarri en hún ákvað fyrir mörgum árum að bjóða þeim öllum því henni finnst þær svo skemmtilegar.

Það eina sem fermingarbarnið hefur áhyggjur af núna eru gjafirnar, hana vantar nefnilega ekki neitt og langar ekki í neitt. Margt er manna bölið.

## Gömul sannindi og ný

**UMRÆÐAN**

Kjör kennara



ÁSDÍS INGÓLFSDÓTTIR

Framhaldsskólakennarar hafa dregist umtalsvert aftur úr viðmiðunarhópum sínum innan BHM í launum. Þeir eru þó snöggtum betur settir en grunnskólakennarar. Mitt á milli þessara tveggja eru leikskólakennarar sem þrátt fyrir aðeins skárri kost en áður eru nú sagðir flýja í önnur störf rétt eins og grunnskólakennarar. Laun kennara eru því langt frá því að vera samkeppnishæf.

Framundan eru erilsamir tímar hjá félagsmönnum í Kennarasambandi Íslands og aðildarfélögum þess og þar verða þessi mál til umræðu. Í mars halda félög framhaldsskólakennara, grunnskólakennara og leikskólakennara aðalfundi sína. Í apríl er svo haldið þing Kennarasambands Íslands sem að koma sjö félag kennara og stjórnenda á öllum skólastigum að frátöldum háskólakennurum.

Ljóst er að margir kennarar munu koma að þessum fundarhöldum til að leggja sitt af mörkum bæði faglega og til að knýja á um bætt kjör. Í vor eru nefnilega lausir samningar hjá kennurum og þá er gott að hafa stillt saman strengi á fundum og þingi.

Nýlegir samningar á almennum markaði gefa ekki tóninn fyrir samninga kennara, sem hafa sjálfstæðan samningsrétt. Við þær aðstæður sem nú ríkja verða kennarar að geta nýtt samningsrétt sinn til að rétta hlut stéttarinnar og tryggja sambærileg kjör og viðmiðunarstéttir búa við. Bætt kjör kennara tryggja að skólar landsins verði mannaðir úrvals fólki með góða menntun og sterka fagþekkingu.

Sem betur fer virðist íslenskt samfélag hafa vaknað til vitundar um hversu nauðsynlegt það er að kennarar njóti viðunandi launakjara. Hafa ýmsir framámenn og ráðamenn lýst þeirri skoðun á opinberum vettvangi að íslenskt samfélag geti ekki lengur unað því að kennarar séu jafn lágt launaðir og raun ber vitni. Margir hafa orðið til að taka undir þessar skoðanir. Vonandi er svo komið að þessi sannindi hafi í raun runnið upp fyrir öllum þorra landsmanna og verði loks til þess að kjör kennara verði leiðrétt þannig að sæmd sé að.

*Höfundur er kennari við Kvennaskólann í Reykjavík.*

**Átak** sem beinist að fermingarbörnum og forráðamönnum þeirra stendur nú yfir og er þar bent á hættuna sem fylgir ljósabekkjanotkun ungs fólks. Þetta er fimmta árið í röð sem farið er af stað með fræðsluherferð um þessi mál undir slagorðinu „Hættan er ljós“.



**Teygjuæfingar** eru mikilvægar fyrir þá sem eru nýfarnir að stunda íþróttir eftir langt hlé því vöðvarnir geta orðið stífir og aumir þegar þeim er beitt á nýjan hátt. Eins getur verið gott að fara í heitt bað eða annað slagið í nudd til að mýkja vöðvana upp.



**Þekkingartorg** á heilbrigðissviði var opnað formlega í síðustu viku. Það er aðgangsstýrt netsvæði fyrir verkefna- og upplýsingamiðlun. Með netsvæðinu er kominn gagnagrunnur fyrir heilbrigðistengd gögn auk þess sem þekkingartorgið er kjörinn vettvangur umræðu um heilbrigðismál.

# allt









# Slys á börnum – námskeið

**Kópavogsdeild Rauða krossins** heldur námskeiðið **Slys á börnum 17. og 18. mars** kl. 18-21 í Hamraborg 11, 2. hæð. Á námskeiðinu er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl.

Námskeiðið getur gagnast öllum þeim sem umgangast börn hvort sem er í starfi eða daglegu lífi.

- Leiðbeinandi er Sigríður K. Sverrisdóttir, hjúkrunarfræðingur.
- Námskeiðsgjald: 6.500 kr. á mann en 5.000 krónur ef maki eða eldra systkini tekur líka þátt.
- Innifalin eru námskeiðsgögn og þátttökuskírteini.

**Skráning er til 14.mars.**

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur




Guðrún Fema ljósmóðir drekkur sjaldan kaffi og kryfur því dægurmálin þegar hún fer út að hlaupa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hlaupandi saumaklúbbur

***Guðrún Fema Ágústsdóttir ljósmóðir keppti eitt sinn á Ólympíuleikum í sundi. Nú stundar hún langhlaup og kryfur dægurmálin á hlaupunum.***

Guðrún var sautján ára þegar hún keppti á Ólympíuleikunum í Los Angeles og setti þar Íslandsmet í hundrað metra bringusundi. „Þá var ég búin að æfa í mörg ár og gekk vel. Ég setti þarna Íslandsmet sem er svolítið mikið mál í svona stórri keppni, nýorðin sautján ára,“ rifjar Guðrún upp og bætir við: „Ég byrjaði níu ára í sundinu en við fórum þrjú systkinin með mömmu. Bjuggum í Laugarneshverfinu og langaði að að gera eitthvað og þá var sundfélagið Ægir þar. Svo gerðist þetta hratt og skemmtilega að ég fór að keppa en þeim ferli lauk svo á því að ég meiddist á öxl eftir Ólympíuleikana.“

Guðrún segir meiðslin ekki há sér en hún hætti þó að synda og sneri sér að búi og börnum í bili. „Ég flutti til Svíþjóðar og fór að búa og eignaðist þrjú börn og var upptekin af því. En eftir að við fluttum heim árið 2001 vildi ég fara að hreyfa mig aftur. Ég missti líka pabba minn á þessum tíma og maður grennist oft í svona erfiðleikum svo ég fór að hugsa um eitthvað til að auka matarlystina og það gerir maður meðal annars með góðri hreifingu.“

Guðrún býr vel að vinkonum og segir saumaklúbbinn sinn heila hersveit af afrekskonum sem drifu hana með sér að hlaupa. „Martha Ernstsdóttir maraþonhlaupari er mín æskuvinkona svo ég fékk að hoppa inn í hlaupasaumaklúbbinn. Upp úr því fór ég svo að hlaupa reglulega. Saumaklúbburinn hleypur alltaf tvisvar í viku tíu kílómetra og svo fer ég líka með Mörthu og Huldu, vinkonum mínum úr saumaklúbbnum, á frjálsíþróttaæfingar. Við hlaupum úti og inni sitt á hvað eftir veðri og þetta gerum við á hverjum degi.“

Guðrún segist öðru hvoru taka sér letidaga en ekki oft því hún segir hlaupin ekki síður holl fyrir andann en líkamann.„Við hlaupum ekki það hratt að við getum alltaf spjallað á hlaupunum og þar eru mörg málefni krufin sem aðrir myndu kryfja yfir kaffibolla. Þegar maður er kominn á þennan aldur er gott að spjalla við vinkonur sínar og ég drekk ekki kaffi nema einstöku sinnum.“

*heida@frettabladid.is*






**Heilsudrykkur** er kjörinn til að byrja daginn með. Setjið appelsínur, ferskan ananas og gulrætur í safapressu og kreistið smá safa úr sítrónu yfir.

# Erfið eru unglingsárin

***Unglingsárin eru tími sem snertir marga. Þetta er tímabil þar sem börnin renna inn á fullorðinsskeiðið. Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur hefur boðið upp á námskeið sem er ætlað foreldrum barna sem eru að hefja þetta viðkvæma tímaskeið.***



Á námskeiðinu verður fjallað um með hvaða hætti foreldrar geta miðlað til barna sinna fræðslu um tölvunotkun og hættur sem kunna að leynast á netinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Á námskeiðinu fjalla ég um helstu þroskabreytingar, áhrifaþætti og kynjamismun, mismunandi uppeldisnálganir og hverjar helstu þarfir unglinganna eru en unglingsárin eru þekkt fyrir sveiflukennda líðan og upp koma tilfinningaleg og félagsleg vandamál. Einnig fjalla ég um hvernig kjarni góðra samskipta lítur út í fjölskyldunni, tölvunotkun unglinga og mikilvægi þess að ræða við börnin um áhættu sem fylgir fikti við neyslu áfengis,“ segir Kolbrún.

Námskeiðið gerir grein fyrir hlutverki og viðbrögðum foreldra og helstu úrræðum. „Unglingsárin hafa löngum verið þekkt fyrir að vera eitt viðkvæmasta tímaskeið ævinnar. Þetta er tímabil þar sem barnið í okkur kveður á sama tíma og stigið er inn í heim fullorðinna. Ótal vísbendingar eru um að kynþroskinn hafi færst neðar samhliða aukinni velmegun. Að sama skapi hefur skólaganga almennt lengst,“ útskýrir Kolbrún.



Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur fer í gegnum helstu þættina sem varða unglingsárin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Því má segja að þetta tímaskeið ævinnar spanni fleiri ár en áður. Samskiptin á heimilinu eru mjög mikilvægur þáttur sem má ekki vanrækja þegar börn eru á unglingsaldri. Á þessu tímaskeiði eru þarfir unglinganna einna helst þær að vita að foreldrar þeirra eru fastur punktur í tilverunni. „Umhyggja og ástúð ásamt jafnvægi milli frelsis og aga skiptir þennan aldurshóp hvað mestu máli. Tölvunotkun unglinga hefur aukist mikið á síðustu árum. Með komu netsins hafa bæði skapast auknir möguleikar á samskiptum en að sama skapi getur ofnotkun dregið úr færni barnanna í mannlegum samskiptum,“ útskýrir Kolbrún.

Á námskeiðinu verður fjallað um með hvaða hætti foreldrar geta miðlað til barna sinna fræðslu um tölvunotkun og hættur sem kunna að leynast á netinu. Áfengi og aðrir vímugjafar eru málefni sem brennur á fjölmörgum foreldrum barna sem nálgast eða eru á unglingsaldri. Námskeiðið er hugsað til að veita foreldrum ákveðna innsýn í hvað þeir þurfa að tala um við börnin sín helst vel áður og um það leyti sem þetta tímabil er að hefjast. Til dæmis hvaða áhrif vímugjafi eins og áfengi hefur á heilastarfssemina þannig að ákveðnar persónubreytingar eiga sér stað. „Fyrirlesturinn er um ein og hálf klukkustund og er námskeiðið ætlað foreldrum fjórtán til sextán ára unglinga. Námskeiðið er upplagt fyrir foreldrafélög og hægt að fá nánari upplýsingar á heimasíðunni minni www.kolbrun.ws eða senda mér póst á netfangið kolbrunb@hive.is,“ segir Kolbrún.

*mikael@frettabladid.is*



Appelsínur eru góðar bæði útvortis og innvortis.

# Frískandi kryddspa

***Að leggjast í frískandi jurtabað er á við góðan nætursvefn.***

Lisa Sundgren er sænskur heilsugúru sem heldur námskeið í jurtafræðum í sínu heimalandi. Hún hefur nýlega gefið út bókina Lisens örtspa sem inniheldur uppskriftir af frískandi fegrunarmeðulum í formi baðefna. Aftonbladed gaf þessari unaðsblöndu af appelsínum, kardemommum, engifer, kanil, mjólk og hunangi fjóra plúsa af fimm mögulegum. Í ummælum kemur fram að feit mjólk og appelsínur geri húðina mjúka og hafi góð áhrif á sálartetrið.

**Það sem þarf er:**
1 msk. heil kardemommufræ
2 kanilstengur
lítill biti fersk engiferrót
5 dl nýmjólk
1 dl hunang
1 appelsína í sneiðum

Steytið kardimommukjarnana í mortéli. Brjótið kanilstengurnar í litla bita og skerið engiferið í þunnar sneiðar. Hitið mjólkina í potti með kryddinu og látið standa á vægum hita í fimm mínútur undir loki. Bætið hunangi og appelsínum í og blandið öllu í baðvatnið. Gott er að nudda húðina með appelsínusneiðunum, þær fríska upp húðina og ilma vel. *- gun*


Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
13. mars kl. 18:00 - 21:00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur
19. mars kl. 20:00 - 22:00
Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari
3. apríl kl. 18:00 - 21:00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur
10. apríl kl. 17:30 - 19:00
Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Fullkomin blanda!
Udo's choice 3•6•9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.
Udo's 3•6•9 Oil Blend
Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:
• Hjarta og æðakerfi
• Kólesteról í blóði
• Blóðþrýsting
• Liði
• Orkuflæði líkamans
• Minni og andlega líðan
• Námsárangur
• Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu
• Rakastig húðar
Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum
heilsa –hafðu það gott

heilsa COLON CLEANSER
Hraðar meltingunni
heilsa –hafðu það gott

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótelum
Heilsusamlegir páskar á Fosshóteli Reykholti
TILBOÐ
Heilsupakki 20. - 22. mars kr. 23.500
Hatha jóga pakki 21. - 23. mars kr. 29.900 / 50.000 fyrir parið
Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

## Vélsleðar



Ski-Doo Summit 800 X RS 151" árg. 2007, ekinn 1200. Sem nýr. S 898 2811.



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA Arctic Cat Crossfire 700 EFI Sno Pro árg. 2006. Topp sleði, nagglar í belti. Eins og nýr. Verð 750. S. 898 2811.

Félagsfundur LÍV-Reykjavík í Bíósal Hótel Loftleiða næsta miðvikudag kl. 20. Myndasýningar o.fl. Fjölmennum. Allir velkomnir. Nánar á Snow.is. Stjórnin.

Polaris Inby 800XCR til sölu. Árg '00. Ek. 1400 mílur, verð 380 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 690 9575

## Fellihýsi

www.fellihysaleigan.is S. 899 4161 & 822 1920 og á opet@opet.is

## Vinnuvélar







## Varahlutir

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.



### Vélar ehf. Vatnagarðar 16

Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Tek að mér páskaþrif og regluleg þrif í fyrirtækjum og einnig flutningsþrif. Ástu-Svæði . S. 848 7367.




Stjörnuþrif

### ALVEG SKÍNANDI!

Flutningsþrif, nýbyggingaþrif, húsfélagaræstingar, ræsting fyrir fyrirtæki og stofnanir, bónvinna, teppahreinsun og allar almennar hreingerningar. www.stjornuthrif.is S: 820 0691

## Garðyrkja







Vetur, sumar, vor og haust. Vanir menn, vönduð vinna! Upplýsingar veita Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509 Kletthamar ehf. www.kletthamar.is






Getum tekið að okkur húsgrunna, stóra sem smáa sem og aðra jarðvinnu.Fljót og góð þjónusta.Stálás ehf. S: 860-2610 stalas@simnet.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Ert þú að byggja?

Tökum að okkur alla vinnu við grunna og lóðir. Þekking og þjónusta í sérflokki. Hausverk ehf s. 899 0957.

## Bókhald

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

FRAMTALSÞJÓNUSTA - S. 517 3977.

### Framtal 2008

Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Einnig opið um helgar. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

## Fjármál

Skattframtöl - Ráðgjöf - Samningagerð - Bókhald - o.fl. atoz@atoz.is s:771 4545

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148, jig@mi.is

Málaranemi getur tekið að sér málningar verkefni. Fagmennska og gott verð. Sími 697 9867.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Húsaviðhald

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## BÍLAR TIL SÖLU

# Ekki leita lengra. Komdu við hjá okkur!
# Bílaland Selfossi



**Hyundai Santa Fe**
Nýskr 26.07.04,ekinn 96þ.
Sjálfsk, krókur, filmur.
Verð 2.180.000.-



**Hyundai Getz**
Nýskr 16.09.04, ekinn 30þ.
Beinskiptur.
Verð 1.090.000.-



**Renault Megane II**
Nýskr 30.05.05,ekinn 74þ.
Beinskiptur.
Verð 1.550.000.-



**Hyundai Terracan 2.9 Disel**
Nýskr 04.10.04,ekinn 71þ.
Beinskiptur.
Verð 2.680.000.-



**Toyota Corolla Vvti**
Nýskr 07.06.05,ekinn 48þ.
Beinskiptur.
Verð 1.510.000.-



**Audi A4 1.8T**
Nýskr 09.02.05,ekinn 27þ.
Sjálfsk, leður, 17"felgur ofl.
Verð 3.670.000.-



**Volkswagen Jetta**
Nýskr 13.02.06,ekinn 34þ.
Beinsk, 16"felgur.
Verð 2.190.000.-



**BMW X5 3.0d**
Nýskr 02.01.04,ekinn 100þ.
Sjálfskiptur.
Verð 4.100.000.-



**Ford Mondeo 1.6**
Nýskr 13.02.06,ekinn 100þ.
Sjálfsk, 16"felgur.
Verð 820.000.-



**Toyota Rav4 VVti**
Nýskr 18.01.05,ekinn 62þ.
Beinskiptur, 4x4 ofl.
Verð 2.190.000.-



**Hyundai Santa Fe 2.4**
Nýskr 06.06.06,ekinn 50þ.
Beinskiptur.
Verð 2.600.000.-



**Mitsubishi L200 D/C**
Nýskr 24.10.03,ekinn 55þ.
Beinsk, 4x4, dísel.
Verð 1.920.000.-



**Land Rover Freelander HSE Disel**
Nýskr 30.04.07,ekinn 16þ.
Sjálfsk, leður,cruise ofl.
Verð 4.920.000.-

bíla land
bilaland.is
Hrísmýri 2a Selfoss
575 1460




# páskar

MIÐVIKUDAGUR 11. MARS 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Páskadúkar skapa stemningu

**Vinkonurnar Katrín, Jenný, Rósa og Auður hafa haldið hópinn síðan þær luku prófi við handavinnudeild Kennaraskóla Íslands. Eitt verkefnið á þeim árum var einmitt páskadúkur í gulum lit. En útsaumaðir páskadúkar geta sett mikinn svip á heimilið þegar skreytt er fyrir páskahátíðina.**



Takið eftir hekluðu páskahænunum á gula dúknum með útsaumaða mynstrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jenný Birna Ingólfsdóttir, fyrrverandi textílkennari í Austurbæjarskóla, segir upplagt að sauma dúk fyrir páskana í skammdeginu þegar jólin eru búin.

„Páskarnir tengjast sólinni og upprisunni og vorið er að nálgast,“ nefnir Katrín Helga Ágústsdóttir, sem kennir handmenntir og myndlist við Kvennaskólann í Reykjavík. Hún hóaði saman vinkonum sínum sem luku prófi frá handavinnudeild Kennaraskóla Íslands, í síðdegiskaffi nú á dögunum. Þær vinkonur, sem eru reyndar níu í hópnum, eru sammála um að fallega útsaumaður páskadúkur skapi hátíðlega stemningu um páska.



Dúkurinn hér á myndinni er eftir vinkonurnar. Takið eftir hversu fallega gulu kertin og eggin tóna við dúkinn.

„Mikil vakning hefur einmitt verið fyrir handmenntum,“ segja vinkonurnar og bæta við að mikið virðist vera af námskeiðum í boði fyrir þá sem áhuga hafa á útsaumi. „Útsaumur er að koma mikið inn í alla hönnun á fatnaði og skrauti í dag,“ bendir Katrín á, en hún og maður hennar Stefán Halldórsson hafa unnið mikið af batíktextíl um árin.



Vinkonurnar Jenný, Katrín, Rósa og Auður hafa haldið hópinn síðan þær útskrifuðust úr handavinnudeild Kennaraskóla Íslands.

Dúkarnir sem þær vinkonur setja á borð eru heklaðir og prjónaðir dúkar í gulum lit, einnig eru þar að finna léreftsservíettur úr batík og útsaumaða dúka í hvítum, gulum og brúnum lit. Merkja má helstu táknmyndir páskanna í útsaumnum. Páskaunginn er vinsælt myndefni sem og skreytt páskaegg.

„Útsaumur er meðal þeirra verkefna sem lögð eru fyrir nemendur í textílkennslu,“ nefnir Auður Karlsdóttir, sem kenndi lengi textíl í Árbæjarskóla. Ragnhildur Rósa Þórarinsdóttir, fyrrverandi textílkennari í Austurbæjarskóla, nefnir að þær vinkonurnar hafi oft þurft að leggja mikla heimavinnu á sig til að klára verkefnin þegar þær voru í náminu. Dúkarnir á borðunum í kaffiboðinu hjá Katrínu eru margir saumaðir út með ýmsum gerðum af mynstrum og aðferðum. Gulu páskadúkarnir sem saumaðir voru í skólanum um árið eru með frumsömdum mynstrum, þar sem unnið er með tvöfalt hnútaspor og afbrigði af klaustursaumi.



Dúkar prjónaðir og saumaðir út með ýmsum aðferðum.

„Handgert og sérhannað páskaskraut er til þess að hafa gaman af. En það er hægt að gera svo margt í höndunum bæði hekla, prjóna og sauma út,“ segja vinkonurnar og bæta við að góð undirstaða í handmenntum geti verið góður grunnur í lífinu. Alltaf er gaman að skapa eitthvað fallegt. „Og sérhannaður borðdúkur með fallegu páskamynstri, eins og krossi, eggjum, kanínum eða páskaliljum, getur sannarlega átt sinn þátt í að skapa hátíðlega stemningu um páska,“ segja vinkonurnar að lokum. *-vg*

# Allt frá útivist til almenns dekurs

**Páskarnir eru góður tími til ferðalaga innanlands hvort sem menn vilja stunda útivist á fjöllum, skella sér í æsispennandi ferð í Adrenalíngarðinn eða láta dekra við sig á lúxushóteli í hæfilegri fjarlægð frá höfuðborginni.**

Páskarnir eru vinsæll tími til ferðalaga og er uppselt í margar lengri ferðir innanlands og í ferðir til útlanda. Þeim sem vilja fara í ferðalag innanlands með styttri fyrirvara er bent á að Ferðafélag Íslands stendur fyrir dagsferð um Hvalfjörð. „Ferðin er gönguferð upp úr botni Hvalfjarðar. Í Hvalfirði er mikið um gamlar þjóðleiðir og er Síldarmannagata ein þeirra,“ nefnir Helga Garðarsdóttir hjá Ferðafélagi Íslands.

„Annar fararstjóri ferðarinnar er Leifur Þorsteinsson sem skrifaði nýlega ritið Gönguleiðir upp úr botni Hvalfjarðar þar sem gönguleiðum eru gerð góð skil. Gengið verður á skíðum að Hvalvatni ef veður leyfir en til Þingvalla og upp Uxahryggjaleið er ekið í rútu. Mæting er með nesti og góða skó að morgni pálmasunnudags að Mörkinni 6 þar sem Ferðafélag Íslands er til húsa. Helga nefnir að enn sé hægt að skrá sig í ferðina.



Hótel Rangá er fyrirtaks kostur fyrir þá sem vilja komast í dekur. Hótelið er eina fjögurra stjarna hótelið á Suðurlandi. MYND/JAY POTTS

### ADRENALÍNSVEIFLAN ENGU LÍK

Vefsíðan www.adrenalin.is ætti að vekja áhuga hjá þeim sem sækjast eftir ævintýralegri upplifun um páskana. Óskar Guðjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, dvaldi um tíma í Ástralíu við nám og störf og kynnti sér þar heim útivistarfræðanna. „Adrenalínsveiflan er engri lík,“ nefnir Óskar og bætir við að í útivistariðkun sem þessari þá gangi allt út á öryggi.

„Leiðbeinendur fylgja hverjum hópi sem kemur í garðinn. Risarólan er án efa eitt skemmtilegasta tækið í Adrenalíngarðinum en í henni fara þátttakendur í stærri rólusveig en áður hefur sést á Íslandi,“ segir hann. „Í garðinum eru einnig tíu metra háir staurar sem allir ættu að geta spreytt sig á. Takmarkið er að standa uppréttur efst á staurnum og stökkva síðan af honum út í loftið í frjálsu falli. Adrenalíngarðurinn er á Nesjavöllum og er svæðið allt upplýst.

### DEKURFERÐ OG RÓLEGHEIT

Til að upplifa dekur og rólegheit um páskana er Hótel Rangá fyrirtaks kostur. Hótelið er mitt á milli Hellu og Hvolsvallar á bökkum Eystri-Rangár. Á hótelinu eru heitir pottar utandyra og verönd við hvert herbergi. Hægt er að fara í nudd og slökun á hótelinu og er margt hægt að gera í nágrenninu. Jeppa- og vélsleðaferðir eru mikið pantaðar fyrir hótelgesti. Matseðillinn á Hótel Rangá er árstíðabundinn og alltaf eitthvað nýtt og spennandi þar að finna. Þess má geta að Hótel Rangá er eina fjögurra stjarna hótelið á Suðurlandi. *-vg*



Í Adrenalíngarðinum eru tíu metra háir staurar sem hægt er að spreyta sig á.


KYMCO
Better than Best
Loksins fáanlegt á Íslandi
Hjól sem farið hefur sigurför um heiminn
KYMCO
MXU 500 4x4
Með Götuskráningu
VDO
Borgartúni 36
Sími 588-9747
KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500
K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960
Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570 9860
Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767


Síðustu dagar Útsölunnar
T-Maxx 48.990,-
Storm Buggy 49.990,-
Storm SUT 39.990,-
Storm XUT 55.990,-
Shadow 29.990-
GS Storm SUT
á sértöku tilboði
39.990,-
RC Varahlutir 50% afsláttur
RC Aukahlutir 20% afsláttur
Gúmmíbátur
55.990,-
*án mótors
Dekk + felgur
Frábær
Pakkatilboð
-25%
-40%
-70%
Gott úrval af álfelgum
undir flesta bíla. 13 - 17 "
Lay-Z-Spa
62.990,-
Með hitara
og nuddi
Vespur
Verð frá
129.900,-
Mótorhjólavörur
30% afsláttur
VDO
BORGARTÚNI 36 - S:588-9747 - WWW.VDO.IS - verslun@vdo.is

# Páskahænan býr til eggin

**Páskarnir eru dásamlegur tími fyrir yngstu kynslóðina. Börn hafa skemmtilegar hugmyndir varðandi margt sem tengist páskahátíðinni, eru ófeimin að tjá sig um þær og eru sum hver mjög föst á sínum skoðunum. Blaðamaður Fréttablaðisins fór ásamt ljósmyndara í heimsókn á leikskólann Árborg í Árbæ og tók nokkur leikskólabörn tali um páskana og það sem þeim fylgir. Óhætt er að segja að svörin hafi verið frumleg og ansi skemmtileg en umfram allt kom þau beint frá hjartanu.**



## Ásrún Gyða Einarsdóttir 6 ára

**Af hverju höldum við páska?** „Svo við fáum nóg af páskaeggjum. Það verður sko einhver að borða öll þessi páskaegg.“
**Fá óþekkir krakkar páskaegg?** „Nei! Ef maður er svo pínu óþekkur fær maður eitthvað vont inn í eggið eins og lakkrís.“
**Hvernig páskaegg færð þú?** „Risastórt sem ég fæ að brjóta í klessu og borða svo allt í einu.“
**Hver býr til páskaeggin?** „Sko, mamma er ekki sælgætisgrís og kann því ekki að búa til páskaegg en það er páskahænan uppi í fjöllum sem býr til páskaeggin.“



Mikil kátína ríkti á meðal leikskólabarna þegar blaðamður og ljósmyndari Fréttablaðsins heimsóttu Árborg í Árbæ.

## Ármann Arnarsson 5 ára



**Af hverju er gulur páskaliturinn?** „Því þá verður allt svo fallegt.“
**Fá óþekkir krakkar páskaegg?** „Nei, og ef þau eru það, þá er kartafla inn í páskaegginu.“
**Hvernig páskaegg færð þú?** „Brúnt og mjög stórt en samt ekki jafn stórt og ég sjálfur.“
**Hver býr til páskaeggin?** „Ég bý til öll páskaeggin á Íslandi og gef hinum krökkunum með mér.“



## Rosalía Hanna Canales Cederborg 5 ára

**Af hverju höldum við páska?** „Til að borða páskaegg og mála á hvítu eggin.“
**Hver býr til páskaeggin?** „Eru það ekki búðarmennirnir sem búa það til og búðarkonurnar sem skreyta páskaeggin?“
**Er nokkuð alvöru ungi inni í páskaeggjunum?** „Nei, bara nammi því það væri hægt að halda að unginn sé nammi og borða hann óvart.“



## Orri Backman Birgisson 4 ára

**Af hverju höldum við páska?** „Því Jesús dó og reis upp til himna, punktur!“
**Hvernig páskaegg færð þú?** „Lítið og nett, en stærra en bróðir minn og hann er í smáfýlu.“
**Hver býr til páskaeggin?** „Þeir Jesús og Guð hjálpast að við að búa þau til. Svo fljúga þeir inn í búðirnar á nóttinni.“
**Er nokkuð alvöru ungi inni í páskaeggjunum?** „Nei, nei, en sælgætið er einhvers konar ungar í páskaeggjunum.“

- mmr




Gómsætar nýjungar frá Kjörís
Tromp
bananasprengja
Pipp ís
Konfekt ís
Vanilluís með gómsætum Síríus súkkulaðimolum og ljúffengri lakkrís- og kókosfyllingu
Vanilluís með ljúffengum Síríus súkkulaðibitum og gómsætri bananasprengjufyllingu
Vanilluís með ljúffengri piparmyntufyllingu og Síríus súkkulaðibitum
Vanilluís með klassískri konfektkaramellu og Síríus súkkulaðibitum
Kjörís

## Sagan á bak við páskaegg

Þótt velflestum núlifandi Íslendingum finnist páskaegg órjúfanlegur hluti af páskahaldi nær saga þeirra á Íslandi aðeins aftur til annars áratugar 20. aldar.

Saga páskeggja er lengri í Evrópu og nær aftur til miðalda þegar leiguliðar borguðu landeigendum skattinn fyrir páska með eggjum. Landeigendur fóru síðan að gefa fimmtung eggjanna til bágstaddra. Þannig varð til sá siður að gefa börnum páskaegg. Yfirstéttin byrjaði svo að gefa skreytt egg sín á milli á barokktímanum. Sælgætisframleiðendur hófu páskaeggjagerð í Mið-Evrópu á 19. öld en þau urðu algeng á Íslandi í kringum 1920, því hér var engin hefð í kringum páskaegg og lítið um hænur þar til um 1930. Um sögu páskaeggja má lesa í þessu svari eftir Hjalta Hugason, prófessor í guðfræði. Heimildir Árni Björnsson Saga daganna Mál og menning; Reykjavík, 1994.

Sjá www.visindavefur.is.



# Kryddhjúpað páskalæri

**Fjölmargir elda lambakjöt yfir páskahátíðina. Margar hugmyndir eru uppi um hvernig sé best að matreiða lambakjöt og hvað eigi að bera fram með því. Jóni K. B. Sigfússyni, veitingamanni í Þjóðmenningarhúsinu, finnst tilvalið að hjúpa það með kryddjurtum.**



Lambalæri að hætti veitingamannsins Jóns K. B. Sigfússonar er hjúpað kryddjurtum; rósmaríni, steinselju, fáfnisgrasi og hvítlauk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lambakjöt hefur notið vinsælda meðal Íslendinga um aldir og má segja það sé þjóðarréttur landsmanna. Hróður lambakjötsins hefur borist út fyrir landsteinana og kjötið verið lofað hvarvetna.

Jón K. B. Sigfússon, veitingamaður í Þjóðmenningarhúsinu, er einn fjölmargra aðdáenda íslenska lambakjötsins. Þótt Jón haldi upp á þá aðferð að krydda lambið með salti og pipar þykir honum betra að nota ímyndunaraflið og hjúpar lambalærið með kryddjurtum.

Að sögn Jóns er lambalærið snyrt og hjúpað með söxuðum kryddjurtum, til dæmis rósmaríni, steinselju og smá fáfnisgrasi og hvítlauk. Kryddið má setja allt í matvinnsluvél ásamt smá ólívuolíu.

Maukinu er síðan smurt á lambalærið og kryddað með grófu salti og svörtum pipar. Það er steikt við 150°C í um það bil 40 mínútur á hvert kíló. Á meðan steikin er í ofninum er hugað að meðlætið.

Rjómasveppasósa er borin fram með kjötinu. Hún er gerð úr ½ lítra af kjötsoðinu (eða krafti/teningum), ½ lítra af rjóma og 250 grömmum af söxuðum sveppum.

Notið salt og pipar eftir smekk. Þykkið sósuna með ljósum sósujafnara.

Setjið lambasoðið í pott og látið suðuna koma upp. Setjið sveppina út í og látið suðuna koma upp aftur. Bætið svo rjómanum við og þykkið með sósujafnara.

Tilvalið er að bera léttsoðiðblómkál og spergilkál fram með kjötinu. Einnig kartöflur og gulrætur, hvort tveggja skorið í teninga og steikt á pönnu í smá ólívuolíu.

*- mmr*

HÁDEGI / KVÖLD VEISLUR / FUNDIR



VEISLU SALUR

Salurinn getur tekið 140 manns í sæti og 280 manns í standandi samkvæmi. Möguleiki er að minnka salinn og brjóta hann upp á ýmsan hátt. Auk þess er til staðar fullkomið hljóðkerfi og svið.

**Tilvalið fyrir veislur, fermingar, brúðkaup, kynningar....**

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

DOMO

# RÝMINGARSALA

VEGNA FLUTNINGA HABITAT Í HOLTAGARÐA

## 60-90% AFSLÁTTUR

2. HÆÐ ASKALIND 1

GENGIÐ INN Í GEGNUM VERLSUN

Opið alla daga vikunnar

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700

habitat



ALLT FYRIR
JEPPAFERÐINA
K&N SÍUR
ÞÆR BARA VIRKA...
K&N
HIGH-FLOW AIR FILTER
& INTAKE KITS
FELGUR
MIKIÐ ÚRVAL
HI LIFT 60 TOMMU
DRULLUTJAKKUR
KR 9.900,-
IPF KASTARAR
FRÁBÆR VERÐ
DEKKJAVIÐGERÐARSETT
VERÐ ÁÐUR 4985,- / 20% AFSL
VERÐ NÚ 3.988,-
Booster Cable
Cable Pasa-Corriente
DEKA
RAFGEYMAR & KAPLAR
ARB
LOFTLÆSINGAR
FRÁ KR. 79.990,-
ARB
AIR LOCKER
MAGLITE - LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
OME
GORMAR & DEMPARAR
WARN & T-MAX
DRÁTTARSPIL
FRÁ KR. 14.900,-
MUDDER
NÝ SENDING
Bílabúð
Benna
Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - www.benni.is




## Antík

Til sölu ömmu sófasett, 3+1+1. Fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 862 0026.

## Heimilistæki

Rainbow ryksuga til sölu og faxtæki fæst gefins með. S. 868 5458.

## Gefins

8 mánaða gullfalleg og góð kisa fæst gefins v/ofnæmis. Uppl. í s. 862 2213.

## Fatnaður

**Minkapelsar**
**Minkapels, yfirstærð og miðstærð. Hálfsíður minkur og hálfsíður blárefur, slá úr kasmírull, ullarkápur og jakkar. Verð frá 5000 þús. krónum og margt fl.**
**K.S. Díana, s. 551 8481.**

## Dýrahald

**Hundabúr til sölu!**
Atlas Car 100 hundabúr til sölu. Nýlegt og mjög lítið notað. Selst á 9000 kr. Kostar nýtt kr. 18.700 Uppl. í s. 659 4567.

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3ja herbergja 100fm íbúð í hverfi 108. Leiga 150þús.Einn mánuður fyrirfram. 8453000

Herb. til leigu í Hfj. með aðgang að eldhúsi og baði. Uppl. i s. 695 5153.

**Do you need a good home with some great work?**
Benedikt H. Bjarnason (young disabled man) is looking for a responsible, honest, good humoured and preferably musical helper (helpers) and housemate. Applicants can be Icelandic or foreign. Benedikt lives with three assistants in a nice apartment close to the University of Iceland. Each has private room but shares other living space. Applicants must have a driving licence and be non-smoking. The job offers good pay and a lot of free time, and suits part-time students or can be combined with part-time work. For further information please contact Dóra by e-mail: dora@khi.is or by phone: 896-0241 see http://starfsfolk.khi.is/dora/)

**Vantar þig heimili og frábæra vinnu?**
Benedikt H. Bjarnason (ungur fatlaður maður) leitar að ábyrgum, skemmtilegum og helst músíkölskum aðstoðar- og húsfélaga, ísl. eða erl. Benedikt býr ásamt þremur aðstoðarmönnum í góðri íbúð nálægt Háskóla Íslands. Umsækjandi þarf að hafa bílpróf og vera reyklaus og reglusamur. Ágæt laun, mikið frí. Hentar vel námsm. í hlutanámi. Uppl. í S.896 0241 (Dóra) & tölvupóst á dora@khi.is. (sjá http://starfsfolk.khi.is/dora/)

## Húsnæði óskast

Óska eftir að leigja bílskúr og/eða geymsluhúsnæði allt að 100 fm. S. 896 4269.

2 herb. á höfuðb.sv. Öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 821 0922 milli 10-15.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695-7045 eða 570-7010

Skrifstofuherbergi í snyrtilegu umhverfi til leigu. Suðurlandsbraut 6, 2 hæð. Góð aðstaða. Uppl. gefur Þór í s. 899 3760.

210 fm atvinnuhúsnæði til leigu við Skemmuveg, mikil lofthæð, Góðar innkeyrskudyr, laust, uppl í síma 898-0206

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

## ÞJÓNUSTA



## SMÁAUGLÝSINGAR

starf.is

Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**

**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

aktu taktu

**Aktu Taktu Skúlagötu**

Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

símstöðin

**Kvöld og helgarvinna.**

Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

SUBWAY

**Vaktstjóri á Subway**

**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Vaktstjóri tekur þátt í öllum almennum afgreiðslustörfum og þrifum ásamt því að hafa umsjón með vaktinni sem hann er á. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 17 ár.**

SUBWAY

**Ert þú næturmanneskja?**

**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur frá 23:45-8 og 7 nætur frí. Hægt er að sækja um á subway.is Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

**Nánari upplýsingar veitir Anna í síma: 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár. Íslenskukunnátta er æskileg en annars mjög góð enskukunnátta skilyrði.**

**Skalli Vesturlandsvegi**

**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.**

**Upplýsingar á staðnum.**

JOLLI

**Söluturninn JOLLI Hafnarfirði**

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Pylsuvagninn Laugardal leitar eftir kvöld og helgar fólki. Góður vinnutími í boði og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Bettís Kópavogi**

**Starfskfraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi.**

**Upplýsingar í síma 899 8212.**

**Starfsfólk óskast**

Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Starfskraft vantar í skóbúð. 50-70% starf. Vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í S. 822 4982 eða á staðnum. Þráinn Skóari, Grettisgata 3.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vill ráða vanan gröfumann til framtíðarstarfa, næg vinna og góð kjör. Aukin ökuréttindi (meirapróf) kostur en ekki skilyrði. Áhugasamir hafi samband í síma 892 0989 eða með t-pósti, elias@jardmotun.is

**Ræstingafólk óskast**

Óska eftir fólki í ræstingar og morgunverð á hóteli. Umsóknareyðublöð fást á Hótel Leifi Eiríkssyni - Skólavörðustíg 45 - sími 562 0800.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal. Hlutastarf. Upplýsingar á staðnum.

Kína Húsið, Lækjargötu 8, sími. 551 1014.

Háseta vantar á 150 tonna Dragnótarbát gerður út frá Sandgerði. Uppl. í s. 854 6578 & 864 8097.

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**

Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, fiskvinnslufólk ofl. Uppl. í s. 845 7158.

Húsamíðameistari getur bætt við sig verkefnum. S. 897 5347 Steinþór Jóhannsson.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Á laugardagskvöldið 1. mars tapaðist, á veitingahúsinu Apótekinu, skinn-trefill með kögri. Góð fundarlaun. S. 693 5152

Á laugardagskvöldið 1. mars tapaðist, á veitingahúsinu Apótekinu, svartur skinn-trefill með kögri. Góð fundarlaun. S. 693 5152

## Einkamál



Renault Kengoo '99 til sölu. Ekinn 138 þús. Verð 350 þús. Uppl. S. 661 2005

**Takk fyrir vatnið**

✆ 907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

## TIL LEIGU

**Þarftu að leigja?**

Rentus LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

## FASTEIGNIR

**Einholt 2**

Reykjavík

2ja herbergja

**Stærð: 85,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1960**
**Brunabótamat: 14.700.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Senter

Opið Hús



**Opið hús í dag milli 19:00 og 19:30**

**Verð: 26.500.000**

Falleg tveggja herbergja íbúð á efstu hæð á góðum stað við miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, stóra stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Hvít innrétting er í eldhúsi, parket á stofu og herbergjum. Baðherbergið er flísalagt og þar er hvít innrétting.



Guðmundur
Sölufulltrúi
**697 8600**
gudmundur@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
thorunn@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## ATVINNA

RÚMFATA LAGERINN HERBERGID • BADID • HEIMILID

**ATVINNA**

**FRAMTÍÐARSTARF Í HÚSGAGNADEILD**

Deildarstjóri/Sölumaður óskast í fullt starf í húsgagnadeild Rúmfatalagersins í Skeifunni.
Æskilegt er að umsækjandi sé skipulagður, útsjónasamur, hafi góða þjónustulund og einhverja reynslu í sölumennsku. Góð laun í boði.






Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við verslunarstjóra í síma 820-8003.
Eða í verslun okkar Rúmfatalagernum Skeifunni 13.

## ATVINNA

**VANTAR ÞIG SMIÐI?**

**Reyndir menn - klárir til vinnu!**

**Sverrir@Proventus.is**

**Hringdu núna S. 661-7000**

VÍSIR

**Vísir hf óskar eftir Háseta á Hrungnir**

**GK-50 Hrungnir er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísis í síma 420-5700

BETRI HÍBÝLI

**Óskum eftir lærðum smiðum**

í uppsettningu á innréttingum og milliveggjum, parketlögn og ýmsa aðra innivinnu. Einnig lærðum flísurum, (eða vönum flísavinnu). Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 824 0232

W zwiazku z nawalem zadan poszukujemy wyuczonych stolarzy do montowania mebli, ukladania parkietów, stawiania scianek dzialowych i do podobnych prac. Poszukujemy równiez wyuczonych kaflarzy (lub kaflarzy z doswiadczeniem) Dokladniejsze informacje pod telefonem 8240232

**BETRI HÍBÝLI Hyrjarhöfða 8 Reykjavík.**
**S. 824 0232**

# Glæsilegt Konukvöld

## LÉTT BYLGJUNNAR

Í SMÁRALIND 12. MARS 2008

## SKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM

- Páll Óskar
- Pabbinn
- Hljómsveitin Myst
- Argentískur tangó með Hany og Bryndísi
- Afrekskona Létt Bylgjunnar verður kynnt og heiðruð
- Jónsi kynnir dagskrána og tekur lagið

- Boðið verður upp á létta fordrykki
- Glæsilegt happdrætti*

**Römblu stemning á göngum Smáralindar og verslanir opnar.**
**Glæsileg tískusýning og skemmtilegar uppákomur.**

* Vikuferð fyrir 2 konur með Úrvali Útsýn á Tenerife, 30 þúsund kr. gjafabréf í Smáralind, árskort í Hreyfingu með gjafakorti í fljótandi djúpslökun í Blue Lagoon Spa og gjafakort í Þjóðleikhúsið.



www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.837 **-1,20%**

**Fjöldi viðskipta:** 428
**Velta:** 1.816 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | 2,03% | **SPRON** | 4,66% |
| **ATLANTIC AIRWAYS** | 1,14% | **EIK BANKI** | 4,24% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 0,69% | **FLAGA** | 3,06% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,04 +0,50% ... Bakkavör 40,00 -2,91% ... Eimskipafélagið 29,10 +0,69% ... Exista 11,67 -2,59% ... FL Group 9,17 +0,22% ... Glitnir 17,00 +0,00% ... Icelandair 27,70 -0,40% ... Kaupþing 726,00 -2,02% ... Landsbankinn 27,40 +0,00% ... Marel 88,80 -0,23% ... SPRON 4,91 -4,66% ... Straumur-Burðarás 11,05 -1,34% ... Teymi 4,98 -0,40% ... Össur 89,80 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Almenningur má kaupa núna

Hafið er hlutafjárútboð til almennings og fagfjárfesta á þrjátíu prósenta hlut í Skiptum, móðurfélagi Símans. Útboðið hófst í gær og stendur til klukkan fjögur síðdegis næsta fimmtudag.

Hefja á viðskipti með bréf Skipta í OMX Kauphöll Íslands eftir rétt rúma viku, miðvikudaginn 19. mars.

Hlutafjárútboðið til almennings er í samræmi við samning þann sem undirritaður var milli Skipta ehf. og íslenska ríkisins 5. ágúst 2005. Útboðið fer fram með svokallaðri áskriftarsöfnun, Almenningur getur að lágmarki skráð sig fyrir andvirði 100 þúsund króna að markaðsvirði. Fagfjárfestar geta að lágmarki skráð sig fyrir 25 milljóna króna hlut.

Greining Glitnis greinir frá því að við skráningu verði Skipti fjórða stærsta rekstrarfélagið í Kauphöllinni. Markaðsvirði félagsins, miðað við útboðsgengið sem er á bilinu 6.6 til 8,10 króna á hlut, er metið á bilinu 49 til 60 milljarðar króna.

„Ákvörðun um endanlegt verð verður tekin að lokinni áskriftarverðlagningu (e. bookbuilding) sem fer fram meðal fjárfesta sem vilja fjárfesta fyrir 25 milljónir króna eða meira,“ segir í útboðslýsingunni, en tilkynnt verður um verðið fyrir upphaf viðskipta næsta föstudag. Verði eftirspurn eftir bréfum það mikil að komi til niðurskurðar á áskriftum þeirra fjárfesta sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljóna króna verður úthlutað með hlutfallslegum niðurskurði til áskrifenda, að því er fram kemur í lýsingunni. „Úthlutun til fjárfesta sem vilja fjárfesta fyrir 25 milljónir króna eða meira er alfarið í höndum umsjónaraðila og seljenda,“ segir þar jafnframt. **- óká**


**SÍMINN SELDUR 2005** Geir H. Haarde, þá fjármálaráðherra, handsalar sölu Símans við Lýð Guðmundsson, stjórnarformann Skipta. Söluskilmálar kváðu á um að þrjátíu prósent fyrirtækisins yrðu seld síðar í almennu útboði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Flaga varar við

Gengi hátæknifyrirtækisins Flögu Group lækkaði um rúm þrjú prósent í gær eftir að félagið sendi frá sér afkomuviðvörun.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að færa virðisrýrnun á viðskiptavild sem hafa muni „verulega neikvæð áhrif á afkomu fjórða ársfjórðungs og ársreikning ársins 2007,“ að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar.

Virðisrýrnunin er sögð nema um það bið 11,5 milljónum Bandaríkjadala, eða um 780 milljónum króna, og er í tengslum við kaup Flögu á Medcare Systems U.S. árið 2002. Það félag er nú þekkt sem Embla Systems.

Flaga birtir ársreikninga sína fyrir árið 2007 hinn 27. mars næstkomandi. **- óká**


**HITAÐ UPP FYRIR FUNDINN** Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, og Jón Sigurðsson forstjóri rýna í fyrsta ársuppgjör forstjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fá lægri laun

Lagt verður til á aðalfundi FL Group í dag að lækka laun stjórnarmanna félagsins um helming.

Verði tillagan samþykkt mun stjórnarformaður FL Group fá 350 þúsund krónur í laun á mánuði og varaformaður 250 þúsund krónur. Laun stjórnarformanns námu áður 700 þúsund krónum. Þá er lagt til að önnur laun stjórnarmanna og þóknanir lækki jafn mikið.

Jón Ásgeir Jóhannesson, Pálmi Haraldsson, Hannes Smárason og Þorsteinn M. Jónsson gefa kost á sér áfram til stjórnarsetu. Ný inn eru Árni Hauksson, Eiríkur Jóhannesson og Katrín Pétursdóttir. **- jab**

## Auður I í höfn

Auður Capital, fjármálafyrirtæki í eigu kvenna, hefur lokið fjármögnun á sínum fyrsta fagfjárfestasjóði, sem nefnist Auður I. „Það gekk ótrúlega vel að fjármagna sjóðinn, sérstaklega í ljósi þess hve erfitt árferðið er,“ sagði Kristín Pétursdóttir, forstjóri félagsins, í samtali við Vísi.is. Heildarfjárhæð áskrifta er 3,2 milljarðar króna og tók 21 fjárfestir þátt. **- bg**







**VIÐSKIPTAJÖFURINN RUPERT MURDOCH FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.**

*„Orðsporið er mikilvægara en síðustu hundrað milljón dollararnir.“*

***Murdoch er stór fjárfestir á sviði fjölmiðla. Hann er stjórnarformaður og einn aðalhluthafa fjölmiðlasamsteypunnar News Corporation.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MARS ÁRIÐ 1985

## *Gorbatsjov verður aðalritari*

Þennan dag, árið 1985, varð Mikhaíl Sergejevitsj Gorbatsjov aðalritari sovéska kommúnistaflokksins.

Hann gekk í flokkinn árið 1952 og varð aðalritari við dauða Konstantín Tsjernenko. Hann hafði betur en Grigory Romanov í baráttunni um ritaraembættið en margir töldu Romanov sigurstranglegri. Gorbatsjov reyndi að breyta ásýnd flokksins með „glasnost“ (gegnsæi) og „perestroika“ (endurskipulagning).

Aðeins ári eftir að Gorbatsjov tók við sem aðalritari kommúnistaflokksins hitti hann Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, í Höfða. Fundurinn er talinn hafa markað þáttaskil í kalda stríðinu sem geisað hafði milli stórveldanna tveggja.

Sovétríkin liðuðust í sundur árið 1991 og í ágúst það ár var Gorbatsjov settur í þriggja daga stofufangelsi af harðlínumönnum. Hinn 25. desember 1991 sagði Gorbatsjov svo af sér aðalritaraembættinu sem hann hafði gegnt í rétt rúm sex ár.



**MERKISATBURÐIR**

**1984** Vélbáturinn Hellisey frá Vestmannaeyjum sekkur og farast allir nema Guðlaugur Friðþórsson, sem syndir um 5 kílómetra langa leið í land. Hann gengur síðan berfættur yfir hraun til byggða og þykir afrek hans einstætt.

**1894** Fyrsta kókflaskan er seld í sælgætisbúð í bænum.

**1997** Sprenging í kjarnorkuveri í Japan verður til þess að 35 starfsmenn verða fyrir geislun. Þetta er alvarlegasta kjarnorkuslys í sögu Japans.

**2004** Sprengjutilræði er framið í farþegalest í Madríd. 192 manns farast.

**2006** Michelle Bachelet er kosin fyrst kvenforseti Chile.

AFMÆLISBÖRN



Fyrrverandi ráðherrann **Sólveig Pétursdóttir** er 56 ára í dag.



Rithöfundurinn **Kristín Steinsdóttir** er 62 ára í dag.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigtryggur Björnsson**

Héðinsbraut 7, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 4. mars. Jarðsett verður frá Neskirkju í Aðaldal miðvikudaginn 12. mars kl. 14.00.

**Ingibjörg Gísladóttir**
**Björn Sigtryggsson** **Eva Hovland**
**Eyrún D. Sigtryggsdóttir** **Jónas A. Sævarsson**
**Jón Sverrir Sigtryggsson** **Inga Þórey Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þráinn Sigtryggsson**

skipstjóri og útgerðarmaður,
Grundarbraut 26, Ólafsvík,

andaðist föstudaginn 7. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Elín Sveinsdóttir**
**Egill Þráinsson** **Hrefna Guðbjörnsdóttir**
**Pálína Þráinsdóttir** **Ingvar Sigurðsson**
**Bryndís Þráinsdóttir** **Valur Magnússon**
**Sigurbjörg Þráinsdóttir** **Þröstur Kristófersson**
**Björk Þráinsdóttir** **Lárus Einarsson**
**Berglind Þráinsdóttir** **Heimir Maríuson**
**Sigtryggur Þráinsson** **Margrét Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**J. Sigurður Gunnsteinsson**

fyrrverandi starfsmaður Loftleiða/
Flugleiða

sem bráðkvaddur var á heimili sínu Vogatungu 45, Kópavogi laugardaginn 1. mars, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju, Kópavogi, miðvikudaginn 12. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Margrét Anna Jónsdóttir**
**Gunnsteinn Sigurðsson** **Dýrleif Egilsdóttir**
**Þorgerður Ester Sigurðardóttir** **Einar Ólafsson**
**Jón Grétar Sigurðsson** **Sveinbjörg Eggertsdóttir**
**Anna Sigríður Sigurðardóttir** **Guðni Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HULDA BJÖRK ÞORKELSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR BÓKASAFNS REYKJANESBÆJAR** „Börn sem læra snemma að eitthvað spennandi leynist í bókum gleyma því seint.“ VÍKURFRÉTTIR/ELLERT

BÓKASAFN REYKJANESBÆJAR: FIMMTÍU ÁR FRÁ STOFNUN

# Vilja kynna körlum bókakostinn

Bæjar- og héraðsbókasafn Keflavíkur var opnað formlega þann 7. mars árið 1958 og starfaði sjálfstætt til ársins 1994.

Þá sameinuðust Hafnir, Keflavík og Njarðvík í eitt sveitarfélag og í kjölfarið voru Bæjar- og héraðsbókasafn Keflavíkur, Lestrarfélagið í Höfnum og Bókasafn Njarðvíkur sameinuð í Bókasafn Reykjanesbæjar.

Starfsemi safnsins byggir á hugmyndafræði gömlu lestrarfélaganna, „að eiga saman og skiptast á að nota“ en í mörgum sveitum landsins voru þau ígildi skóla. Þó svo að tækniframfarir hafi auðveldað almenningi aðgang að upplýsingum eru söfn enn í dag náma fróðleiks og notendahópur þeirra fjölbreyttur.

Hulda Björk Þorkelsdóttir hefur verið forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar frá upphafi og var áður forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafns Keflavíkur. Hún þekkir því söguna vel.

„Ári fyrir sameininguna hafði bókasafnið flutt úr þriggja hæða einbýlishúsi í 800 fermetra rými á einni hæð og við sameininguna fékk Bókasafn Reykjanesbæjar aðsetur þar. Þá gátum við farið að sinna þáttum sem einkenna hefðbundin bókasöfn eins og að bjóða upp á aðgang að tímaritum og dagblöðum,“ segir Hulda Björk.

Hún segir mikla áherslu á þjónustu við námsmenn og er boðið upp á góða lesaðstöðu og aðgang að þráðlausu neti. Bókasafnið er síðan í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir bæjarins og fær til dæmis leikskólabörn til sín í hverri viku. „Við förum með koffort af bókum á leikskólana og bjóðum börnunum að fá lánað heim. Síðan vinnum við líka með blindrabókasafninu að gerð hljóðbóka fyrir allra yngstu leikskólabörnin og eins fyrir þau sem eru af erlendu bergi brotin. Eins er bókasafnið með þjónustu við eldri borgara og er farið með bækur heim að dyrum,“ útskýrir Hulda Björk.

Á sumrin er boðið upp á sumarlestur í samstarfi við grunnskólana. Hann felst í því að hvetja börn til að lesa að minnsta kosti þrjár bækur á tímabilinu og skrá árangurinn á bókasafninu. Þau sem lesa mest fá viðurkenningu.

„Ég trúi því að börn sem læra það frá unga aldri að eitthvað spennandi leynist í bókum gleymi því ekki. Þó að fólk lesi minna á einhverju æviskeiði er það fljótt að taka upp þráðinn og það sér maður helst á eldri borgurunum sem eru meðal okkar bestu viðskiptavina,“ segir Hulda Björk.

Hún segir mikið kapp um tómstundir fólks og á þessu ári er stefnt að því að gera átak í kynningar- og markaðsmálum. „Okkur langar að beina sjónum að ákveðnum hópum en við sem vinnum á söfnum höfum það til dæmis á tilfinningunni að karlmenn á besta aldri séu oft uppteknir við annað en að lesa bækur. Okkur langar til að sýna þeim hópi hvað við höfum upp á að bjóða.“

Hulda Björk segir bókasafnið standa fyrir hinum ýmsu uppákomum árið um kring. „Seinni partinn í mars verðum við með bókmenntauppákomu sem við köllum Erlingskvöld en það er tileinkað velunnara okkar Erlingi Jónssyni listamanni. Að þessu sinni stendur til að leggja áherslu á fjölmenningu og kynna pólska tónlist og ljóð.“

Í nóvember 2009 er stefnt að því að bókasafnið muni flytja, ásamt bæjarskrifstofunum, í nýtt húsnæði.

**vera@frettabladid.is**

# Nýtt nám við Kennaraháskólann

Nýtt meistaranám er nú í boði við Kennaraháskóla Íslands/menntavísindasvið Háskóla Íslands: Heimspeki menntunar og alþjóðlegt nám í menntunarfræði.

Meistaranám í heimspeki menntunar miðar að því að svara kalli aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla um menntun til ábyrgrar, gagnrýninnar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Auk þess að mennta fólk til frumkvæðis í lýðræðislegu skólastarfi, heimspeki menntunar og heimspekilegri samræðuaðferð í kennslu. Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á lýðræði sem kenningu og hugsjón, áhrifum þess og möguleikum í skólastarfi og hlut þess í þróun mannlegra samfélaga og í samskiptum einstaklinga og þjóða meðal annars. Nánari upplýsingar er að sjá á www.khi.is



**NÝTT NÁM** Meistaranám í heimspeki menntunar er nú í boði.

# Nýjar tetra-fjarskiptastöðvar

Orkuveita Reykjavíkur færði nýlega Slysavarnafélaginu Landsbjörg 67 tetra-fjarskiptastöðvar að gjöf. Verða stöðvarnar nýttar fyrir svæðisstjórnir Slysavarnafélagsins Landsbjargar og koma þær sér vel í uppbyggingu öflugra fjarskipta sveitanna.

Tetra-kerfið er fjarskiptakerfi sem viðbragðsaðilar hafa notað og undanfarin misseri hafa björgunarsveitir bæst í þann hóp. Við uppfærslu samskiptakerfis Orkuveitunnar hefur fjölda eldri tetra-stöðva verið skipt út hjá fyrirtækinu. Stöðvarnar nýtast engu að síður björgunarsveitunum, sem eru sem óðast að bæta við fjarskiptabúnað sinn til samhæfingar tetra-kerfinu.

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Orkuveitan eiga í margvíslegu samstarfi að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Björgunarsveitir félagsins á höfuðborgarsvæðinu hafa séð um hina rómuðu flugeldasýningu Orkuveitunnar á Menningarnótt ár hvert og einnig sjá þær um allt viðhald vegpresta og stika meðfram meira en 100 km af gönguleiðum sem Orkuveitan hefur lagt á Hengilssvæðinu.



**FRÁ AFHENDINGU STÖÐVANNA** Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR, Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri SL, og Daníel Eyþór Gunnlaugsson, fulltrúi í fjarskiptaráði SL.



**NÝTT VERKEFNI** Marteinn Njálsson, formaður Ferðaþjónustu bænda, Bjarni Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Better Business á Íslandi, og Berglind Viktorsdóttir, gæðastjóri Ferðaþjónustu bænda, skrifuðu undir samstarfssamninginn nýlega.

# Nýtt ferðaverkefni bænda

Ferðaþjónusta bænda og Félag ferðaþjónustubænda skrifuðu nýlega undir samning við fyrirtækið Better Business á Íslandi. Samningurinn hljóðar upp á þriggja ára verkefni á sviði gæða- og þjónustumála.

Um er að ræða svokallaðar hulduheimsóknir eða „Mystery Shopper“ á ferðaþjónustubæi. Þá mun ferðamaður á vegum Better Business skrá ákveðna þætti í þjónustunni. Dæmi um þætti sem verða mældir er þjónusta við gesti, aðbúnaður, morgunverður, hreinlæti og snyrtimennska.

Markmiðið er að veita samtökunum og einstökum félögum verðmætar upplýsingar. Ætlunin er að nota þær til að styrkja stöðu og samkeppnishæfni Ferðaþjónustu bænda á sviði gæða og þjónustu.

Aðalmarkmið verkefnisins er stöðumat á aðbúnaði og þjónustu hjá félögum innan Ferðaþjónustu bænda. Matið er gert út frá sjónarhorni gesta næstu þrjú sumur. Það er á árunum 2008-2010.

Ferðaþjónustubændur sem bjóða gistingu í uppbúnum rúmum og morgunverð fá tækifæri til þátttöku, þar með talið þeir sem bjóða heimagistingu, gistingu í gistihúsum bænda og á sveitahótelum. Með þessari nálgun er hægt að meta veikleika og styrkleika og kortleggja á raunhæfan hátt stöðu Ferðaþjónustu bænda í samkeppnisumhverfinu. Þannig er hægt að vinna áfram með niðurstöðurnar og stuðla að markvissara starfi á sviði þjónustu og gæða innan Ferðaþjónustu bænda. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Ferðamálastofu.

Félagar geta verið þátttakendur hluta af tímabilinu eða allt tímabilið. Alls munu 50 ferðaþjónustubæir fá tækifæri til þátttöku í sumar. Af þeim 130 aðilum sem eru í Ferðaþjónustu bænda gefst um 100 aðilum að taka þátt í þessu verkefni á 3ja ára tímabilinu.

Um er að ræða eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í á vegum Ferðaþjónustu bænda á sviðum gæða- og þjónustumála. Einnig kemur fram að mikil áhersla verður lögð á eftirfylgni og þróun á þjónustustefnu. Markmið Ferðaþjónustu bænda er að gestirnir fái ekki bara góða þjónustu heldur framúrskarandi þjónustu, segir í frétt frá FB.

---



†

*Elskuleg fósturmóðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður Þóroddsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

lést mánudaginn 10. mars. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna Gunnþórsdóttir** | **Brynjólfur Lárentsíusson** |
| **Sveinmar Gunnþórsson** | **Kristín Pálsdóttir** |
| **Þórey Skúladóttir** | **Jón V. Guðjónsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir og amma,*

**Sveinfríður S. Jóhannesdóttir**

Einilundi 2, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 13. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Hinrik Matthíasson** | |
| **Matthías Hinriksson** | **Kristín Dögg Guðmundsdóttir** |
| **Sigrún H. Hinriksdóttir** | **Kristján T. Sveinbjörnsson** |
| **Kristín P. Hinriksdóttir** | |
| **Matthías Bjarnason** | |

**og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónínu Hannesdóttur**

Skálagerði 15, Reykjavík,

áður til heimilis að Kolbeinsgötu 6, Vopnafirði. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Vífilsstöðum fyrir góða og hlýlega umönnun.

| | |
|---|---|
| **Hólmfríður Kjartansdóttir** | **Sigurður Adolfsson** |
| **Inga Hanna Kjartansdóttir** | |
| **Kjartan Þórir Kjartansson** | **Áshildur Kristjánsdóttir** |
| **Baldur Kjartansson** | **Hrönn Róbertsdóttir** |
| **Erla Kjartansdóttir** | **Ágúst Borgþór Sverrisson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hallveig Þorsteinsdóttir**

Kirkjuvegi 11, Keflavík,

lést laugardaginn 1. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar fer fram í dag frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Guðni Þ. Skúlason** | **Magnea Valdimarsdóttir** |
| **Snorri S. Skúlason** | **Sigrún Einarsdóttir** |
| **Guðrún Skúladóttir** | **Björn Bjarnason** |
| **Birna B. Skúladóttir** | **Sigurður H. Magnússon** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Hjálmarsson**

fyrrverandi bóndi að Kalastaðakoti,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 1. mars. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

| | |
|---|---|
| **Sigurbjörg Márusdóttir** | |
| **S. Svanhvít Sveinsdóttir** | **Ragnar Valgeirsson** |
| **Hjálmar Már Sveinsson** | **Ingibjörg Sigurðardóttir** |
| **G. Heiðar Sveinsson** | **Þorbjörg Helgadóttir** |
| **Hjörtur Már Sveinsson** | **Lilja Lindal Gísladóttir** |
| **Árni Geir Sveinsson** | **Ingibjörg Valmundsdóttir** |
| **Guðrún S. Sveinsdóttir** | **Óli Þór Heiðarsson** |
| **Karl Ingi Sveinsson** | **Sigrún V. Gylfadóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð samúð og hlýhug við fráfall og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Gunnarssonar**

frá Arnanesi.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms á Húsavík fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll

| | |
|---|---|
| **Þorbjörg Theodórsdóttir** | |
| **Sólveig Sigurðardóttir** | **Þorsteinn Rúnar Eiríksson** |
| **Theodór G. Sigurðsson** | **Guðrún Lárusdóttir Blöndal** |
| **Guðrún Ásta Sigurðardóttir** | **Stefán Rúnar Bjarnason** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Kjartan Ólason**

Fagragarði 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 5. mars sl. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju kl. 14.00 fimmtudaginn 13. mars nk.

| | |
|---|---|
| **Kristín V. Matthíasdóttir** | |
| **Matthías Kjartansson** | **Anna Guðrún Tómasdóttir** |
| **Óli Þór Kjartansson** | **Jóhanna Grétarsdóttir** |
| **Hólmfríður Kjartansdóttir** | |
| **Páll Ólason** | **Súsanna K. Stefánsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Björn Elías Ingimarsson**

skipstjóri og útgerðarmaður, Bakkavegi 13, Hnífsdal,

lést sl. sunnudag 9. mars á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Theodóra Kristjánsdóttir** | |
| **Halldóra Elíasdóttir** | **Guðmundur Thoroddsen** |
| **Sigríður Elíasdóttir** | **Svavar Ævarsson** |
| **Finnbjörn Elíasson** | **Gyða Jónsdóttir** |
| **Guðmunda Elíasdóttir** | **Friðrik Friðriksson** |
| **Margrét Ingimarsdóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðursystir mín, systir okkar og frænka,*

**Valgerður Sigurðardóttir**

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund hinn 24. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á elli- og hjúkrunarheimilið Grund. Viljum við þakka starfsfólki á deild A3 á Grund fyrir yndislega umönnun. Þökkum auðsýnda samúð.

**Þorbjörg Friðriksdóttir**
**Erla Fríðhólm Sigurðardóttir**
**Þórhildur Sigurðardóttir**
**Reynir Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragna Möller**

Sóleyjarrima 9, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 7. mars. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| **Steinn Hansson** | |
| **Jóhann Steinsson** | **Erla Hrönn Snorradóttir** |
| **Elísabet Steinsdóttir** | **Hreinn Magnússon** |

**barnabörn og barnabarnabörn**




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Nýjar dauðasyndir

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÓTTAST ÖRLÖG RÍKRA KAÞÓLIKA



Sú aldagamla hefð kaþólsku kirkjunnar að finna athæfi sem er verra en eitthvað annað vaknaði af værum blundi fyrir nokkru þegar kardínáli einn í Róm bætti við nokkrum hlutum sem gjafakort uppá farmiða til helvítis. Svokallaðar dauðasyndir. Ástæðuna sagði hann vera afar einfalda; hinar sjö gömlu syndir væru of einstaklingsmiðaðar og fylgjendur hinnar „einu, sönnu kristinnar trúar“ ættu að hugsa hnattrænt. Pæla aðeins í heimsvæðingu syndanna.

Fyrir fimmtán hundruð árum hefði þetta þótt stórfrétt. Og væri skrifað stórum stöfum á forsíðum allra blaða; „Róm bannfærir auðsöfnun!“ Og síðan væri leitað viðbragða hjá Warren Buffet og Bill Gates. Ef bloggið hefði lifað á þeim tímum væru Jens Gud, Gurrý og Silfrið eflaust búin að segja sína skoðun og örugglega búin að slá athugasemdamet.

En fæstir hafa myndað sér skoðun á yfirlýsingu Páfagarðs nema roskinn ritstjóri og nokkrir kaþólikkar. Og kannski er það til marks um hnignandi áhrif kaþólsku kirkjunnar að enginn kippir sér lengur upp við þau skjöl sem koma frá Vatikaninu. Eða öðrum útibúum þess. Meira að segja forsætisráðherra Spánar tókst að víkja sér undan sverði forvera spænska rannsóknarréttarins þegar hann bar sigur úr býtum í kosningum. En kirkjan nánast bannfærði hann fyrir að vera of frjálslyndur í garð fóstureyðinga og réttinda samkynhneigðra.

Kaþólska kirkjan er því í nokkrum vanda. Þessi rúmlega tvö þúsund ára gamla stofnun sem áður stjórnaði allri vestrænni menningu hefur á einhvern undarlegan hátt glatað taktinum við samfélagið og misst sjónar á því sem upphafsmaður hennar, frelsarinn sjálfur, predikaði: að elska skaltu náungann eins og sjálfan þig og sá yðar er syndlaus er kasti fyrsta steininum. Þótt vissulega hafi hún loksins, eftir kvöl og pínu margra ungra fylgismanna, bannfært barnaníð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VSÓ RÁÐGJÖF
50 ÁRA 1958 – 2008

## Nútímaleg samkeppni um stefnumótun og hönnun skóla

**Morgunverðarfundur um hugmyndafræði, hönnun og byggingu nýs barnaskóla**

Í tilefni 50 ára afmælis *VSÓ ráðgjafar* býður fyrirtækið til morgunverðarfundar **miðvikudaginn 12. mars kl. 8:30 til 10:00 í Gullteig A á Grand Hótel**. Á fundinum verður fjallað um hvernig sveitarfélög geta sótt ferskar hugmyndir til skólafólks og hönnuða úti í samfélaginu um byggingu nýrra skóla.

Í Mosfellsbæ ríkir metnaðarfull og framsækin stefna í skólamálum og skólastarfi. Bæjarstjórnin ákvað að sækja nýjustu hugmyndir um uppbyggingu nýs skóla fyrir 1 til 9 ára börn með athyglisverði samkeppni. Með þessari nútímaaðferð verður nýjum leik- og grunnskóla blandað saman.

**Efnt var til samkeppni meðal hönnuða og skólaráðgjafa um nýja skólann. Tvær athyglisverðar nýjungar í samkeppninni verða kynntar:**

- Sagt verður frá samkeppni þar sem verkkaupi og keppendur áttu gagnkvæm samskipti á keppnistímanum.
- Greint verður frá samstarfi skólaráðgjafa í hugmyndafræði, kennslu og uppeldismálum, arkitekta og verkfræðinga sem unnu saman í einum hópi þar sem hugmyndafræðin hafði sama vægi og arkitektúrinn.

Um þessa nýju aðferðarfræði, sem skilaði mjög jákvæðum árangri, verður fjallað á afmælisfundi *VSÓ ráðgjafar*.

**Dagskrá:**

- ***Aðferðarfræði samkeppninnar,*** *Þorbergur Karlsson, verkfræðingur hjá VSÓ*
- ***Athyglisverð uppbygging skóla í Mosfellsbæ,*** *Jóhanna Björg Hansen, bæjarverkfræðingur*
- ***Að bræða saman hugmyndafræðina, arkitektúr og verkfræði*** *Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla og Steffan Iwersen arkitekt*
- ***Umræður, spurningar og svör***

Fundurinn er ætlaður: Skólastjórnendum, fræðslustjórum og fræðslunefndarfólki, arkitektum, verk- og tæknifræðingum og öðru áhugafólki um skólamál.

**Aðgangur er í boði VSÓ.**

**Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 11. mars nk. til: bergny@vso.is**

VSÓ RÁÐGJÖF
50 ÁRA 1958 – 2008

# Brahms og fleira

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika í Langholtskirkju í kvöld kl. 20. Á tónleikunum verður leikin sinfónía nr. 4 eftir Jóhannes Brahms en hún er eitt merkasta verk tónskáldsins. Þá verður leikin Sinfóníetta eftir Þórð Magnússon og tvö ungversk verk fyrir klarínettu og hljómsveit eftir Leo Weiner og Mihály Hajdu.

Hljómsveitin fær til liðs við sig Freyju Gunnlaugsdóttur klarínettuleikara en hún hefur leikið með mörgum helstu hljómsveitum Evrópu, bæði sem hljómsveitarmeðlimur og einleikari. Þá hefur hún unnið til verðlauna fyrir flutning sinn á nútímatónlist. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er skipuð 54 tónlistarnemum af höfuðborgarsvæðinu, en sumir þeirra stunda þó nám við tónlistarháskóla erlendis. Miðaverð er 1.500 kr., en 1.000 kr. fyrir námsmenn.

- vþ



**FREYJA GUNNLAUGSDÓTTIR** Leikur á klarínett með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins í kvöld.

# Ný tónleikaröð

Félag íslenskra tónlistarmanna og Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum standa fyrir nýrri tónleikaröð sem nefnist Klassík á Kjarvalsstöðum. Jómfrúartónleikar raðarinnar fara fram annað kvöld kl. 20.

Stefnt er að því að halda ferna tónleika á árinu undir þessarri yfirskrift, á miðvikudagskvöldum, enda eru Kjarvalsstaðir vel til tónleikahalds fallnir.

Á þessum fyrstu tónleikum verða eingöngu flutt verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem talinn er fyrsta íslenska tónskáldið og tók þátt í fyrstu kammertónleikunum á Íslandi árið 1922.

Flytjendur á tónleikunum eru Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari, Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Sigurgeir Agnarsson sellóleikari, Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari, Richard Simm píanóleikari, Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona og Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanóleikari. Einnig kemur Hamrahlíðarkórinn fram undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

Flytjendur eru allir félagsmenn FÍT og hafa nýverið hljóðritað nokkur verka Sveinbjörns.



**KJARVALSSTAÐIR** Hýsa klassíska tónleika á morgun.

Kórtónlist hans hefur nokkuð legið í þagnargildi og er því sérstaklega áhugavert að fá að hlýða á fjögur kórverk auk þjóðsöngsins á þessum tónleikum. Ríkisútvarpið mun hljóðrita tónleikana.

Aðgangseyrir er kr. 1.500, en frítt er inn fyrir gesti undir 21 árs aldri og listaskólanemendur.

- vþ



**KONUR Í KONGÓ** Íslandsdeild Amnesty International sýnir heimildarmyndir í Hinu húsinu í kvöld.

# Kvennamyndir

**Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, sem var hinn 8. mars síðastliðinn, stendur Íslandsdeild Amnesty International fyrir kvikmyndasýningu í kvöld kl. 20 í Hinu húsinu við Austurstræti. Sýndar verða tvær stuttar heimildarmyndir sem báðar fjalla um líf kvenna.**

**Más allá del papel er spænsk mynd sem fjallar á áhrifaríkan hátt um heimilisofbeldi á Spáni og þær hindranir og erfiðleika sem konur standa frammi fyrir er þær reyna að flýja úr ofbeldisfullum samböndum. Myndin Defending Women, Defending Rights er framleidd af Amnesty International og varpar ljósi á starf mannréttindafrömuða úr röðum kvenna í fimm löndum. Myndin veitir meðal annars innsýn í mannréttindastarf kvenna í Kongó og Gvatemala.**

**Myndirnar eru sýndar með enskum texta og boðið verður upp á kaffi og umræður að sýningu lokinni.**

**Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**

VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Auðlindafræði
Fjölmiðlafræði
Grunnskólakennarafræði
Heilbrigðisvísindi
Heimskautaréttur
Hjúkrunarfræði
Iðjuþjálfunarfræði
Kennslufræði
Leikskólakennarafræði
Líftækni
Lögfræði
Menntunarfræði
Nútímafræði
Samfélags- og hagþróunarfræði
Sálfræði
Sjávarútvegsfræði
Tölvunarfræði
Umhverfis- og orkufræði
Viðskiptafræði
Þjóðfélagsfræði

AF HVERJU HÁSKÓLINN Á AKUREYRI?
• Persónulegt námsumhverfi og gott nám
• Námsaðstaða til fyrirmyndar
• Val um staðarnám eða fjarnám
• Góð tengsl við atvinnulíf






www.unak.is

## > VANESSA VANN



Vanessa Paradis er kannski hvað þekktust hér á landi fyrir að vera eiginkona leikarans Johnnys Depp, en hún nýtur mikilla vinsælda sem tónlistarkona í föðurlandi sínu, Frakklandi, og þó víðar væri leitað. Paradis hlaut tvenn Victorie-verðlaun á laugardaginn, en þau eru virt tónlistarverðlaun í Frakklandi. Hún var bæði verðlaunuð fyrir bestu poppplötuna og sem besta franska tónlistarkonan.

**fólk**

folk@frettabladid.is

# Í viðræðum EMI og Universal

Hljómsveitin Bloodgroup á í viðræðum við hljómplöturisana EMI og Universal um að skrifa undir útgáfusamning hjá öðrum hvorum þeirra. Sveitin spilaði fyrir útsendara fyrirtækjanna á tvennum tónleikum í Englandi í síðasta mánuði og virðist hafa heillað þá upp úr skónum.

„Þetta er á þannig stigi að það borgar sig að segja sem minnst. Þetta getur tekið langan eða stuttan tíma, við vitum ekkert um það. Það eru lögfræðingar úti í heimi sem eru að sjá um þetta,“ segir Hallur Kr. Jónsson úr Bloodgroup. „Við erum mjög spennt. Við viljum náttúrlega fá að vinna við þetta ef það er möguleiki og þetta er eiginlega besta leiðin til þess.“



**BLOODGROUP** Hljómsveitin Bloodgroup á í viðræðum við útgáfurisana EMI og Universal.

Bloodgroup er sjóðheit um þessar mundir því hún hefur einnig þekkst boð um að spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Að auki er hún að velja úr tilboðum um að koma fram á stórum tónlistarhátíðum í Englandi og á tónleikum í Austur-Evrópu.

Hljómsveitin fór í síðasta mánuði í tónleikaferð um Evrópu þar sem hún spilaði á sjö tónleikum á aðeins níu dögum í Danmörku, Portúgal, Noregi og á fyrrnefndum tónleikum í Englandi. „Það gekk alveg frábærlega. Við tókum sex flugvélar á átta eða níu dögum og vorum með öll tækin með okkur. Aðaláhyggjuefnið var að komast í gegnum þetta án þess að týna neinu,“ segir Hallur.

Í Noregi spilaði sveitin á By:Larmhátíðinni og fékk mjög góða dóma í ensku dagblöðunum Daily Mail og The Sun. Töldu þau bæði að tónleikar Bloodgroup hefðu verið á meðal þeirra fimm bestu á hátíðinni. Næstu tónleikar Bloodgroup verða á Organ 18. mars með færeysku sveitinni Boys in a Band.

- fb



**10.000 BC** Nýjasta mynd Roland Emmerich fór beint á toppinn í Bandaríkjunum.

# 10.000 BC vinsælust

**Fornaldarmyndin 10.000 BC fór beint á toppinn yfir vinsælustu kvikmyndirnar vestanhafs sínar eftir frumsýningarhelgi sína. Myndin fjallar um ungan mammútaveiðimann sem fer í mikla svaðilför fyrir ættbálk sinn en leikstjóri hennar er Roland Emmerich. Sá er ekki óvanur stórmyndum enda á hann heiðurinn af Independence Day og The Day after Tomorrow.**

**Í öðru sæti yfir vinsælustu myndirnar var College Road Trip með Martin Lawrence en Will Ferrell-myndin Semi-pro féll í fjórða sætið eftir vikudvöl á toppnum.**

# Gyðjur á góðgerðakvöldi

**Góðgerðakvöldverður Fiðrildaviku Unifem var haldinn í Frímúrarahúsinu síðastliðið laugardagskvöld. Þangað lagði leið sína hver hvítklædd gyðjan á fætur annarri, enda liturinn þema kvöldsins. Á Fiðrildahátíðinni fór fram þögult uppboð sem Herdís Þorvaldsdóttir, barnabarn og nafna leikkonunnar góðkunnu, stýrði styrkri hendi. Á meðal þess sem boðið var upp var síðkjóll frá fatahönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur, vinkonuferð til Marbella og tískuhelgi í París með stílistanum Agnieszku.**



Heiðursgesturinn frú Vigdís Finnbogadóttir



## LEGGJA GÓÐU MÁLEFNI LIÐ

Hvítklæddar konur streymdu að Frímúrarahúsinu á Skúlagötu á laugardagskvöldið til að leggja góðu málefni lið á góðgerðakvöldverði Fiðrildaviku Unifem. Áslaug Snorradóttir, oft kennd við Pikknikk, sá um veitingarnar, en þar að auki fór fram þögult uppboð á hinum ákjósanlegustu hlutum og viðburðum.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra



Hafdís Jónsdóttir í World Class og Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra



Þóra Hallgrímsson



Mikilvægt skref í átt að þínum alþjóðlega frama

Information meeting
Hilton Reykjavik Nordica hotel
11th March at 18.00

Hear about the AP Degree programmes in:

Marketing Management
Marketing Coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant

Computer Science
System designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator

Multimedia Design & Communication
Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager

Also hear about our Technical programmes:
Technical Manager - offshore, Production Technology and other

Nánari uppl. www.bawest.dk

BUSINESS ACADEMY WEST

Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, internationaloffice@eavest.dk

# Miðasala á Hensley hafin

Miðasala á tónleika Dúndurfrétta með þeim Eiríki Haukssyni og Ken Hensley hófst í gær í Austurbæ en Hensley er hvað þekktastur fyrir að vera einn af stofnendum Uriah Heep. Miðinn kostar litlar 3.500 krónur og er selt í númeruð sæti. Að sögn Páls Eyjólfssonar tónleikahaldara er mikill áhugi á tónleikunum og hann hvatti aðdáendur til að mæta tímanlega.



**EIKI HAUKS** Kemur fram með Dúndurfréttum og Ken Hensley.

# *Fjörutíu lög klár*

Nú eiga aðeins Svíþjóð, Serbía og nýgræðingarnir í San Marínó eftir að ákveða lögin sem þjóðirnar senda í Eurovision. Það val fer fram á næstu dögum. Síðastir eru Svíar sem ákveða sig á laugardaginn.

Um helgina bættust sjö lög við. Þjóðverjar senda vinsælasta kvennasönghópinn í sögu landsins, No Angels, sem syngur á ensku og fulltrúi Hollendinga, söngkonan Hind, syngur líka á ensku. Nágrannarnir í Belgíu senda söngkonuna Ishtar sem syngur þjóðlagaskotið popplag á uppdiktuðu bullmáli. Portúgalar, sem hafa aldrei unnið eftir 42 tilraunir, gera það varla heldur í ár því þeir senda söngkonuna Vânia Fernandes og enn eina þjóðlagaballöðuna. Í Armeníu, þar sem ríkja neyðarlög, var lagið „Qele qele“ valið ofan í söngkonuna Sirusho og Spánverjar völdu að senda flipparann Rodolfo Chikilicuatre.

Þá kusu Rússar að senda hjartaknúsarann Dima Bilan með hugnæma ballöðu, Believe. Dima er stórstjarna heima fyrir og vinnur nú að þremur plötum, á rússnesku, spænsku og ensku. Söngkonan Nelly Furtado tekur dúett með honum á spænsku plötunni og Timbaland vinnur nokkur lög á þeirri ensku. Dima keppti fyrir Rússa í Eurovision árið 2006 og lenti þá í öðru sæti á eftir Lordi. Nú hafa Rússar fulla trú á að hann fari alla leið.



**RÚSSNESK STÓRSTJARNA** Dima Bilan keppir aftur í ár.

EUROVISION

74 DAGAR TIL STEFNU

# FJÓRHJÓLADRIFINN
## OG ÖRUGGUR JEPPLINGUR

QASHQAI FÉKK HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI EURO-NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM. KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNSLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLINGI.

**Þú færð nýjan bíl afhentan fyrir páska**






**Nissan Qashqai**

Verð frá: **2.840.000 kr.**

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.

ENNEMM / SÍA / NM32569



### GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

INGVAR HELGASON

# Bubbi sendir Bigga tóninn

**Bubbi Morthens hefur trónað á toppnum áratugum saman og þess vegna fengið ýmis skot og skvettur yfir sig í gegnum árin frá samkeppnisaðilum. Hann lætur ekki dissa sig þegjandi og hljóðalaust og hefur nú vettvang á netinu til að svara fyrir sig – spjallborðið á bubbi.is.**

Kóngurinn hefur beitt óvægnum gagnsóknum þegar sést varir. Rapparinn Dóri DNA fékk að reyna það á dögunum og nú hefur Biggi í Maus fengið einn á snúðinn. Biggi reyndi að kryfja Kónginn í ritstjórnarpistli í tímaritinu Monitor og komst að þeirri niðurstöðu að Bubbi „hefur alltaf fylgt eftir því sem er í gangi í samfélaginu, en hefur aldrei verið leiðandi afl. Hann er eins og svampur sem sýgur umhverfi sitt inn og mótar sig og skoðanir sínar eftir því hvað er í gangi hverju sinni“.

Þessu er Bubbi ósammála og vill halda til haga sagnfræðilegum staðreyndum: „Það sem gerðist var að með Ísbjarnarblús og Utangarðsmönnum kvað aftur við ferskan tón í geldu íslensku tónlistarlífi,“ skrifar hann. „Tón sem hreif allt og alla með. Rokktónlist sem var spiluð með hjartanu, hrá og óhefluð. Blaðamenn kölluðu það sumir pönk. Hver var hinn nýi tónn? Jú, fyrst og fremst íslenskir textar sem fjölluðu um íslenskan veruleika í samtímanum.“

Bubbi heldur áfram og tekur upp frethólkinn: „Biggi verður að kyngja þeirri staðreynd að með Ísbjarnarblús breytti ég íslenskri tónlistarsögu ásamt Utangarðsmönnum. Sem og nokkrum öðrum sem fylgdu í kjölfarið. Frábið ég mér fleiri tilraunir til þess að falsa söguna frá manni sem hefur aldrei getað haldið lagi og hefur unnið sér það til frægðar að syngja falskast allra íslenskra tónlistarmanna á seinni tímum. Sá falski tónn hrakti hann frá míkrafóninum í það að gerast ritstjóri Monitors þar sem sami falski tónninn hljómar í skrifum hans.“

„Ég hef það nú sem reglu að svara aldrei gagnrýni á mig eða mína persónu,“ segir Biggi. „Ég held bara að Bubbi hafi ekki skilið greinina því hún var ekki smíðuð til þess að gera lítið úr hans persónu eða listsköpun heldur öfugt. Ég ber mikla virðingu fyrir Bubba. Hvað árásir á söngrödd mína varðar, þá er honum Guðs blessunarlega leyfilegt að hafa sína skoðun á henni. Það ónáðar mig ekki neitt og ég mun halda áfram að syngja þrátt fyrir hvað honum finnst. Enda sótti ég ekki um aðild að Bandinu hans Bubba.“

Að auki fær Bubbi nú gusurnar yfir sig frá trúbadornum Sigga Lauf. Bubbi sendi hann sem kunnugt er í „grafhýsi frægðarinnar“ og nýtt lag Sigga ber það sama nafn. Siggi syngur meðal annars: „Þú lítur stórt á þig vinur, útblásið egófrík. Mér þykir þú orðinn linur, ertu orðin einhvers tík? Á jeppandum fílar þig flottan, frelsið keyptir í gær. Hvar er fíkillinn, rottan, sem hrækir á fólk og hlær?“ Og nú er að sjá hvort Bubbi nenni að eltast við þetta.

gunnarh@frettabladid.is



**FRÁBIÐUR SÉR TILRAUNIR TIL SÖGUFÖLSUNAR** Ég var víst leiðandi afl, segir Bubbi.

**HELDUR ÁFRAM AÐ SYNGJA HVAÐ SEM BUBBI SEGIR** Birgir Örn Steinarsson ber virðingu fyrir Bubba.


SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| AUGUST RUSH | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 6 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6:10 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 10:10 | 12 |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| STEP UP 2 | kl. 6 - 10 | 7 |
| JUNO | kl. 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:20 | 16 |
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |

ÓSKARSMYNDIRNAR
ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is



Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEMI-PRO | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 | L |



NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSL. TAL | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUGUST RUSH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BE KIND REWIND | kl. 8 - 10.15 | |
| DIVING BELL | kl. 5.40 - 8 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 10.10 | 12 |
| | | 7 |
| | AUKAKRÓNUR 5% | |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 AUKAKRÓNUR 5% | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |
| | AUKAKRÓNUR 5% | |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR






Við stefnum öll í sömu áttina. Viltu gefa okkur nafn til að leiða okkur áfram ?

## HVAÐ Á SKÓLINN AÐ HEITA ?

Hinn 1. júlí 2008 munu Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík sameinast undir nýju nafni. Við sameininguna verður til einn öflugasti framhaldsskóli landsins með á þriðja þúsund nemendur í 10 - 15 undirskólum á framhaldsskólastigi. Skólinn mun einnig bjóða nám til viðurkenndra háskólaeininga.
Menntafélagið ehf. er einkahlutafélag í eigu Landssambands íslenskra Útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða og Samorku. Menntafélagið mun frá 1. júlí 2008 með þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið sameina rekstur Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólann í Reykjavík í einn skóla.

Nú vantar nafn á skólann.

Nemendur, starfsfólk skólanna og aðrir landsmenn eru beðnir um að leggja höfuðið í bleyti og gefa nýjum öflugum og framsæknum skóla nafn.
Nafnaleitinni lýkur þann 16. mars og verður val dómnefndar kynnt um miðjan apríl 2008.

Farðu inná heimasíður skólanna www.fti.is eða www.ir.is og legðu inn tillögu að nýju nafni .
**Verðlaun í boði**: Frír hádegisverður í mötuneytinu í heilt ár og merkt einkabílastæði, eða sambærileg verðlaun.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

# Orator fordæmir bókun jafnréttisnefndar HÍ

**Félag laganema við HÍ telur jafnréttisnefnd grafa undan trúverðugleika Háskólans – ekki Grím geitskó.**



VILHJÁLMUR ÞÓR Laganemar eru furðulostnir vegna bókunar jafnréttisnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er alvarlegt að jafnréttisnefnd Háskóla Íslands sé að reyna að koma að sínum pólitísku skoðunum með þessum hætti. Þetta er tilraun til ritskoðunar af hálfu skólans,“ segir Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, formaður Orators – félags laganema við Háskóla Íslands.

Fréttablaðið hefur greint frá harðorðri bókun jafnréttisráðs Háskóla Íslands þar sem segir að í blaði laganema, Grími geitskó, gæti bæði kvenfyrirlitningar og fordóma. Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskólans, segir kannski ekki meðvitað verið að níðast á konum í blaðinu en „það er samt það sem úr verður“. Þá fer auglýsing frá súlustaðnum Goldfinger fyrir brjóstið á nefndarmönnum.

Vilhjálmur telur þetta fráleitt. Um sé að ræða innandeildarblað, gefið út í hundrað eintökum og allir viti að ekki er orð að marka sem stendur í Grími – skotið er á alla ekki síður karla en konur. Um sé að ræða grínblað og innandeildarhúmor. Orator hefur nú sent frá sér ályktun þar sem kemur fram sú skoðun að jafnréttisnefndin hafi farið of geyst í bókun sinni.

„Ef það er eitthvað sem er til þess fallið að grafa undan trúverðugleika skólans þá er það tilraun til ritskoðunar af hálfu nefndarinnar á efnistökum og auglýsingum blaðsins. Nektardansstaðir eru pólítískt deiluefni sem skiptar skoðanir eru um. Það að nefndin sé að setja út á auglýsingu, sem á engan hátt ætti að særa blygðunarkennd manna, frá fullkomlega löglegri starfsemi lítur félagið mjög alvarlegum augum. Það á ekkert tengt við jafnrétti kynja og telur Orator að þarna hafi nefndin farið langt út fyrir umboð sitt. Það eru flestir laganemar furðu lostnir yfir þessari bókun og finnst að félagi sínu vegið. Orator þvertekur fyrir að það eigi sér stað kvenfyrirlitning eða fordómar innan félagsins. Það er svo fjarstæðukennt að félaginu finnst í raun óþægilegt að þurfa að taka það fram,“ segir meðal annars í ályktun Orators.

Vilhjálmur segir svo því á bætandi að meginreglur stjórnsýsluréttar hafi ekki verið hafðar að leiðarljósi þar sem ekki var leitað eftir sjónarmiðum þeirra sem komu að blaðinu og er rökstuðningur nefndarinnar misvísandi og óskýr. „Orator vonar að í framtíðinni muni þeir sem vilja gera athugasemdir við starfsemi félagsins byrja á því að hafa samband við félagið áður en hlaupið er upp til handa og fóta,“ segir í ályktuninni en stjórn Orators hefur ekki tekið ákvörðun um hvort farið verður með málið lengra innan stjórnsýslunnar.

jakob@frettabladid.is


SKÓLAHREYSTI

Vinningshafar síðustu viku



Grunnskóli Siglufjarðar

Ekki missa af Skólahreysti kl. 20.00 á Skjá einum. Hver sigrar í kvöld?

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is

Aðalstyrktaraðili Skólahreystis



BÍLSKÚRS-GERVIGREIND

Byrjendanámskeið
15. mars 2008 kl. 13:00 - 16:30

Gervigreindarsetur HR stendur fyrir hinni árlegu kynningu á hugbúnaði tengdum gervigreind.

Aðgangur ókeypis!

Heimsmeistarinn í almennri leikjagreind mun kynna gervigreind fyrir borðleiki. Einnig munu undirstöðuatriði í tölvugrafík fyrir gervigreindarkerfi vera meðal þess sem kynnt verður.
Forritunarkunnátta er æskileg.

Skráning:
Sendið póst á bilskursgervigreind08@cadia.ru.is
fyrir 13. mars nk.

Takmarkað pláss!

Nánari upplýsingar er að finna á:
http://cadia.ru.is/bilskursgervigreind

CADIA

## > Helena valin nýliði ársins

Helena Sverrisdóttir hefur verið valin nýliði ársins í Mountain West-deildinni í bandaríska háskólakörfuboltanum. Helena er stigahæsti nýliði í TCU-skólanum síðan Sandora Irvin, núverandi leikmaður San Antonio Silver Stars í WNBA skoraði 10,8 stig í leik veturinn 2001-2002. Helena var með 9,3 stig, 5,7 fráköst og 2,7 stoðsendingar að meðaltali á 25,3 mínútum sem hún spilaði í leik og er eini nýliðinn í Mountain West-deildinni sem er inni á listum í stigum (21. sæti), fráköstum (14.) og stoðsendingum (12.). Þetta er mikil viðurkenning fyrir Helenu og íslenskan kvennakörfubolta en það eru þjálfarar Mountain West-deildarinnar sem velja besta nýliða hennar.



**sport**
sport@frettabladid.is

ICELAND EXPRESS-DEILD KVENNA Í KÖRFUBOLTA: ÚRVALSLIÐ UMFERÐA 18-24 Í DEILDINNI VAR TILKYNNT Í GÆR

# *Jöfn og spennandi úrslitakeppni framundan*

KKÍ stóð fyrir verðlaunafhendingu fyrir úrvalslið umferða 18-24 í Iceland Express-deild kvenna í gær. Skipun úrvalsliðsins er eftirfarandi; Hildur Sigurðardóttir, KR, Lakiste Barkus, Hamri, Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík, Petrúnella Skúladóttir og Tiffany Roberson, báðar úr Grindavík, en Tiffany var svo valinn besti leikmaður umferðanna. Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, var valinn besti þjálfarinn en hann fagnaði deildarmeistaratitlinum með liði sínu á dögunum.

„Ég er sáttur með þetta val og þó það sé erfitt að velja og margir til kallaðir er þetta bara flott úrvalslið,“ sagði Jón Halldór, sem er afar ánægður með gang mála hjá sínu liði fyrir úrslitakeppnina.

„Mér finnst vera góður stígandi í leik liðsins upp á síðakastið og ég vona að þetta haldi bara áfram á sömu braut. Við gáfum það út í haust að við ætluðum okkur að vinna alla þá titla sem í boði voru og þegar við töpuðum í Lýsingarbikarnum gerði það okkur enn ákveðnari í að vinna í deildinni,“ sagði Jón Halldór, sem telur heimavallarréttinn ráða miklu.

„Við unnum alla tólf heimaleiki okkar í vetur og það er gríðarlega mikilvægt að vera með heimavallarréttinn í úrslitakeppninni því auðvitað vilja allir spila fyrir framan sína áhorfendur í sínu húsi,“ sagði Jón Halldór og kvað mótherjana ekki skipta máli.

„Það skiptir engu máli hvaða liði þú mætir þar sem þetta eru fjögur öflug lið og ef þú mætir ekki í leikinn til að vinna áttu ekki möguleika,“ sagði Jón Halldór um komandi leiki liðs síns gegn Haukum. Pálína Gunnlaugsdóttir, fyrrverandi leikmaður Hauka, tók í sama streng.

„Við bíðum spenntar eftir því að mæta Haukum og það er mjög gaman að þarna séu saman komin fjögur jöfn lið í úrslitakeppninni,“ sagði Pálína.





**FER HEMMI ALLA LEIÐ?** Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth eru taldir sigurstranglegir í FA-bikarnum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Undanúrslit FA-bikarsins:

## 17 ára áskrift loks á enda

**FÓTBOLTI** Dregið var í undanúrslit FA-bikarsins á Englandi í gær þar sem Portsmouth mætir WBA og stórliðabanarnir í Barnsley leika gegn Cardiff en leikirnir fara fram á Wembley 5. og 6. apríl.

Eftir óvænt úrslit síðustu helgar varð ljóst að ekkert af „topp fjögur“-liðunum myndu komast í úrslitaleikinn. Áskrift liðanna að úrslitaleiknum hefur staðið yfir síðan árið 1991 þegar Tottenham sigraði Nottingham Forest 2-1 en Everton var síðasta liðið utan „topp fjögur“ liðanna til að vinna keppnina, árið 1995. - óþ

N1 DEILD KARLA
Þriðjudagur 11. mars
KA heimilið kl. 19:00
Akureyri - Stjarnan
Digranes kl. 20:00
HK - Fram
Varmá kl. 20:00
Afturelding - Haukar
Vodafone höllin kl 20:00
Valur - ÍBV

# Enn skorar Margrét Lára

**Ísland vann Portúgal 3-0 á Algarve Cup í gær. Margrét Lára skoraði tvö mörk og var að skora í sínum sjöunda landsleik í röð. Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir bætti þriðja markinu við en hún jafnaði landsleikjamet Ásthildar Helgadóttur í gær.**

**FÓTBOLTI** Kvennalandslið Íslands í knattspyrnu sigraði Portúgal 3-0 í lokaleik sínum í riðlakeppninni á Algarve Cup í Portúgal í gær en liðið vann þar með alla leiki sína í C-riðli og mætir Finnlandi á morgun í leik um sjöunda sætið í mótinu.

Samkvæmt heimasíðu KSÍ var leikurinn jafn framan af, þangað til markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir tók til sinna ráða og skoraði fyrsta mark leiksins á 15. mínútu eftir að hafa fengið góða sendingu inn fyrir vörn Portúgal. Aðeins þremur mínútum síðar var hún búin að skora aftur og í þetta skipti með skalla eftir hornspyrnu Eddu Garðarsdóttur. Margrét Lára kom boltanum í netið á ný á 26. mínútu en markið var þá dæmt af vegna rangstöðu og staðan var enn 2-0 þegar fyrri hálfleikur var flautaður af.

Það dró svo til tíðinda á 69. mínútu þegar fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir, sem var að jafna landsleikjamet Ásthildar Helgadóttur með 69. leik sínum með liðinu í gær, stangaði boltann í netið eftir hornspyrnu. Mark Katrínar reyndist síðasta mark leiksins og öruggur 3-0 sigur í höfn.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari var að vonum sáttur með sigurinn þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið í gærkvöldi.

„Ég er ánægður með sigurinn og ekki síður þá staðreynd að við héldum markinu hreinu. Ég er reyndar búinn að vera mjög ánægður með vörnina í þessu móti; við höfum aðeins fengið á okkur eitt mark og það var eftir fast leikatriði. Við eigum alltaf möguleika að vinna þegar við fáum á okkur fá mörk, sérstaklega í ljósi þess að við eigum leikmann eins og Margréti Láru í framlínunni. Hún er mjög stöðug, hefur nú skorað í sjö landsleikjum í röð og það er náttúrlega ómetanlegt,“ sagði Sigurður Ragnar, sem sá einnig ástæðu til þess að hrósa Katrínu fyrir áfangann.

„Það er frábært hjá Katrínu að vera búin að spila svona marga landsleiki og gaman fyrir hana að skora af því tilefni. Hún er náttúrlega frábær leiðtogi í þessum hóp og er að standa sig virkilega vel eins og margir aðrir leikmenn liðsins um þessar mundir,“ sagði Sigurður Ragnar ánægður.

omar@frettabladid.is



**ÓSTÖÐVANDI** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað reglulega fyrir íslenska landsliðið og var að skora í sjöunda landsleiknum í röð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**REYNSLUBOLTI** Senad Tiganj á leiki að baki með landsliði Slóveníu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Landsbankadeild karla:

## Grindavík fær þrjá leikmenn

**FÓTBOLTI** Grindavík hefur fengið liðsstyrk fyrir komandi átök í landsbankadeild karla næsta sumar. Um er að ræða þrjá erlenda leikmenn, Zoran Stenenic og Igor Kococ frá Serbíu og Senad Tiganj, fyrrum landliðsmann Slóveníu. Staðfesti Ingvar Guðjónsson, framkvæmdarstjóri Grindavíkur, í samtali við Fréttablaðið að leikmennirnir væru væntanlegir til landsins í næsta mánuði.

„Við bindum miklar vonir við þessa menn og treystum þeim sem komu okkur í samband við þá þannig að við erum afar ánægðir. Að öllu óbreyttu ættu allir þessir leikmenn að fara með Grindavíkurliðinu í æfingarferð til Portúgal í byrjun apríl,“ sagði Ingvar og kvað Grindvíkinga hvergi nærri hætta á leikmannamarkaðnum.

„Við gáfum það út  ekki alls fyrir löngu að við myndum styrkja liðið með nokkrum erlendum leikmönnum. Núna eru þrír komnir og það gætu enn bæst einn eða tveir erlendir leikmenn við leikmannahópinn fyrir næsta sumar,“ sagði Ingvar í gær. - óþ

Hádegisfyrirlestur ÍSÍ
Íþróttamiðstöðin í Laugardal, E-salur föstudaginn 14. mars nk. frá kl. 12.00-13.00. Rolf Carlsson frá Svíþjóð fjallar um ótímabæra sérhæfingu barna hvað íþróttaiðkun snertir. Fyrirlesturinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.
Sjá nánar á www.isi.is

Aðalfundur
Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Haukar verður haldinn á Ásvöllum þriðjudaginn **11. mars kl. 18.**
**Dagskrá:**
Aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins
Félagar fjölmennið!
***Aðalstjórn Hauka***

Steven Gerrard varar félaga sína við því að vera of sigurvissir gegn Inter:

# Erfiðar 90 mínútur framundan

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, telur að lið sitt eigi erfitt verkefni fyrir höndum á San Siro í kvöld þrátt fyrir að staða enska liðsins sé  góð eftir 2-0 sigur gegn Inter í fyrri leik liðanna á Anfield.

Biðin eftir leiknum hefur gefið mönnum tíma til þess að dusta rykið af sögubókunum og rifja upp undanúrslitarimmu Liverpool og Inter frá árinu 1965 þegar Liverpool vann fyrri leik liðanna á Anfield 3-1 en Inter komst í úrslitaleikinn með því að vinna seinni leikinn 3-0 á San Siro.

Steven Gerrard telur mikilvægt að Liverpool dragi lærdóm af því og ítrekaði í viðtali við opinbera heimasíðu UEFA að sigurinn væri ekki í höfn þrátt fyrir góða stöðu Rauða hersins.

„Okkar bíða erfiðar 90 mínútur á San Siro og mín skilaboð til félaga minna eru þau að við megum ekki vera of sigurvissir. Við gerðum okkur seka um að vera of sigurvissir í riðlakeppni Meistaradeildarinnar þar sem við héldum ef til vill að við myndum auðveldlega taka efsta sætið í okkar riðli og lið eins og Porto, Marseille og Besiktas myndu ekki vera mikil fyrirstaða, en annað kom á daginn,“ sagði Gerrard, sem telur Liverpool eftir sem áður eiga frábæra möguleika á að ná langt í keppninni í ár.

„Við erum með reynslumikið lið sem veit hvað þarf til þess að komast alla leið í úrslitin og með mikilli vinnu og smá heppni eru okkur allir vegir færir í þeim efnum. Minningarnar frá sigri Liverpool í úrslitaleiknum árið 2005 eru nokkuð sem ég gleymi aldrei. Það er tvímælalaust besta kvöld sem ég hef upplifað á ferli mínum sem leikmaður og ég þrái ekkert meira en að fá að upplifa það aftur,“ sagði Gerrard að lokum. - óþ



**SJÓÐANDI HEITIR** Steven Gerrard og Fernando Torres hafa leikið frábærlega upp á síðkastið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ford

*Nýtt tákn um gæði*




## Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.840.000*

**Bílasamningur**
**kr. 23.340 á mán.**
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Stýrðu lífinu. Prófaðu – **FORD FIESTA**

# SJÁLFSKIPTU Í FIESTA NÚNA

Beygðu inn í bjartari framtíð með léttari stýrisbúnaði og mýkri fjöðrun. Stýrðu lífinu. Prófaðu Ford Fiesta – nýtt tákn um smart gæði. Veldu betri borgarbíl og sjálfskiptu strax í Fiesta. Þú áttar þig á Fiesta. Komdu í Brimborg.

**Veldu Ford.**






## Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.880.000*

**Bílasamningur**
**kr. 23.850 á mán.**
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur




## Ford Ka
Gott verð
kr. 1.269.000*

**Bílasamningur**
**kr. 15.990 á mán.**
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km

***Þú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA***

GCI GROUP

**visthæf skref**
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

**brimborg**
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

## > Kate Winslet

Fyrsta leiklistarstarfið sem Kate Winslet fékk var sjónvarpsauglýsing þar sem hún var að auglýsa morgunkorn. Hún var mjög ung og átti að dansa með Hunangsskrímslinu. Síðan fóru hlutirnir að gerast og Kate hefur hlotið mörg stór hlutverk og margar viðurkenningar síðan þá. Hún leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Titanic sem er sýnd í dag á Stöð 2 Bíó kl.14.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR GLÁPIR ELDSNEMMA Á MORGNANA

## *Endurteknar hamfarir í bítið*




Mörgum þykir heldur leiðinlegt að vakna snemma á morgnana en staðreynd málsins er þó sú að flestir þurfa að hlýða kalli launa- eða lánastofnana. Því er fátt annað í stöðunni en að gera morgunstundina sem bærilegasta. Drykkir sem innihalda koffín gera vissulega sitt gagn en stundum þarf eitthvað meira til að koma manni í stuð fyrir daginn. Þá koma sumir ljósvakamiðlar sterkari inn en aðrir.

Útvarpið er ágætt til síns brúks á morgnana; MTV-kynslóðin þarf þó meira áreiti til að komast fram úr. Fyrir nokkrum árum gerðust íslenskir sjónvarpsmenn framtakssamir og framleiddu morgunsjónvarpsþætti sem reyndust því miður heldur tilþrifalausir. Þjóðin virðist ekki hafa tekið ástfóstri við þetta efni; í það minnsta tilheyrir íslenskt morgunsjónvarp fortíðinni. Kannski framtíðinni líka, hver veit?

Það er óviðeigandi að horfa á tónlistarmyndbönd á morgnana en innan velsæmismarka að snúa sér á náðir erlendra fréttasjónvarpsstöðva og fræðast um ástand mála í öðrum löndum áður en haldið er til vinnu eða náms. Morgunsjónvarp stöðva á borð við CNN, Sky News, Al-Jazeera og BBC World er ansi viðburðaríkt. Satt best að segja er ekki víst að þeir sem hafa veikar taugar á morgnana þoli að horfa á þessar stöðvar þar sem að þær bjóða áhorfendum óhjákvæmilega upp á hrottalegar líkamsmeiðingar, barnaníðinga, jarðskjálfta, hryðjuverk, þjóðarmorð, veðurfréttir og ensku mörkin, allt áður en áhorfendur sporðrenna ristaða brauðinu. Þeir sem sitja við fréttastöðvarnar lengur en í kortér komast að því að þær endurtaka fréttir sínar aftur og aftur. Þannig er vel hægt, ef rétt er haldið á spöðunum, að berja augum afleiðingar hræðilegs umferðarslyss í Þýskalandi þrisvar sinnum áður en haldið er til vinnu. Eftir slíkan skammt tekur maður niðurdrepandi endurtekningu skrifstofunnar, verksmiðjunnar eða skólastofunnar fagnandi.

## EKKI MISSA AF




▶ **20.20** Amazing Race STÖÐ 2



▶ **20.30** Extreme Life Through a Lens SIRKUS



▶ **21.25** Viðtalið SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Mr. and Mrs. Smith STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.40** Jay Leno SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars**
**20.55 Á faraldsfæti - Æðey** Í þessum sænska þætti skoðar sjónvarpsmaðurinn Bobbo Nordenskjöld sig um í Æðey sem er stærsta eyja á Ísafjarðardjúpi, skammt undan Snæfjallaströnd.
▶**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við þekkt fólk, einkum í nágrannalöndum Íslands, fólk sem hefur markað spor á sínu sviði, stjórnmálamenn, listamenn og sérfræðinga. Bogi ræðir hér við kvikmyndaleikstjórann góðkunna, Bille August, sem býr sig nú undir að gera mynd eftir sögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Slóð fiðrildanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Víkingasveitin** Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Aðalhlutverk leika Ross Kemp, Miles Anderson, Liam Garrigan, Christopher Fox og Heather Peace. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Mary Bryant** e.
**00.55 Kastljós**
**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Titanic**
**09.10 Clifford´s Really Big Movie**
**10.25 Everyday People**
**12.00 Leaving Normal**
**14.00 Titanic**
**17.10 Clifford´s Really Big Movie**
**18.25 Everyday People**
**20.00 Leaving Normal** (Út fyrir rammann)
▶**22.00 Mr. and Mrs. Smith**
**00.00 Breathtaking** (Hrífandi)
**02.00 Girl Fever**
**04.00 Mr. and Mrs. Smith**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60**
**11.15 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**13.35 Gladiatress**
**15.25 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
▶**20.20 Amazing Race** (12:13) Kapphlaukið mikla heldur áfram um heiminn þveran og endilangan. Amazing Race kemur úr smiðju stórframleiðandans Jerrys Bruckheimer og er ennþá sá raunveruleikaþáttur sem unnið hefur til flestra verðlauna, þ.á.m. fjölda Emmy-verðlauna. Að þessu sinni eiga Íslendingar smáhlut í einum keppandanum. Nánar tiltekið gervifót hans, sem smíðaður var af stoðtækjagerð Össurar.
**21.05 Shark** Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.25 60 mínútur**
**23.10 ReGenesis**
**00.00 The Hustle**
**01.35 Gladiatress**
**03.05 Cold Case**
**03.50 Shark**
**04.45 Amazing Race**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**16.25 Spænsku mörkin**
**17.10 Inside Sport**
**17.35 World Supercross GP**
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**19.00 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Inter - Liverpool) Bein útsending frá síðari leik Inter og Liverpool í Meistaradeild Evrópu.
**21.40 Meistaradeildin** Sparkspekingar Sýnar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.
**22.00 Formúla 1** Fjallað verður um frumsýningar Formúlu 1 liða á nýjum ökutækjum. Þá verður rætt við ökumenn, breytingar á reglum skoðaðar og nýjir keppnisstaðir skoðaðir.
**22.40 PGA Tour 2008 -** Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**23.35 Ultimate Blackjack Tour 1**
**00.20 Meistaradeild Evrópu** (Shakhtar - Benfica) Útsending frá leik Shakhtar og Benfica í Meistaradeild Evrópu sem fór fram þriðjudaginn 4. desember.
**02.00 Meistaradeildin**

## SÝN2

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin**
**19.00 Liverpool - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Liverpool og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Wigan - Arsenal** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 English Premier League** (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Sunderland - Everton** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Sunderland og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.20 Vörutorg**
**17.20 All of Us**
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Psych** (e)
**20.10 Skólahreysti** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Kynnir er Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi úr hljómsveitinni Í svörtum fötum. Nú eru það skólar frá höfuðstað Norðurlands sem eigast við í hörkukeppni í Íþróttahöllinni á Akureyri.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**21.50 Cane** Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Alex Vega tekur við stjórnartaumunum í fjölskyldufyrirtækinu og kynnir hugmyndir sýnar um etanolverksmiðju fyrir Barnes þingmann, þrátt fyrir að Frank sé andsnúinn hugmyndinni. Alex verður líka að taka eftirmálum morðsins á Quinones.
▶**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 C.S.I.** (e)
**00.15 Bionic Woman** (e)
**01.05 Vörutorg**
**02.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30
### Inter-Liverpool



Liðsmenn Inter supu seyðið af því að mæta til leiks á Anfield og ætla sér að liggja í vörn og treysta á markalaust jafntefli. Niðurstaðan varð 2-0 tap og ljóst að liðið á erfitt verkefni fyrir höndum því ef tekið er mið af árangri Liverpool í Evrópukeppninni undanfarin ár fær liðið ekki mörg mörk á sig. Inter þarf á öllu sínu að halda á heimavelli í kvöld en ef liðið sýnir ekki toppleik eru dagar þess taldir í Meistaradeild Evrópu þetta árið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### *Á faraldsfæti - Æðey*
### Sjónvarpið kl. 20.55

Á faraldsfæti Vildmark – Upptäckeren. Sænsk þáttaröð þar sem sjónvarpsmaðurinn Bobbo Nordenskjöld fer á staði utan alfaraleiðar og kynnir sér framandi menningu. Í þessum þætti skoðar Bobbo sig um í Æðey sem er stærsta eyja á Ísafjarðardjúpi, skammt undan Snæfjallaströnd.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (141:260)
**16.30 Hollyoaks** (142:260)
**17.00 The George Lopez Show**
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
**19.00 Hollyoaks** (141:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (142:260)
**20.00 The George Lopez Show**
▶**20.30 Extreme: Life Through a Lens** Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**21.15 Lovespring International** Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol** (17:42)
**22.45 American Idol** (18:42)
**23.30 American Idol** (19:42)
**00.15 Crossing Jordan**
**01.00 Comedy Inc.**
**01.25 American Dad**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson veltir fyrir því sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
**21.30 Mér finnst** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet med Vejret **12.30** Livet på sæteren **12.50** Søren og Søren **13.20** Koht i familien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen? **19.30** Med andre øjne **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalinspektør Clare Blake: Knyttede næver **22.30** Seinfeld **22.50** OBS **22.55** Album **5.00** Johannas husdyr

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Oraklene **11.40** En ordentlig familie **12.40** Faktor: Klovn til fjells **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Den utvalgte **14.55** Biomangfold **15.05** Hannah Montana **15.30** Utfordringen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Solens mat **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV-show **17.20** Dyrlege Due **17.30** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage: La det swinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Bak lukkede dører: Makt over bord **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Shakespeare: Macbeth **23.45** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **0.15** Kulturnytt **0.25** Autofil jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **12.05** Robins **13.25** Hundhotellet **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Anaconda **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.15** Byggare Bob **17.25** Räkna med skägg **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Klass 9A **21.00** The Opposite of Sex **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.05** Brottet **0.05** Stressad, rädd och förbannad **0.35** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Það er ananassafi, hvort sem hann er kaldur eða heitur, þá er ég góður. Annars starta ég oftast deginum á Grænum kosti þegar ananassafinn er runninn í gegn.“*

Addi Exos plötusnúður.

# Viddi í Trabant að klára afa-plötuna

Viðar Hákon Gíslason, gítarleikari í Trabant, hefur undanfarið eitt og hálft ár unnið að gerð plötu með afa sínum, ísfirska rakaranum Vilbergi Vilbergssyni. Hún er nú nánast fullgerð og að öllum líkindum væntanleg í lok maí. „Við ætlum að reyna að hafa hana tilbúna í gjafapappír fyrir afa á afmælinu hans, 26. maí,“ segir Viðar, sem er nýsnúinn aftur til borgarinnar eftir að hafa hljóðblandað plötuna í góðu yfirlæti á Flateyri.

Hann segir það frábæra reynslu að hafa fengið að vinna með afa sínum. „Ég er búinn að læra alveg fullt af honum. Hann byrjaði fyrst að spila á böllum tólf ára gamall með harmonikkuna, svo hann er búinn að vera að í 66 ár núna. Hann semur eiginlega alla tónlistina sjálfur og útsetur fyrir hljóðfærin. Hann mætir með handskrifaðar nótur fyrir alla og spilar á harmonikku og saxófón til skiptis,“ útskýrir Viðar. „Hann gaf mér svo mikið með sinni tónlist þegar ég var lítill og vakti mikinn áhuga hjá mér. Nú get ég gefið honum aðeins til baka,“ segir hann.

Gamlir spilafélagar Vilbergs, sem er betur þekktur sem Villi Valli, spila með honum á plötunni. Fleiri tónlistarmenn koma þó að gerð plötunnar, eins og tríóið Flís og KK. „Flísstrákarnir urðu alveg ástfangnir af kallinum og heimtuðu að bóka hann á einhver djassfestiböl undireins. Ég veit ekki hvort það verður af því, hann er bæði bókaður svo mikið sjálfur, og svo er hann af þessari hlédrægu kynslóð og þykist ekkert kunna á hljóðfæri,“ segir Viðar og hlær við. Þar að auki syngur Ylfa Mist Helgadóttir lag á plötunni. **- sun**



**SKEMMTILEG REYNSLA** Viðar Hákon Gíslason, sem hér sést ásamt afa sínum, Vilbergi Vilbergssyni, og meðlimum Flís, segir það hafa verið frábæra reynslu að gera plötu með afa sínum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** klafi **8.** trjátegund **9.** þukl **11.** bókstafur **12.** hólf **14.** gervitennur **16.** núna **17.** neitun **18.** hrópa **20.** þys **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll **3.** tveir eins **4.** eyja í Miðjarðarhafi **5.** hallandi **7.** kálsoð **10.** skref **13.** forað **15.** færni **16.** nálægt **19.** til.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** ok, **8.** eik, **9.** káf, **11.** ká, **12.** kleif, **14.** stell, **16.** nú, **17.** nei, **18.** æpa, **20.** ys, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** ee, **4.** sikiley, **5.** ská, **7.** kálsúpa, **10.** fet, **13.** fen, **15.** list, **16.** nær, **19.** að.

VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

LIFANDI ÞJÓÐ: FLYTUR INN FORINGJA CREEDENCE CLEARWATER

# Fogerty tryllir lýðinn í lok maí

John Fogerty, forsprakki hinnar goðsagnakenndu rokkhljómsveitar Creedence Clearwater Revival, heldur tónleika í Laugardalshöllinni í lok maí. Nýstofnað fyrirtæki þeirra Kára Sturlusonar, Gríms Atlasonar og athafnamannsins Guðmundar Einarssonar, Lifandi þjóð ehf, stendur að komu Fogerty.

John Fogerty var aðalmaður Creedence Clearwater Revival, hinnar heimsfrægu hljómsveitar frá Kaliforníu sem ruddi brautina í kántrírokkinu í kringum 1970. Fogerty söng og spilaði á gítar og samdi öll vinsælustu lögin og textana. Meðal stærstu smella Creedence eru sígildir rokkslagarar eins og Fortunate Son, Who'll Stop the Rain, Down on the Corner og Proud Mary – lög sem allir rokkáhugamenn þekkja og dá.

Creedence Clearwater Revival hefur aldrei spilað saman aftur eftir að sveitin lagði upp laupana árið 1972. Þá hóf John Fogerty sólóferil sem hann hefur haldið úti með hléum síðan. Stúdíósólóplöturnar eru orðnar átta. Hann hefur oft hitt naglann á höfuðið með sólólögum sínum, samdi til dæmis Rockin' All Over the World, sem var meiriháttar smellur fyrir Status Quo árið 1976.

John byrjaði aftur að spila lög frá Creedence Clearwater Revival-tímabilinu á tónleikum til stuðnings Víetnam-hermönnum árið 1987. Nú eru þessi klassísku lög stór hluti af tónleikaprógrammi meistarans. Hann hefur alltaf verið pólitískur. Næstsíðasta sólóplata hans, Deja Vu (All Over Again) frá 2004, var til að mynda hörð gagnrýni á Bush-stjórnina og stríðsreksturinn í Írak. Þá var hann ákafur stuðningsmaður Johns Kerrys í forsetakosningnum 2004. Kaldhæðni örlaganna er að George W. Bush segir að titillag sólóplötu Johns frá 1984, Centerfield, sé uppáhaldslagið sitt.

Hingaðkoma Johns Fogertys er hluti af langri ferð sem nú stendur yfir til að kynna nýjustu sólóplötuna, Revival, sem kom út í fyrra. Platan þykir meistaralegt afturhvarf í kántrírokk-hljóðheim Creedence. John mun bæði spila Creedence-lög og sólóefni.

Lifandi þjóð stendur sem kunnugt er einnig fyrir tónleikum Erics Clapton í Egilshöll 8. ágúst. Til að anna gríðarlegri eftirspurn á þá tónleika voru 2.000 miðar til viðbótar settir í sölu í dag. Þessir miðar eru á aftara svæði og kosta 7.900 krónur stykkið. Miðar á John Fogerty fara í sölu bráðlega og verður eflaust slegist um þá enda á kappinn marga aðdáendur hérlendis.

gunnarh@frettabladid.is



**ROLLIN' ROLLIN' ROLLIN' ON THE RIVER** John Fogerty spilar á Íslandi 21. maí.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bókamarkaðnum í Perlunni lauk á sunnudaginn og er næst komið að Norðlendingum því markaðurinn flyst til Akureyrar og verður þar yfir páskana. Vel gekk í Perlunni og eitt af því sem hjálpaði til var að Kilju-fólkið með **Kolbrúnu Bergþórsdóttur** fremsta í flokki mælti með sitt hvorum fimm bókunum í síðasta þætti. Munu þessar bækur hafa flogið út eftir þáttinn. Kolbrún sjálf mætti svo á markaðinn á laugardaginn en gat sig varla hreyft fyrir fólki sem vildi fá heilræði frá bókmenntadrottningunni.

**Merzedes Club** er hvergi nærri af baki dottið þrátt fyrir að hafa þurft að lúta í lægra haldi fyrir **Friðriki Ómari**. Sveitin spilaði kom fram í stærstu höllum landsins um helgina – á sama kvöldinu. Fjörið hófst í Reykjanesbæ þar sem spilað var fyrir tæplega 1.000 krakka á körfuboltamóti. Þá tók við Egilshöll þar sem Ceres 4 og félagar trylltu bankalýð en Landsbankinn var þar með árshátíð. Þá var það Laugardalshöll og var troðið upp fyrir starfsfólk Símans. Nýtt lag eftir **Barða Jóhannsson** með Merzedes fer á útvarpsstöðvarnar í spilun á næstunni.



Serbneskir tónleikahaldarar hafa tekið **Björk Guðmundsdóttur** í sátt eftir að hún tileinkaði Kosovo lagið Declare Independence. Henni hefur að nýju verið boðið að taka þátt í tónlistarhátíðinni Exit sem fram fer í Novi Sad. Serbum er annt um ímynd sína alþjóðavettvangi og vilja eflaust ekki kasta meiri rýrð á hana enda eiga augu Evrópu eftir að beinast að landinu þegar Eurovision verður haldin þar. Ekki er hins vegar vitað hvort yfirlýsing Bjarkar eigi eftir að setja strik í reikning **Eurobandsins** en það er kannski til happs að loksins veit hin meinta „austantjaldsmær“ hvað Ísland eiginlega er.





sérhæfður í fiskréttum
frábær veitingastaður sem sérhæfir sig í ljúffengum fiskréttum bæði í hádeginu og á kvöldin.
Staður sem kemur á óvart...!
veitingahús Gallery fiskur
**Verslun**: mán.-fös. 10:00-18:30, **Veitingahús**: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Páll Ásgeir ekki með stúdentspróf

„Nei, nei, ég er ekki með stúdentspróf, komst ekki einu sinni nálægt því. En ég er með gott bílpróf,“ segir Páll Ásgeir Ásgeirsson, dómari í Gettu betur. En á föstudaginn skýrist það hvort MR eða MA hampi hljóðnemanum í spurningakeppni framhaldsskólanna. Páll Ásgeir segir að landfræðileg skólanna verði höfð í huga þegar spurningarnar eru valdar. „Ég reikna fastlega með því að ekki verði spurt um landafræði Reykjavíkur eða sögu Akureyrar,“ segir Páll.

Dómarinn hefur þegar skilað af sér þeim myndaspurningum sem bornar verða upp í Smáralindinni en honum gefst tækifæri til að bæta við og breyta þeim spurningum sem hvíla aðeins í texta fram á síðustu stundu. Dómarinn viðurkennir jafnframt að hafa geymt góðar spurningar sem kviknuðu snemma í ferlinu fyrir úrslitaþáttinn.„Hvort að það séu bestu spurningarnar er síðan náttúrlega smekksatriði.“ Páll upplýsir jafnframt að keppnin hafi verið erfið á köflum. Og að því sé einnig háttað með þessa dómgæslu eins og aðra; hún sé vanþakklátt starf.

Páll segist ekki hafa tekið neina ákvörðun um hvort hann bjóði fram krafta sína aftur fyrir næsta tímabil. „Mér skilst reyndar að það sé fátítt að sami dómari sitji í dómarasætinu tvö ár í röð. Flestir þroskast frá þessu.“ **- fgg**



**YFIR 1.500 SPURNINGAR** Páll Ásgeir hefur samið yfir fimmtán hundruð spurningar á þeim tíma sem Gettu betur hefur staðið yfir. Þær bestu verða bornar upp á föstudaginn.


3G
NOKIA
XpressMusic
MSN
Facebook
Myspace
og sjónvarpið
í símanum
NOKIA 5610 – 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
4.900 kr.
2.500 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 34.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraða-nettenging.
Frábært fermingartilboð
NOKIA 5610 – skemmtilegur 3G sími með háhraða Internettengingu, góðri myndavél og mp3 spilara.
Í honum er mögulegt að fara á Facebook, Myspace eða MSN og horfa á sjónvarpið í símanum.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
ENNEMM / SIA / NM32552

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

# Á rökkurmiðum

Það bjargast ekki neitt, það ferst, það ferst," kvað Steinn Steinarr fyrir mörgum árum. Ég hef hingað til lítið verið að eltast við heimsendaspár en einhverra hluta vegna rifjast þessi orð iðulega upp fyrir mér þegar sjávarútveg og landsbyggðina ber á góma. Þar sem ég reyni ávallt að vera glaðvær og góð á ég það til að sniðganga fréttir af sjávarútvegi vegna þess að þær vekja hjá mér mikla depurð. Á tyllidögum gorta ég þó af því að vera landsbyggðarmær sem vill veg íslenska geita- og þorskstofnsins sem mestan. Þar sem ég vil ekki verða þekkt fyrir hræsni las ég gaumgæfilega áhugaverðan greinaflokk kollega míns um þorskeldi í Noregi, sem hefur birst í Fréttablaðinu að undanförnu, jafnvel þótt mig sviði af ótta allan tímann.

**„ÞORSKURINN** er íslensk guðsgjöf," sagði Kristján Eldjárn forseti í áramótaávarpi árið 1976 og eru það orð að sönnu. Kristján vitnaði einnig til orða norska sálmaskáldsins Petters Dass sem endur fyrir löngu sagði: „Ef þorskurinn bregst oss, hvað bjargar oss þá?" Þótt langt sé um liðið frá því Kristján lét orð sín um þorskinn falla og enn lengra frá því Petter hinn norski mælti eiga orð þeirra jafn vel við í dag og þá. Nú fækkar í hópi þorska og um leið fækkar krónum til Íslendinga og fólki á landsbyggðinni.

**ÍSLENDINGAR** skammast út í ráðherra fyrir að takmarka aflaheimildir en hvað á hann að gera „þegar miðin eru dauð" svo vitnað sé til annars andans manns. Fyrrnefndur greinaflokkur sýndi að Norðmenn áttuðu sig á því fyrir nokkru að þorskurinn mætti ekki drottna yfir þeim, heillavænlegra væri að drottna yfir þorskinum. Þeir komu því á laggirnar öflugu þorskeldi. Innan fárra ára ætla þeir að framleiða allt að 200 þúsund tonn af eldisþorski á ári, það er 70 þúsund tonnum meira en Íslendingar veiða nú árlega af þorski.

**Í** sumar sigldi ég um Loðmundarfjörð sem nú er í eyði. Um hann orti reiður ábúandi um næstsíðustu aldamót. „Það er ekki þorsk að fá í þessum firði, / þurru landi eru þeir á / og einskis virði." Ekki viljum við að fleiri firðir fari í eyði en til þess að sporna við því þurfum við að feta í fótspor Norðmanna og halda fiskmörkuðum. „In cod we trust" sagði Einar Örn Benediktsson og heimfærði þar með guðsritningu amerískra dollaraseðla. Reyndar sagði Nietzsche að guð væri dauður og þó svo sé þýðir það ekki að trúin sé dauð heldur bjargar fólk sér sjálft. Til hvers að treysta á þorskinn þegar fólk getur sjálft fóðrað hann, slægt hann og selt?



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 11. mars, 71. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.59 | 13.38 | 19.18 |
| Akureyri | 7.46 | 13.22 | 19.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*



*Krómgrind á palli kostar 80.000 kr., lok 140.000 kr. og pallhús 230.000 kr.
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA